



Ávalla fyrirhagjandi:

TIMBUR

Ársmætti

Útpláni

Áðalskiðar

Þakprýð

Sævarar

Ínníðar, stóttar

Ínníðar, auðgætt

Fæðingardagur

Tíðarar

Ínníðar, auðgætt

Ársmætti 1999-2000 1999-2000 1999-2000

Timburverzlunin Vöðundur h.f.

Klaupatung 1000 1000 1000

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1952-1953



- Gefið út í 5500 eintökum -

REYKJAVÍK - 1953 - PRENTSMIÐJAN ODDI H.F.

EFNISYFIRLIT:


	Bls.
<i>Formáli</i>	5
Hákon Bjarnason: <i>Einar E. Sæmundsen, Minningarorð</i>	7
Baldur Þorsteinsson: <i>Um trjákyrbætur</i>	10
Sigurður Blöndal: <i>Mælingar á lerki í Hallormsstaðaskógi 1952</i>	23
Haukur Jörundarson: <i>Skógarförin til Noregs 1952</i>	30
Sigurður Blöndal: <i>Um samband lofthita og hæðavaxtar trjáa</i>	38
Hákon Bjarnason: <i>Starf Skógræktar ríkisins árið 1952</i>	53
<i>Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1951</i>	71
<i>Skýrslur skógræktarfélaganna 1951</i>	81
<i>Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1952</i>	90
<i>Skýrslur skógræktarfélaganna 1952</i>	99
<i>Reikningur Skógræktarfélags Íslands fyrir árið 1951</i>	109
<i>Reikningur Landgræðslusjóðs fyrir árið 1951</i>	112
<i>Smávegis</i>	115

Kápu myndin er af síberísku lerki á Hallormsstað, er gróðursett var sem skjólbelti í mörkinni árið 1922. Myndina tók Sigurður Blöndal sumarið 1952.

FORMÁLI.

Ársrit Skógræktarfélags Íslands kemur nú út í tuttugasta skipti. Er það með líku sniði og verið hefur undanfarin ár. Fyrst í ritinu eru nokkrar greinar um ýms efni, er skógrækt varða, en í síðari hluta þessu eru skýrslur Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna. Greinahöfundar að þessu sinni, augs Hauks Jörundarsonar kennara, eru tveir ungir og nýlega lærðir skógræktarmenn, þeir Baldur Þorsteinsson og Sigurður Blöndal. Baldur lauk prófi í skógrækt frá Landbúnaðarháskóla Dana árið 1951, eins og getið var um í ritinu í fyrra, en Sigurður tók próf við skógræktardeild Landbúnaðarháskólans norska árið 1952.

Undanfarin ár hefur ritið komið út í 5500 eintökum, og verið dreift meðal flestra félagsmanna í skógræktarfélögum landsins. Nú hefur prentkostnaður farið ört hækkandi um nokkur ár, og sakir þess hafa félögin skorið kaup á ritinu við nögl sér, þrátt fyrir það, að meðlimum hafi undanfarið fjölgað mjög ört. Er því nokkuð til af ritum síðustu tveggja ára, en lítið er enn eftir af öðrum árgöngum, og sumir uppseldir fyrir löngu. Samt þótti ekki ástæða til að sinna að minnka upplag ritsins, því að eftirspurn er ávalt nokkur að gömlum ritum. Hins vegar gæti komið til mála að breyta ritinu nokkuð. Skýrslur og fundagerðir eru að vísu nauðsynlegar heimildir, en þetta hvorttveggja er farið að taka upp mjög mikið rúm í ritinu ár hvert, og er því til athugunar, hvort ekki megi stytta. Með því mundi ritið geta orðið ódýrara til félaga. Má því vera, að næsta rit komi út með nokkru öðru sniði.



Einar E. Sæmundsen.

HÁKON BJARNASON:

Einar E. Sæmundsen

fyrirverandi skógarvörður.

MINNINGARORÐ.

Allir menn, sem nokkuð hafa kynnst skógræktarmál-um landsins, auk fjölda annarra, hafa heyrt Einars E. Sæmundsens skógarvarðar getið. Hann gegndi skógarvarðarstarfi um 36 ára skeið, og þótt á ýmsu ylti í skógræktarmálum um hans daga og hann sjálfur ætti við andstreymi að etja, var hann alltaf köllun sinni trúr,

Einar fæddist að Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð hinn 7. október 1885. Faðir hans var Einar sonur Einars hattara Sæmundsen í Brekkubæ í Reykjavík, en móðir hans Guðrún Jónsdóttir Þorsteinssonar frá Surtsstöðum. Ungur að árum fluttist Einar með móður sinni til Vopnafjarðar og ólst upp hjá henni og stjúpa sínum í Syðri-Vík. Einar hlaut gott uppeldi og góða menntun að þeirra tíma hætti, því að eftir fermingu dvaldist hann við nám hjá séra Sigurði Gunnarssyni í Stykkishólmi, en hann var kvæntur föðursystur Einars. Að náminu loknu vandist hann verslunarstörfum um tíma, en skömmu eftir aldamót tók hann þátt í námskeiði hjá Ræktunarfélagi Norðurlands, þar sem hann kynntist Sigurði Sigurðssyni og Stefáni skólameistara Stefánssyni.

Þessi námskeiðsdvöl mun hafa ráðið úrslitum um framtíð Einars. Þegar fjórum ungum Íslendingum gafst kostur á að læra til skógarvarðar í Danmörku árið 1905 var Einar

einn umsækjenda. Og af mörgum, sem sóttu um þetta nám, var hann talinn fremstur af þeim, er velja skyldu mennina.

Árið 1908 kom Einar heim til Íslands aftur með miklar vonir og ákafa starfslöngun. Hann var strax settur skógarvörður að Vöglum og starfaði þar um tvö ár. Þar undi hann hag sínum vel og vildi halda áfram. En þess var ekki kostur, því að hann var kallaður suður á land, og var hann upp frá því skógarvörður í Sunnlendingafjórðungi. Einar flutti mjög nauðugur suður, og er hann hafði verið sunnan lands um fá ár fóru erfiðleikar að steðja að honum. Hann var jarðnæðislaus og átti því hvergi fastan samastað, eins og hann hafði átt á Vöglum, Launin voru mjög lág, því að í upphafi höfðu þau verið ákveðin með hliðsjón af því, að skógarverðir hefðu tekjur af búskap, en þegar fyrri heimsstyrjöldin skall á, héldust launin lengst af óbreytt en dýrtíðin keyrði úr hófi fram.

Varð Einar þá að gefa sig að allskonar öðrum störfum jafnhliða skógræktinni til þess að geta dregið fram lífið og veittist það mjög erfitt samt, því að innan skamms steðjaði að honum mikið heilsuleysi, svo hatramt, að slíkt hefði yfirbugað marga. Fékk hann vöðvarýrnun í hendur og lömun samfara því, svo að eftir það gekk hann aldrei heill til skógar. Þrátt fyrir vanheilsuna gat hann rækt öll sín skógarvarðarstörf á sumrum, og smám saman bötnuðu kjör hans aftur. Má ekki síst þakka það hinni góðu konu hans, Guðrúnu S. Guðmundsdóttur, er hann kvæntist árið 1917. En hún studdi hann og styrkti í öllum erfiðleikum.

Þegar gróðrarstöð var sett upp í Múlakoti tók Einar að sér umsjón hennar að öllu leyti, enda var hún fyrst og fremst upp sett fyrir beiðni hans. Starfaði hann við hana í áratug, og er óhætt að segja, að ekki hafi verið til betur hirtur reitur á Íslandi þau árin. Má segja að Einar hafi lagt grundvöllinn að hinu stórauðna plöntuuppeldi, er nú er að komast á, og er það að mörgu leyti byggt upp á reynslu hans og þekkingu.

Þótt Einar hafi látið af störfum sem skógarvörður árið 1944 sakir vanheilsu er fjarri því að hann hafi þar með hætt að hugsa og starfa að skógrækt. Lesendur Ársritsins munu fæstir hafa vitað, að um mörg ár bjó hann ritið undir prentun af alúð og nákvæmni, og hefur ritið aldrei verið betur úr garði gert hvað málfar snertir en á meðan hann fjallaði um það. Einar var ágætur íslenskumaður og vandaði mjög bæði stíl og réttitun, svo mjög að okkur hinum þótti stundum nóg um hinn stranga skóla hans.

Einar E. Sæmundsen var eins og áður getur afar vel gerður maður að upplagi. Gáfurnar miklar og skarpar, skapið heitt og tilfinninganæmt, fjörið mikið og viðmótið hlýtt. Hagorður var hann ágætlega, en lagði ekki mikla rækt við ferskeytluna hin síðari ár. Og ekki má gleyma að minnst á ást hans til hestanna, því að hestamaður var hann í besta lagi. En þrátt fyrir áhugamál hans á fjölda sviðum, og þrátt fyrir að honum var varla unnt að starfa að skógrækt sakir fátæktar og lágra launa um fjölda ára, var hann samt æskuhugsjón sinni trúr til dauðadags og missti aldrei sjónar á takmarkinu né trú á sigurinn að lokum. Honum auðnaðist að sjá hylla undir framtíðarlandið þegar nýgræðingar frá öðrum löndum fóru að vaxa honum yfir höfuð í reitnum í Múlakoti. Var það lítilsháttar umbun fyrir að hafa staðið trúan vörð alla æfi. Fyrir það, að gefast aldrei upp.

BALDUR ÞORSTEINSSON:

Um trjákyrbætur.

INNGANGUR.

Síðastliðið sumar fór ég til Danmerkur að ráði skógræktarstjóra, til þess að læra ýmsar aðferðir, sem notaðar eru við ræktun trjáfræs og kynnast um leið helstu aðferðum, sem notaðar eru við trjákyrbætur. Er eftirfarandi grein til orðin vegna þessa ferðalags.

Ég dvaldist um tveggja mánaða skeið við Arboret Landbúnaðarháskólans danska í Hörsholm. Orðið *arboret* þýðir trjásafn, sbr. bókasafn, og er í Hörsholm ræktuð sýnishorn af fjölda trjategunda frá Evrópu, Asíu og Ameríku. Verkefni trjásafnsins er fyrst og fremst að sjá skólanum fyrir sýnishornum af trjám og runnum, sem notuð eru við kennsluna í jurtafræði, skógfræði og garðyrkju. En jafnframt því, sem þessum verkefnum er sinnt, fara fram tilraunir með trjákyrbætur, en náð samband er á milli þessara tveggja verkefna.

Forstöðumaður trjásafnsins er dr. C. Syrach-Larsen, sem um margt hefur verið brautryðjandi á sviði trjákyrbóta, og má mikið þakka það hugmyndaauðgi hans og bjartsýni, hve mikið hefur áunnist í þessum efnum hin síðari ár.

Vil ég með þessum línun þakka dr. Syrach-Larsen og öllum samstarfsmönnum hans, hjálp þeirra og vinsemd þann tíma, er ég dvaldi í Hörsholm.

SKÝRGREININGAR.

Trjákyrbætur eru fólgnar í því að rækta tré, sem fela í sér þannig arfgenga eiginleika, að ræktun tegundarinnar verður arðbærari en ella.

Innflutningur trjátegunda telst því aðeins til kynbóta, að um sé að ræða nýjan stofn af einhverjum þeim tegundum, sem fyrir eru í landinu. Innflutningur á sitkagreni til Íslands telst því ekki til trjákyrbóta, en innflutningur á *Betula pubescens* getur talist til kynbóta, vegna þess að íslenzka birkið er sömu tegundar.

Marki því, sem trjákyrbæturnar stefna að, er hægt að ná eftir ýmsum leiðum, t. d. með því að auka vöxtinn, með bættu vaxtarlagi, betri viði og auknu ónæmi gegn sjúkdómum og meindýrum.

Allar kynbætur, hvort sem um er að ræða dýr, jurtir eða tré, byggjast á því, að innan hvernar tegundar er mikill fjöldi einstaklinga, og býr hver um sig yfir sínum sérstöku arfgengu eiginleikum. Hinir ólíku eiginleikar koma þó mismunandi skýrt í ljós, eftir því, hvernig líf skjör einstaklingarnir eiga við að búa.

Trén eru sú grein plönturíkisins, sem verða fyrir mestum áhrifum af völdum lífsskjaranna. Er það vegna þess, hve gömul og stórvaxin þau verða. Beint og hávaxið tré, sem vex í góðu skjóli og frjóum jarðvegi, mundi líta allt öðru vísi út, ef það yxi einstakt í gróðursnaudu holti. Hinir arfgengu eiginleikar trésins eru þó hinir sömu, hvernig sem útlit þess er, og hefur því í erfðafræðinni verið greint á milli eðlisfars (genotype) og svipfars (fænotype). Eðlisfarið eru þeir eiginleikar, sem teknir eru í arf frá foreldrum, en svipfarið er eðlisfarið steipt í mót lífsskjaranna.

KYNBÆTUR BYGGÐAR Á SVIPFARI OG AFKVÆMAMATI.

Þeir þættir lífsskjaranna, sem setja einna mestan svip á útlit trjáanna, eru vindurinn, birtan og jarðvegurinn.

Svipfarið verður því mjög mismunandi eftir því, hvort tréð vex innan um önnur tré í skóginum eða einstætt á berangri. Þótt svipfarsbreytingarnar séu ekki eins áberandi, þegar trén vaxa mörg saman í skóginum, er samt mikill munur á vexti og útliti trjáanna. Má oftast skifta þeim í tvo hópa, annan með stórum trjám, þar sem öll trén eru áþekkt að stærð og útliti, hinn þar sem öll trén eru mun minni en í fyrri hópnum. Þessi skifting stafar aðallega af því, að minni trén hafa orðið undir í baráttunni um ljósið, en sú barátta mótast einna mest útlit trjáanna.

Þótt trén í fyrri flokknnum virðist mjög svipuð að útliti við fyrstu sýn, koma þó í ljós ýms sérkenni, þegar nánar er að gætt. Sum trén hafa gildar greinar önnur grannar, sum eru gild önnur grönn, nokkur bein, önnur bugðótt, trén eru misjafnlega há og þannig mætti lengi



Við fyrstu frjóvgunar-tilraunirnar varð að reisa grindur og palla utan með trjánum. Myndin er af lerkitré í Norður-Sjálandi, sem þótti sérstaklega fagurt og því æskilegt til undaneldis. (Myndin frá Syrach-Larsen og er tekin 1935).

telja. Mismunur þessi stafar oft af ójöfnu vaxtarrými eða smávegis breytileika á jarðveginum, en oft má ætla, að ólíkur vöxtur stafi af ólíku eðlisfari, og þau tré sem hafi gott svipfar hafi einnig gott eðlisfar.

Kynbótaaðferð sú, sem byggist á þessari forsendu, er í stórum dráttum þannig, að safnað er fræi af þeim trjám, sem talin eru best, en síðan er dæmt um eðlisfar þeirra eftir því, hvernig afkvæmi hvers trés vaxa. Þótt helmingurinn af erfðaeigindum fræsins komi frá móðurinni, setja feðurnir einnig sinn svip á afkvæmin, enda kemur það í ljós, að afkvæmi sömu trjáanna eru all ólík frá ári til árs. Ástæðan er sú, að trén víxlfrjóvgast, venjulega á þann hátt, að vindurinn ber frjóduftið á milli trjáanna, og geta því verið mörg hundruð feður að því fræi, sem safnað er af einu tré. Til þess að afkvæmi allra trjáanna verði fyrir sömu áhrifum frá föðurnum þurfa öll trén að frjóvgast með samskonar frjódufti. Til þess að því verði komið við þarf að koma í veg fyrir að frjóduftið berist til blómanna með vindinum. Er það gert á þann hátt, að pappírspoka er smeygt yfir þær greinar, sem bera blóm, og bandi brugðið um opið svo það lokast um



Stúlka að setja frjóvg-unarpoka á furugreinar. Sjá má ágræðsluna á miðjum furustofninum. (Mynd úr Unasylva 1949).

greinina. En áður en pokinn er settur á, verður að tína öll karlblóm af greininni, svo aðeins séu kvenblóm inni í pokanum. Síðan er pípu með frjódufti stungið gegnum pokann og duftinu þyrlað yfir blómin. Er að því búnu límt fyrir gatið.

Ætti að fá úr því skorið, hvaða foreldri gæfi best afkvæmi, þyrfti að æxla öll trén saman tvö og tvö. Þetta er óvinnandi verk, ef um mörg tré er að ræða, og er í staðinn annað hvort notaður samnefnari allra trjána, þ. e. blanda af frjódufti frá öllum trjánum, eða aðeins er notað frjóduft af einu tré, og öll kvenblómin frjóvguð með því. Þau tré, sem geta af sér bestu afkvæmin, eru síðan æxluð saman og fræ af þeim notað til áframhaldandi ræktunar.

KYNBÆTUR VIÐ VÍXLUN TVEGGJA STOFNA EÐA TEGUNDA.

Með því að víxla tvo stofna eða tvær skyldar tegundir, má oft fá fram tré, sem sameina ekki einungis bestu eiginleika foreldra sinna, heldur skara líka fram úr þeim á allan hátt. Kallast það víxlblómi (heterosis), þegar slíkt á sér stað.

Sem dæmi má nefna afkvæmi japanska lerkisins (*Larix leptolepis*) og evrópska lerkisins (*Larix decidua*). Evrópska lerkíð er mjög fallett tré, grannt og beinvaxið, með fíngerðar greinar. Þegar það er flutt frá heimkynnum sínum til annara landa, verður það oft fyrir skakkaföllum af völdum svepps, er nefnist lerkíáta. Japanska lerkíð vex fljótar en fyrr nefnda tegundin og er ónæmt fyrir lerkíátunni, en greinar þess eru gildar og stofninn oft bugðottur. Er viður þess því kostaminni en evrópska lerkisins.

Afkvæmi þessara tveggja tegunda fá í arf útlit evrópska lerkisins og hreysti þess japanska, auk þess sem þau vaxa 20-30 % hraðar en það foreldrið, sem betur vex.

Annað dæmi er víxlun blæspar frá Evrópu og nóturaspar frá Ameríku (*Populus tremula* og *P. tremuloides*).

Afkvæmi þessara tegunda hafa í Danmörk náð 11 m hæð á 5 árum.

Víxlun sem þessa er tiltölulega auðvelt að framkvæma, vegna þess, að hægt er að safna frjódufti af trjánum og senda það síðan landa á milli. Það er því hægt að spara mikinn tíma og fyrirhöfn með því að safna frjódufti af nóturöspinni þar sem hún vex í Ameríku, og senda það síðan til Danmerkur, í stað þess að flytja fyrst inn græðlinga og bíða eftir því að þeir stækki og beri blóm.

Víxlblómi sá, sem áður er lýst, kemur fyrst og fremst í ljós við víxlun tveggja tegunda, en getur þó einnig orðið við víxlun fjarlæggra stofna af einni og sömu tegund, t. d. suðlæggra og norðlæggra stofna.

Hinir suðlæggu stofnar vaxa yfirleitt fljótar en þeir norðlæggu, og hafa menn því oft freistast til að flytja inn til ræktunar fræ af suðlægum stofnum til norðlæggra landa. Oftast hafa slíkar tilraunir mistekist, því haustfrost hafa grandað trjánum, sem vön eru löngum vaxtartíma. Vegna þessarar reynslu hafa menn kosið að víxla austlæga og vestlæga stofna í stað suðlæggra og norðlæggra.

Við tilraunir með víxlun norðlæggra og suðlæggra stofna, telja amerískir vísindamenn sig hafa fært sönnur á, að þær erfðaeigindir, sem ákveða frostþolni og aðra áþekka eiginleika, fylgi eggfrumunni en ekki frjóinu, þ. e. móðurinni en ekki föðurnum. Reynist þetta rétt, opnast ótrúlegir möguleikar til að auka vöxt hinna norðlægu stofna, og gera á þann hátt ræktun þeirra arðbærari en ella.

VAXTARÆXLUN.

Vaxtaræxlun (vegetativ formering) er kynlaus æxlun, þ. e. fjölgun einstaklinganna án þess að frjóvgun hafi farið fram. Vaxtaræxlun er með öðrum orðum fólgin í því, að einhver hluti af plöntunni verður að sjálfstæðri plöntu, sem þó hlýtur að hafa sömu arfgenga eiginleika og móðurplantan, sama eðlisfar, vegna þess að frumur þeirra eru eins.

Vaxtaræxlun getur verið margskonar, en hér verður aðeins getið um ágræðslu, brumgræðslu og fjölgun með græðlingum.

Ágræðslan fer fram á þann hátt, að lítill sproti, græðikvistur, er skorinn af því tré, sem á að æxla, og hann síðan græddur á stofn annars trés. Samgræðslan byggist á því, að vaxtarlag græðikvistsins og stofnsins falli saman og myndi eina heild. Toppurinn á stofninum er stýfður, annað hvort um leið og ágræðslan fer fram, eða smám saman eftir því sem græðikvisturinn vex. (Sjá mynd bls. 17, 1-5).


Brumgræðslan er frábrugðin ágræðslunni að því leyti, að grætt er aðeins eitt brum á stofninn í stað sprota með mörgum brumum. (Sjá mynd bls. 17, 6).

Þegar fjölgað er með græðlingum, er sprotinn ekki græddur á annan stofn, heldur látinn skjóta rótum og á þann hátt mynda nýtt tré. Er mörgum tegundum fjölgað á þennan hátt, t. d. aspar- og víðitegundum. Með þeim aðferðum, sem menn nú kunna, er auðveldara að fjölga fleiri tegundum með ágræðslu heldur en græðlingum, auk þess sem ágræðlingar hafa ýmsa kosti fram yfir græðlinga, sem síðar verður sagt frá.

Við ræktun ávaxta eru ágræðslur mikið notaðar, og er þá oft höfð sú aðferð, að græddar eru greinar af úrvalstrjám á stofn hægvasxa tegunda til þess að flýta fyrir blómgun og aldinþroska. Mætti því ætla, að eitthvað svipað gildi fyrir venjuleg skógartré, og vöxtur og útlit margra ágræðlinga af sama tré yrði breytilegt eftir því, hvernig eðlisfar þeirra stofna, sem grætt er á, væri. Þetta hefur þó ekki komið í ljós í reynd, og er talið, að áhrif þessi séu mjög lítil og gæti ekki, nema um sé að ræða stofna, sem eru mjög frábrugðnir móðurtrénu, um vöxt og eðli.

TRJÁVAL.

Þess er áður getið, að útlit trjáanna mótist mjög af vaxtarskilyrðunum. Einnig geta ýms óhöpp haft mikil



Mollis sp. silvestris aggregata
 Mennel et al. C. Sprick-Laves et al. Mennel 1944.
 (Tilman et al. 1944.)

áhrif á útlit trjána, t. d. ef árssprotinn brotnar af eða dýr eyðileggja endabrumið. Hvort tveggja orsakar það, að hlykkur verður á stofninum, þegar tréð stækkar, enda þótt það sé í eðli sínu beinvaxið, og jafn gott til kynbóta og annað tré, sem ekki hefur orðið fyrir skakkaföllum.

Leiki vafi á því, hvort einhverjir annmarkar á útliti trjána komi af arfgengum tilhneigingum eða ytri orsökum, er hægt að fá úr því skorið með því að rækta græðlinga eða ágræðlinga af trjánum og fylgjast með, hvernig þeir vaxa. Fáir allir græðlingarnir sömu einkenni, er fullvíst að þau eru arfgeng.

Eigi að bera saman arfgengar tilhneingar tveggja eða fleiri trjáa, fæst bestur samanburður með því að fjölga trjánnum með vaxtaræxlun, og gróðursetja þau í röðum, hlið við hlið, þannig að græðlingar af einu tré séu í hverri röð. Öll sérkenni koma miklu skýrar í ljós, þegar þau eru endurtekin hvað eftir annað.

Gróðursetningunni er hægt að haga þannig, að öll trén njóti sem líkastra vaxtarskilyrða, og þótt það sé svipfarið, sem borið er saman, er um leið um samanburð á eðlisfarinu að ræða, því að eðlisfar allra trjána verður fyrir samskonar áhrifum. Dr. C. Syrach-Larsen tók fyrstur manna upp þessa aðferð til að leita uppi tré með gott eðlisfar, og fá um leið samanburð á eðlisfari margra trjáa. Nefnir hann aðferð þessa trjával. Hafa tilraunir hans á þessu sviði beinst að ask, beyki, birki, greni og lerki og gefið góðan árangur.

Með því að fjölga trjánnum með vaxtaræxlun er unnt að rannsaka, hvernig sama tréð vex í ýmiskonar jarðvegi, við ólíka úrkomu eða mismunandi sumarhita. Tréð er þá einskonar lifandi veðurathugunarstöð. Á þennan hátt er líka unnt að reyna, hvernig sama tréð þolir ýmsa sjúkdóma.

Flest kynbótastarfsemi miðast við það, að fylgja einstaklingunum frá vöggju til grafar, og afla þannig vitneskju

um kosti þeirra og galla. Í trjákyrbótum hefur þetta snúist við síðan byrjað var á vaxtaræxlun og trjávali. Þegar plöntur þær, sem teknar voru í trjávalið, vaxa og stækka, koma í ljós þeir kostir, er voru þess valdandi, að eitthvert gömlu trjánna skaraði fram úr öðrum í skóginum. Þar getur verið um að ræða sérstakan vaxtarþrótt, frostþolni, ónæmi gegn sjúkdómum eða einhverja aðra kosti. Má orða þetta þannig, að tréð hafi verið tekið af grafarbakkanum og látið í vögguna aftur.

FRÆRÆKT.

Þegar tekist hefur að finna þau tré, sem hafa best eðlisfar, er næsta viðfangsefnið að fjölga þeim svo, að unnt sé að færa sér kosti þeirra í nyt í víðtækari ræktun.

Einfaldast væri að fjölga trjánum með vaxtaræxlun, en sá er hængur á, að aðferð þessi er of dýr og ekki nógu örugg til þess að hægt sé á þann hátt að framleiða plöntur til meiriháttar framkvæmda. Að svo komnu máli, er besta aðferðin sú, að koma á fót sérstökum fræræktarstöðvum, þar sem gróðursettir eru græðlingar eða ágræðlingar af úrvals trjám, og nota síðan það fræ, sem á þeim þroskast, til þess að ala af því plöntur.

Ágræðlingarnir hafa þann kost fram yfir græðlingana, að þeir blómgast og bera fræ fáum árum eftir ágræðsluna. Við tilraunir hefur komið í ljós, að hægt er að fá ágræðlinga af flestum barrtrjám til að blómgast og bera fræ, þegar þeir eru 5-10 ára. Um verulegt fræmagn er þó varla að ræða fyrr en trén eru 15-20 ára gömul eða eldri, ef þau vaxa á norðlægum slóðum. Þessar tölur eru miðaðar við, að greinar þær, sem ágræddar eru, séu teknar af gömlum fullþroska trjám. Græðikvisturinn vex best ef stofninn, sem grætt er á, er nokkuð gamall. Kvisturinn fær þá stærra rótarkerfi til umráða og um leið meiri næringu úr jarðveginum.

Ef ágræddu greinarnar eru af ungum trjám, er oft allerfitt að fá þær til að bera blóm, jafnvel þótt þær séu

græddar á gamlan stofn. Til þess að flýta fyrir fræþroskanum eru plönturnar stundum sveltar um tíma, annað hvort með því að láta þær vaxa í einhverju íláti, svo að ræturnar geti ekki leitað út í jarðveginn eftir næringu, eða með því að grafa umhverfis trén og skerða á þann hátt ræturnar.

Með mismunandi áburðartegundum er einnig hægt að flýta fyrir fræþroska. Hefur kalk og fosfór reynst best í þeim efnum.

Þessar aðferðir má jafnt nota, þegar gamlar greinar eru græddar á gamlan stofn, og stytta á þann hátt tímann, sem líður þangað til þær bera fræ. Einnig má nota þær við venjuleg tré vaxin upp af fræi.

Áður en vaxtaræxlun kom til sögunnar var oft miklum erfiðleikum bundið að æxla saman tré, sem líkleg þóttu til að gefa góð afkvæmi. Trén eru venjulega allstór, þegar þau byrja að blómgast, og þurfti því að reisa háar grindur umhverfis þau til þess að ná til blómanna, auk þess sem þau tré, sem æskilegt þótti að æxla saman, uxu ef til vill sitt á hvoru landshorni. Með vaxtaræxlun er hægt að safna öllum þeim trjám, sem á að rannsaka, á einn stað, og séu notaðar ágræðslur og aðrar þær aðferðir, sem flýta fyrir blómgun, eru trén ekki stórvaxnari en svo, þegar þau byrja að bera blóm, að ná má til blómanna frá jörðinni. Sparast á þennan hátt bæði tími og vinna.

Í fræræktarstöðvunum er hægt að láta vindinn annast víxlunina með því að gróðursetja þær tegundir, sem á að æxla saman, á einn stað. Er þá aðeins gróðursett eitt tré af annari tegundinni og fræinu safnað af því. Fræið hlýtur þá að vera myndað annað hvort við aðfrjóvgun frá hinum trjánnum, og er þá um leið bastarðfræ, eða það er myndað við sjálffrjóvgun á trénu. Plöntur þær, sem myndaðar eru við sjálffrjóvgun, eru auðþekktar strax í gróðrarstöðinni, vegna þess að þær eru minni og öðruvísi að allri gerð en bastarðplönturnar. Er því hægt að skilja þær plöntur úr strax. Þegar sagt var, að aðeins væri gróð-

ursett eitt tré af annari tegundinni var undanskilið, að því tré er fyrst fjölgað með ágræðlingum, þannig að í fræræktarstöðinni eru mörg tré, sem safna má fræi af.

Fræræktarstöðvunum verður að velja stað þar sem jarðvegur er frjósamur, og öll gróðrarskilyrði eins góð og frekast er kostur á.

Ræktun fræs er enn nýr þáttur innan skógræktarinnar, og því enn ekki fullvíst, hve mikillar uppskeru má vænta af hverjum ha. lands. Í Svíþjóð og Danmörk hafa menn reynt að gera áætlanir um, hve mikið fræmagn fáiast af greni, furu og lerki, og er árangurinn sem hér segir:

Svíar gera ráð fyrir að gróðursetja 7,50 frætré á ha. lands, og að meðaluppskeran verði 15 kg af fræi, jafnt fyrir greni og furu. Þetta svarar til þess, að hver fura beri 170 köngla og hvert greni 50 köngla, að meðaltali á ári. Óhætt mun að reikna með, að 0.2 kg af fræi nægi til þess að ala upp plöntur í einn ha. lands, og endast þá 15 kg í 75 ha.

Dr. C. Syrach-Larsen nefnir sem dæmi um fræmagn á lerki 68 ágræðlinga, 7-8 ára gamla, sem báru 3.805 köngla, en úr þeim fengust 3/4 kg af fræi. Af 750 trjám mundu þá fást 8.3 kg af fræi. Til þess að ala upp lerkiplöntur, sem nægi í einn ha lands, er talið að þurfi 0,4 kg af fræi. Endast þá 8.3 kg í 21 ha. lands. Þetta er nokkuð lítið miðað við grenið og furuna, en þess er að gæta, að plönturnar eru mjög ungar og fræmagnið eykst fram til 25-30 ára aldurs. Er því óhætt að gera sér vonir um, að lokaárangurinn verði ekki síðri en við greni- og furufrærækt.

NIÐURLAG.

Eitt erfiðasta vandamál við skógrækt hér á landi hefur fram að þessu verið fræðflunin. Þótt nokkurn veginn hafi verið úr því skorið, hvaða tegundir geti vaxið hér og hvert á að sækja fræið, verður öflun þess alltaf mjög kostnaðarsöm, og grundvöllurinn undir skógræktarstarfið verður

ekki öruggur fyrr en hægt er að safna mestu af því fræi, sem hér á að nota, innanlands.

Venjulega er fræræktin lokaskrefið á leið kynbótanna. En sökum þess, hve hin innfluttu tré hér á landi eru enn ung, getur sá munur, sem er á einstökum trám í dag, verið horfinn eftir 30-40 ár. Það er því ekki hægt að byggja frærækt hér á sérstökum úrvalstrám, heldur verður að láta nægja að velja af handahófi nokkur tré, og fjölga þeim með ágræðslum, er síðar verða gróðursettar í fræræktarstöðvum. Ef fræræktarstöðvunum er valinn staður þar sem sumarhiti er hæstur, og jafnframt beitt þeim aðferðum til að flýta fræþroska, sem áður er lýst, má búast við, að sá tími styttist að mun, unz hægt er að rækta í landinu allmikinn hluta af því fræi, sem hér á að nota.

HEIMILDARRIT.

- H. Barner: Skovtræforædlingens muligheder. Dansk Skovforenings Tidsskrift 1952.
- H. Johnsson, E. Andersson og E. Stefansson: Anläggning af fröplantager. Svenska Skogsvårdsföreningens Tidskrift 1952, 2.
- C. Muhle-Larsen: Bemærkninger om skovtræforædlingen. D. S. T. 1941.
- Tollef Ruden: Arbeidet med skogbrukets planteforedling i U. S. A. Beretning fra en studiereise høsten 1951.
- Schaffalitzky de Muckadell: Forest Tree Breeding at The Arboretum of Hörsholm. Danish Outlook 1952.
- C. Syrach-Larsen: Skovtræforædlingen 1939-1942. D. S. T. 1942.
- Genotypens bedømmelse hos skovtræer. Svenska Skogsvårdsföreningens Tidskrift 1947, 6.
- Advances in Forest Genetics. Unasylva 1951. V, 1.
- De skaber fremtidens skove. Vor Viden 23. hefti.
- Arboretet i Hörsholm og Forstbotanisk Have i Charlottenlund 1948.
- C. Syrach-Larsen og E. Magius: Podning og okulering af skovtræer. D. S. T. 1944.
- Ö. Winge: Arvelighedslære 1945.

SIGURÐUR BLÖNDAL:

Mælingar á lerki í Hallormsstaðaskógi 1952.

INNGANGUR.


Til eru í Hallormsstaðarskógi tveir árgangar af síberísku lerki frá því fyrir heimsstyrjöldina síðustu (sjá grein Guttorms Pálssonar í Ársriti Skógræktarfélagsins 1947). Hinn fyrri var gróðursettur árið 1922. Uppruni fræsins er ókunnur. Hinn síðari var gróðursettur á árunum 1937-1939. Fræið er upprunnið í Arkangelskhéraði í Rússlandi.

Sumarið 1952 voru mælingar gerðar á lerki þessu, og skal nú skýrt frá árangri þeirra í fáum orðum.

ELDRA LERKIÐ.

Lerkið frá 1922 var gróðursett á 6 stöðum. Samanlagt flatarmál hinna 6 hólma er 600 *fermetrar*. Árið 1945 var það mælt í heild í fyrsta sinn. Árangur þeirra mælinga er birtur í Ársritinu 1947. Í töflu I sjást niðurstöður mælinganna s.l. sumar. Til samanburðar eru þar settar tölurnar frá 1945.

Athygli skal vakin á því, að hólmi nr. IV hefur ekki verið grisjaður enn, því að þar voru trén gróðursett gisnast í upphafi. Raunveruleg hækkun meðalhæðarinnar sést því aðeins þar. Í öllum hinum hólmunum sýnir tafla I að nokkru leyti falska hækkun meðalhæðarinnar, því að



Two men in a field near the entrance to the forest. The man on the left is wearing a light-colored shirt and dark trousers. The man on the right is wearing a dark shirt and light-colored trousers. The photograph is oriented horizontally on the page.

lægstu trén hafa verið felld, en þau lækkuðu meðalhæðina. Í hólma nr. VI höfðu þó engin tré verið felld fyrr en s.l. sumar, er lerkíð var mælt. Meðalhæð standandi og felldra trjáa þar reyndist 6,40 m. Raunveruleg hækkun meðalhæðarinnar í hólma VI síðan 1945 var 2,30 m, eða 33 cm á ári til jafnaðar s. 1. 7 ár.

YNGRA LERKÍÐ.

Arkangelskerkið var gróðursett á tveimur stöðum í skóginum. Aðalhlutinn hefur nú verið nefndur Guttormslundur eftir Guttormi Pálssyni skógarverði. Árið 1947 var allmikið af trjám tekið upp með hnaus og sett niður í áframhaldi af hinnu upphaflegu gróðursetningu. Hefur þessu verið haldið nokkuð áfram á hverju ári fram að þessu. Við það hefur lundurinn stækkað um 1/10 úr hektara. Samanlagt flatarmál lerkilundanna beggja er nú 0,92 ha. Þar af er Guttormslundur 0,63 ha.

Viðarmælingunum var hagað á þá lund, að afmarkaður var flötur í Guttormslundi, 1000 fermetrar (1/10 úr hektara) að stærð. Voru öll trén á þessum fleti mæld. Hvert tré er númerað. Þá eru öll trén merkt þannig, að þvermál þeirra verði ávalt mælt á nákvæmlega sama stað, en þau verða í framtíðinni mæld á jöfnu árabili, t. d. fjórða hvert ár.


Niðurstöður mælinganna á þessum fleti sjást í töflu II.

TAFLA II.

Síberískt lerki gróðursett á Hallormsstað 1939.

Fræið frá Arkangelsk.

	Aldur ár	Þvermál á 1 m	Meðal- þvermál cm	Gerend. á 1 m á 1 ha	Meðal- hæð m	Vöxtur (cm) á ári	Meðal- álfur á 1 ha
Standandi tré	13	4990	5,38	11,30	4,51	37,95	2,92
Felld tré ...		600	4,00	0,78	4,00	2,03	
Samanlagður vöxtur						39,98	3,08



Die Leinwand des Buchrückens 1012. Teil 1012/1013

Utan þessa tilraunaflatar var mæld hæð á nokkrum trjám, sem virtust sérlega há. Niðurstaða þeirra mælinga reyndist:

1 tré 7,10 m
 2 - 6,60 -
 6 - 6,50 -
 3 - 6,40 -
 Mörg tré ca. 6,20 m.

Hins vegar reyndist hæsta tréð á fletinum sjálfum 6,20 m og lægsta 3,00 m.

SAMANBURÐUR VIÐ

NORSKAR LERKIMÆLINGAR.

Til þess að menn hafi einhverjar tölur frá öðrum löndum að miða við set ég hér í töflu III tölur yfir japanskt og evrópískt lerkí, sem gróðursett hefur verið í Vestur-Noregi á tveimur flötum Skógtílaunastöðvarinnar í Bergen. Yfir þessar tegundir hef ég aðeins tölur við 20 og 22ja ára aldur. Á báðum stöðunum er miðlungsgóður jarðvegur, þó heldur lakari undir evrópska lerkínu.

TAFLA III.

Samanburður á japönsku og evrópsku lerkí, gróðursettu í Vestur-Noregi, og síberísku lerkí, gróðursettu á Hallormsstað.

Tegund	Aldur ár	Meðalhæð í m Standandi tré	Viðarm.	Meðalársv.
			í m ³ á ha	
Japanskt lerkí	20	11,15	145	1.3
Evrópskt lerkí	22	5.99	46	2.1
Síberískt lerkí (mæling, 1945)	23	5.60	64	2.8
Síberískt 1. (Guttormslundur)	13	4.51	40	3.1

Eins og sjá má af töflu III, stenst eldra lerkíð á Hallormsstað samanburð við evrópska lerkíð í Noregi, að því

er vöxtinn varðar. Hins vegar skortir mikið á, að hægt sé að bera það saman við hið japanska. Aftur er svo að sjá sem yngra Hallormsstaðarlerkið myndi ekki standa hinu japanska, sem um getur í töflu III, mjög að baki, er það hefur náð 20 ára aldri. Og greinilegt er, að yngra Hallormsstaðarlerkið vex langtum hraðar en hið eldra.

HAUKUR JÖRUNDARSON:

Skógarförin til Noregs 1952.

Loks leggur „Brandur“ (Brand V) frá hafnarbakkanum 29. maí 1952. Í hópi þeim, sem hér verður frá sagt, vorum við 62 Íslendingar, flestir ungir að árum en allir ungir í anda.

Víst er, að allir lögðu í för þessa fullir eftirvæntingar, enda ekki tiltökumál. Fæst okkar höfðu nokkru sinni hleypt heimdraganum, og nú skyldi haldið til Noregs. Ég er viss um, að ekkert land er í okkar augum jafn girnilegt til fróðleiks eða hjúpað meiri ævintýraljóma en Noregur. Ástæðurnar til þess eru eflaust margar, þótt fornsögurnar og síðari bókmenntir Norðmanna eigi mestan þátt í þessu.

Ævintýrið var þó helst til hversdagslegt fyrst í stað fyrir sum okkar, því sjóveikin gerði nokkuð vart við sig. Flestir hresstust brátt, og best heildarmynd af heilsufarinu um borð í „Brandi“ mun fást með því að tilfæra umsögn Fauskes framkvæmdastjóra skipsins, en þau voru á þá leið, að við Íslendingarnir hefðum etið 2-3 sinnum meira en jafnmargir skógar menn norskir sem komu með „Brandi“ til Íslands.

„Brandur“ kom við í Þórshöfn og dvaldi þar einn dag. Gafst okkur þá kostur á að sjá Þórshöfn og umhverfi hennar. Einnig skruppum við að Kirkjubæ og heilsuðum upp á Pál bónda Patursson. Áttum við þar hinum bestu móttökum að fagna. Sýndi Páll okkur staðinn og sagði okkur sögu hans. Var þetta bæði skemmtilegt og fróðlegt,

en ekki er hér tækifæri til þess að fjölyrða um þetta. Þess má aðeins geta, að ekki olli málið hér neinum erfiðleikum því Páll talar lýtalausa íslensku enda íslenskur að móðerni en faðir Páls var hin kunna frelsishetja Færeyinga Jóannes Patursson. Páll hefur fetað í fótspor föður síns. Vonandi tekst honum að sjá draum föðursins rætast, þ. e. frelsi Færeyingum til handa.

Áfram brunar fleyið. Að kvöldi 3. júní sást Noregsströnd í fjarska. Lítið mun hafa orðið um svefn hjá mörgum þessa nótt, enda margt nýtt, sem fyrir augað ber á siglingunni milli hólma og skerja, inn til Bergen.

Hólma og sker þekkjum við að vísu hér heima mæta vel, en þessir norsku hólmar hafa allt annan svip, og veldur mestu um, að hér er það skógurinn, sem klæðir landið. Strax eftir að í land var komið hafði ég samband við Reidar Bathen fylkisskógmeistara. Brá hann við skjótt, kom á skipsfjöl og spjallaði við okkur. Þótti honum leitt að hafa ekki verið á hafnarbakkanum þegar við komum, en honum hafði reynst það jafn erfitt og okkur hér heima, að fá að vita hvenær „Brandi“ myndi þóknast að halla sér að hafnargarði. Þó leið ekki á löngu áður en fulltrúar frá Vestmannalaget og Norges Ungdomslag voru þarna komnir. Þessir þrír aðilar höfðu komið sér saman um ferðaáætlun, en allt okkar áttum við undir þeim.

Þennan dag fórum við Íslendingarnir um Bergen og nágrenni. Ef okkur hefði ekki verið það ljóst fyrr en nú, þá er það alveg víst, að eftir þessa ferð hlaut það að liggja í augum uppi, hve forn og ný ætta- og menningartengsl eru nán milli Norðmanna og Íslendinga. Því hver getur neitað uppruna sínum þegar sagt er: „Á þessu nesi reisti Egill Skallagrímsson níðstöng Eiríki konungi Gunnhildarsyni.“ Það snerti og streng í brjóstum okkar, þegar við sáum minnismerki Björnstjerna Björnsons, Griegs og Ole Bulls o. fl. o. fl. Einn af ferðafélögunum mínum komst svo að orði, að ævintýri hefði hann heyrt en hér gerðust þau.

Að kvöldi þessa dags var okkur Íslendingunum haldið boð að hóteli einu í Bergen. Var þar geði blandað, ræður haldnar og norsk þjóðlög spiluð. Til gamans skal það nefnt að einn Norðmannanna sagði í ræðu sinni, að nú hefði hann lært eitt orð í íslensku en það væri orðið eldspýta og ólíkt fyndist honum það fallegra en orðið „fyrstikk“, og héðan í frá skyldi hann leggja sig allan fram að útbreiða orðið eldspýta í stað hins. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þessi dagur mun verða Íslendingunum ógleymanlegur. En því get ég hans sérstaklega, að hann er fyrsti dagurinn, er við dvöldum í Noregi að þessu sinni, og jafnframt er hann dæmi um móttökurnar og aðbúnað allan í Noregi þann tíma, sem við dvöldum þar. En dvöl okkar þar var hvarvetna frá Norðmanna hálfu, mörkuð af gestrisni og vinsemd alla þá stund, sem við dvöldum þar.

Daginn eftir var haldið sem leið liggur frá „Brandi“ okkar góða að Flöybanen, en með lest þessari fórum við í 300-400 m. hæð frá sjó. Þessi hluti Flöyenfjalls er nú vaxin skógi ýmissa tegunda. En fyrir 60-70 árum var hér skóglaust með öllu. Bergensbúar höfðu með rányrkju útrýmt skóginum eins og gerst hafði á fleiri stöðum á Vesturlandinu. En síðan hefur stöðugt verið plantað í fjallið margs konar tegundum eins og fyrr segir og með mismunandi árangri. Ekki veit ég hvort ég á heldur að segja, að við værum heppin eða óheppin með veðrið, en þennan dag var stormur og kraparegn. Könnuðumst við Íslendingarnir við þetta sem hvert annað vorhret, og var okkur sagt, að þetta væri algengt á þessum slóðum þótt áliðið væri vors. Bergen er, sem kunnugt er, mun sunnar á hnettinum en Ísland. En hér vóg það að nokkru á móti, hve við vorum í mikilli hæð yfir sjávarmál. Furðaði okkur mest á því hve jarðvegur virtist víða lélegur, og svo hinu ekki síður, hve aðfluttar plöntur útlandar skákuðu sumar hverjar þeim innlendu algjörlega að vexti og viðgæðum. Hér voru einnig augljós hin óbeinu not skógarins. Milli skógarlundanna varð fjallið miklu grösugra,



Þátttakendur í skógræktarförinni á bryggju í Bergen.

(Ljósm. Guðjón Jónsson).

heldur en þar, sem ekki hafði enn verið plantað. Fjallganga þessi varð nokkuð hraðari en gert hafði verið ráð fyrir. Átti illviðrið sök á því. Héldum við sem leið liggur niður að veitingahúsi Fløyenfjalls. Þar var okkur veisla haldin af Skógræktarfélagi Noregs.

Nú nálgast skilnaðarstundin. Frá skipshlið „Brands“ héldu tveir stórir bílar með 40 af okkar hópi undir leiðsögn Bathens. Nokkuð gekk það stirt að koma hópnum af stað. Höfðum við Bathen báðir sleppt okkur, áður en allir voru komnir á sinn stað í bílunum. Skaut hér upp kollinum gamla íslenska óstundvísin. Allt blessaðist þetta þó að lokum, og bílarnir náðu í ferju þá, sem þeir voru bundnir. Get ég um þetta vegna þess, að hér var um eina atvikið að ræða í allri förinni, sem ekki gekk eins og best varð á kosið. Má af því ljóst vera, hve ferðin gekk í alla staði að óskum, að þetta skyldi verða mesta erfiðleikastundin í allri ferðinni.

Bathen hélt með hóp sinn suður á Harðangur. Við hin færðum föggur okkar yfir í hraðferjuna „Vesterålen“ sem siglir innan skerja meðfram strönd Noregs. Var lagt af stað til Álasunds, en þangað var ferðinni heitið með skipum, að kvöldi. Vorum við úti á meðan birta leyfði og dáðumst að fegurð láðs og lagar. En fegurð Noregsstrandar er viðbrugðið, ekki síst einmitt á þessum slóðum. Síðar skemmtum við okkur við söng í reyksal skipsins.

Á hafnarbakkanum í Álasundi tóku á móti okkur Ringset formaður Skógræktarfélags Noregs, fulltrúi bæjarstjórnarinnar og Hans Berg skógfræðingur. Er við höfðum skoðað bæinn og umhverfi hans, sátum við hóf bæjarstjórnar Álasunds.

Enn tvístraðist hópurinn. Skiptist hann í tvennt. Er ég hafði dvalið á Suðurmæri í 3 daga hélt ég aftur suður á bóginn um Bergen til Hörðalands. Heimsótti ég landa mína alla. Hafði Bathen dreift þeim á þrjá staði (Uskedal, Havn og Ullvik) .

Allt of langt yrði að rekja atburðarás hvers flokks fyrir sig. En þetta skal sagt um dvölinna í heild: Ekki vorum við heppin með veðrið þann tíma, sem við dvöldum í Noregi. Vorið hafði verið óvenjugott en nokkru áður en við komum út, hafði breytt mjög til hins verra. Oft var sagt við okkur: „Þið hefðuð átt að vera hálfum mánuði fyrr á ferðinni, þá hefðuð þið séð land okkar klætt fegursta skarti t. d. ávaxtatrén í fullum blóma.“ Annars má segja, að það sem á vantaði af veðursins hálfu, hafi verið bætt upp með viðmóti allra Norðmanna, sem við komumst í kynni við. Meðan á vinnunni stóð var það nær föst regla Norðmanna, að gera allt það, sem verða mátti okkur til yndisauka, að dagsverki loknu. Var ýmist „ball på brygga“, farið í leiki, boðið í skemmtiferðir eða farið í heimboð til Norðmanna. Satt að segja var ekki örgrant um að ég væri tekinn að óttast að erfitt yrði að fá allt blessað fólkið heim aftur. Það tókst þó allt vonum fram-



Við gróðursetningu í Uskedal.

(Ljósm. Ól. Steinsson).

ar. Enda var sættst á það að heimsækja hvert annað, sem allra fyrst. „Gjöf skal gjaldast ef vinátta á að haldast.“

Norðmenn hafa gert mikið fyrir skógræktina þar í landi. Skal hér lauslega dregið á það helsta. Fyrst var skógsskóli stofnaður að Kongsbergi, en 1859 var stofnsett sérstök deild fyrir skógfræðinga við Landbúnaðarháskólann í Noregi. Skógræktarfélag Noregs var stofnað 1898. Félagið hefur veitt margvíslega aðstoð við skógrækt bæði peningalega og látið plöntur af hendi og fræ eftir þörfum. Árið 1919 hófst svo allsherjar mat á skógum Noregs. Mat þetta leiddi það í ljós, að mikið af skógunum varð að yngja upp með útplöntun. 1932 voru sett ný lög um skógvernd og 1938 lög um stórfelda áætlun um endurreisn skóga í Noregi, bæði með verndun eldri skóga og plöntun nýrra skóga. Ríkið og ýms félagasamtök, s. s. sveitafélög, ungmennafélög og skógræktarfélag leggja fram mikið fjármagn til þessara framkvæmda. Sömuleiðis bankar, spari-

sjóðir, tryggingarfélög o. fl. Norðmenn leggja nú stórfé fram til skógræktar og telja það borga sig vel og vera óhjákvæmilega nauðsyn. R. Bathen sagði við mig:

„Okkur vantar ekki peninga til skógræktar í Noregi í dag.“

Víða sést árangur þessa.

Kannske ég nefni Lars Haugland Uskedal í Harðangri sem dæmi. Fyrir 16 árum hóf hann skógplöntun á afgirtu svæði skóglausu. Fyrst plantaði hann lerki en síðar hvítgreni og sitkagreni. Á hverju ári hefur hann síðan plantað í allstóra spildu og 1952 varð til vísir að „Íslendingalundi“ hjá Lars. Á þessum slóðum er svo til skóglaust. að smávöxnu birki undanskildu. Andbýlingur Lars í dalnum skopaðist lengi að honum fyrir þetta uppátæki, en nú er hann sjálfur að hefjast handa með skógrækt.

Að kvöldi dags 16. júní hittumst við Íslendingarnir allir í m/s Heklu í Oslo. Var þar hinn mesti fagnaðarfundur. Bæði var það að nú hittumst við allir að nýju, skógræktarmennirnir og líka hitt að nú hittum við landana um borð í Heklu.

Þjóðhátíðardaginn dvöldum við í Oslo. Fulltrúi Norræna félagsins fylgdi okkur um borgina og sýndi okkur allt hið merkasta. Að kvöldi þessa dags heimsóttum við Bjarna Ásgeirsson, sendiherra. Var þar margt um manninn, um eða yfir hundruð manns samtímis. En þarna var tekið á móti okkur af mikilli rausn og myndarskap eins og von og vísa var af þeim hjónum.

Um kvöldið sigldum við frá Oslo og kvöddum Noreg með söknuði. Lögð var lykkja á leiðina, þ. e. komið við í Gautaborg. Var það skemmtileg viðbót við förina.

Á heimleiðinni áttum við því láni að fagna að hafa ágætt samferðafólk, sem var á skemmtiferð á vegum Ferðaskrifstofunnar og ekki spillti skipshöfnin ánægjunni. Meðfram strönd Íslands sigldum við í afar fögru veðri, þótt ekki væri hlýtt. Svo kyrrt var í sjó, að siglt var milli Dyrhóladranganna og lands, en slíkt er fátítt að hægt sé.



Að loknu dagsverki hjá Lars Haugland.

(Ljósm. Guðjón Jónsson).

Þótt útivistin væri ekki löng, þá veit ég að það reyndist hér sem endranær, að jafnan er þó best að koma heim til Íslands.

Þegar litið er yfir farna för hlýtur að vakna sú spurning hver hefur árangurinn orðið? Að sjálfsögðu verður aldrei hægt að svara þeirri spurningu til fullnustu, en þetta er víst: Þátttakendunum óx trú á skógrækt við förina. Það er blindur maður, sem ekki getur numið og eignast ýmislegt í för sem þessari, er verða mun til gagns, gleði og ánægju á komandi dögum. Og ekki er það síst að hafa kynnst og tengst frændum okkar Norðmönnum vináttuböndum. Hafi því Anderssen-Rysst, sendiherra Norðmanna á Íslandi, bestu þakkir fyrir þessa góðu hugmynd, svo og aðrir þeir, sem sáu um framkvæmd alla.

SIGURÐUR BLÖNDAL:

Um samband lofthita og hæðarvaxtar trjáa.

INNGANGUR.

Þessi grein er rituð til þess að skýra lesendum Ársritsins frá rannsóknnum, sem gerðar hafa verið á Norðurlöndum, um sambandið milli hitastigs og trjávaxtar. Svo vill til, að hinar athyglisverðustu þeirra, rannsóknir norska skógfræðingsins, dr. Elíasar Morks prófessors, á hæðarvexti rauðgrenis, voru gerðar að verulegu leyti í fjallaskógi, mjög skammt neðan við skógarmörk. Vaxtarskilyrðum á þessum stað svipar í ýmsu til þess, sem víða gerist hér á Íslandi. Fyrir því má ætla, að niðurstöður próf. Morks geti varpað ljósi á sum veigamikil atriði í sambandi við skógrækt hér á Íslandi. Einkum varðar þetta muninn á vaxtarskilyrðum úti við sjávarstrendur og inn til landsins. Tókst honum að finna öruggari mælikvarða á verkun hitans á vöxt trjáanna en þann, sem einkum hefur verið notaður til þessa.

Áður en skýrt verður frá rannsóknnum Morks, mun með fáum orðum gerð grein fyrir niðurstöðum annarra athugana á sambandinu milli hitastigs og trjávaxtar.

I. HITASTIG OG ÞVERMÁL SVÖXTUR.

Árin 1901 og 1902 voru sumrin mjög ólík í Svíþjóð, hið fyrra afarhlýtt, hið síðara mjög kalt. Þetta varð til-

efni þess, að einn fremsti skógræktarvísindamaður, sem Svíar hafa átt, Henrik Hesselman prófessor, tókst á hendur að rannsaka nánar vöxt trjána þessi ólíku sumur. Hann athugaði því þvermálsvöxtinn á furu um 10 ára bil, 1895-1904. Eftir samanburð við veðurathuganir þessi sömu ár fann hann, að náðið samband er milli sumarhita og þvermálsvaxtar: Við lítinn hita verða áhringirnir mjóir, en breiðir við mikinn hita.

Hins vegar fann hann ekki slíkt samband milli úrkomu og vaxtar. Þannig var t. d. óvenjumikil úrkoma hið kalda sumar 1902, en það ár var þvermálsvöxtur furunnar sérlega lítill.

Síðar hafa margir aðrir gert svipaðar athuganir og hafa þær ekki haggað meginniðurstöðum Hesselmans, en hins vegar bætt ýmsu við. T. d. sýnt fram á, að hið sama á sér stað hjá rauðgreni. Enn fremur, að hitabreytingarnar verka á þvermálsvöxtinn með hlutfallslega sama styrkleika, hvort sem trén vaxa í góðum eða slæmum jarðvegi, í þéttum eða gisnum skógi og á þurrlendi eða deiglendi.

Nú kann það að virðast einkennilegt, að úrkoman skuli ekki hafa nein áhrif á vöxt þessara tegunda. En einn vísindamaður a. m. k. hefur hugsað sér eina orsök þess þá, að hér á norrænum slóðum, þar sem úrkoma er víða tiltölulega mikil, þurfa sennilega að koma *mörg* hlý og þurr sumur eða *mörg* köld og rök sumur í röð til þess að grunnvatnshæðin breytist svo, að áhrif á vöxtinn komi í ljós.

Þar eð fullvel hefur nú komið í ljós, að breidd áhringja trjána fer mjög eftir sumarhitnum, hafa menn með áhringjarannsóknnum fundið aðferð til þess að afla nokkurra upplýsinga um þennan þátt veðurfarsins aftur í tímann. A. m. k. er hægt að sjá sveiflur frá ári til árs, þótt erfiðara kunni að reynast að ráða hitastigið.

II. HITASTIG OG HÆÐAR VÖXTUR.

Elstu athuganir.

Sumarið 1874 var bæði kalt og rigningasamt í Noregi. Þrátt fyrir það voru ársprotar trjáanna furðulangir. Þetta fyrirbrigði olli því, að norskur skógarvörður setti eftirfarandi klausu í skýrslu sína til skógræktarstjórans:

„Hinn mikli hæðarvöxtur hlýtur að mínum dómi að stafa af því, a. m. k. að einhverju leyti, að sérhver ársproti liggur undirbúinn í brumknöppum fyrra sumars. Vöxtur næsta sumars byggist á þessum undirbúningi.“

Svíinn Hesselman, sem fyrr var nefndur, rannsakaði hæðarvöxt furunnar árin 1900-1903, og staðfestu þær rannsóknir ályktun hins norska skógarvarðar, að *hæðarvöxturinn fer fyrst og fremst eftir sumarhita ársins áður*.

Hesselman rökstuddi niðurstöðu sína með því, að á hlýju sumri safnist fyrir næringarforði í trénu. Magn næringarforðans telur hann, að ráði myndun brumknappsins. En í honum má þegar greina fjölda barnálapara og dvergspota, sem fram koma á ársprotanum næsta sumar.

Austurrískar, svissneskar og norskar rannsóknir hafa síðar styrkt niðurstöður Hesselmans, og eru þær nú almennt viðurkenndar.

Geta ber þess strax, að t. d. í Miðevrópu gætir áhrifa úrkomunnar á vöxtinn meira en á Norðurlöndum. Sökum hærri sumarhita þar og þá jafnframt meiri uppgufunar, geta hlý og þurr sumur dregið úr vexti.

Rannsóknir Elíasar Morks.

Mork prófessor hóf rannsóknir sínar á hæðarvexti rauðgrenis árið 1934 í skógi, sem liggur á heiðinni milli Austurdals og Guðbrandsdals í Noregi. Nefnist staður þessi Hjarðkjölur.

Trén, sem rannsökuð voru, stóðu 960 metra yfir sjávarmál.

Í fyrstu var ætlun hans að mæla hæðarvöxt í því skyni að ákvarða lengd vaxtartímans í þessum fjallaskógi. Mældi hann þá ársprota trjáanna daglega kl. 19. Þessar mælingar leiddu skjótt í ljós, að greinilegt samband var milli hitastigs hvers dags og hæðarvaxtarins.


Í riti, sem Mork gaf út árið 1933 og nefndist „Þýðing hitastigsins við sjálfgræðslu í greniskógum Norður-Þrændalaga“, hafði hann eftir rannsóknir á spírunartíma grenifræsins í skógarjarðvegi umreiknað hitastigsverkunina í svonefndar „spírunareiningar“. Á þann hátt tókst honum að sýna, hver áhrif hitinn hefði á spírur við mismunandi hitastig frá 8°C til 30°C.

Þegar honum varð ljóst, hve mjög hæðarvöxturinn fylgdi hitasveiflum einstakra daga, sá hann, að mikið hagræði væri að því, ef takast mætti að sýna í tölum á hliðstæðan hátt, hver áhrif hitinn hefði á trjávöxtinn við hin ýmsu hitastig. Hóf hann athuganir á þessu í fjallaskóginum á Hjarðkili.

Mork taldi óhætt að reikna með, að í fjallaskógunum væri hitinn undir öllum kringumstæðum lágmarkspáttur vaxtarins. Allt bendir til, að sama lögmál gildi hér á Íslandi.

Prófessor Mork sameinar í ríkum mæli hugmyndaflug og samvirkusemi vísindamannsins og handlægni og hugkvæmni athafnamannsins. Það sýnir betur en flest annað hið einfalda, en nákvæma tæki, sem hann smíðaði til þess að mæla hæðarvöxt grenisins. Þetta var sjálfritari, sem settur var í samband við trjátoppinn og teiknaði línurit yfir vöxtinn frá klukkutíma til klukkutíma, alveg á sama hátt og hitastigssjálfritarar þeir, sem notaðir eru í veðurathugunarstöðvum. - Freistandi væri að lýsa gerð hans nánar til þess að sýna, hvernig oft er hægt af litlum efnum að svara flóknum spurningum. En því skal sleppt hér.

Mælingum þessum var haldið áfram nokkur sumur í röð, bæði á Hjarðkili og einnig að Ási við innanverðan Oslófjörð.



Hæðarvöxtur og hitastig á ýmsum tímum dags. Hjarðkjölur 1940. Myndin eftir Mork 1941.

Árangur mælinganna í fjallaskógi.

Á línuriti því, sem sjálfritarinn dró upp, kom í ljós, að vöxturinn stóð í stað frá kl. 6 að morgni til kl. 12 á hádegi, en mestur var hann um kl. 20 að kvöldi.

Ef borin eru saman línuritin yfir vöxt og hitastig (sjá mynd 1), sést, að milli þeirra er góð samsvörun. Vaxtarlínuritið var aðeins fært til um 6 klukkustundir í hlutfalli við hitastigið, því að hámarksvöxtur kom um 6 stundum eftir, að hámarkshitastigi var náð. Þegar vöxturinn var kominn á skrið, reyndist þetta mjög reglubundið.

Dagleg sveifla vaxtarins var þá slík, að frá kl. 6-12 lá hann alveg niðri, hófst um 12-leytið, steig jafnt og þétt til kl. milli 20 og 22, er hann náði hámarki, og rénaði síðan jafnt til kl. 6 að morgni.

Þetta 6 stunda bil milli vaxtar- og hitastigslínuritanna telur Mork, að sé mælikvarði á það, hve langan tíma tekur að flytja næringarefnin, sem myndast í barri trjáanna, til vaxtarstaðanna.

Árangur mælinga á láglendi.

Mælingar, sem gerðar voru á sama hátt að Ási við Oslófjörðinn, gáfu yfirleitt sömu niðurstöður og mælingarnar á Hjarðkili. Vöxturinn náði hámarki um 6 stundum seinna en hitastigið og lá niðri frá kl. 6-12 fyrir hádegi.

En á Ási birtist nýtt fyrirbrigði, sem ekki hafði gert vart við sig í fjallaskóginum: Um kl. 20 dró oft úr vexti dálitla stund, og náði hann svo hámarki eftir það, eða um 22-leytið.

Orsökina telur Mork þá, að kl. 14-16 á daginn, þegar hitinn er mestur, geri nokkur rakaskortur í jarðveginum vart við sig. Útgufunin gegnum loftaugu barrnálanna verður meiri en nemur því, sem tréð getur sogið úr jörðu. Trén draga þá saman loftaugun til þess að halda betur í sér raka. Samtímis minnkar kolsýrunámið að sama skapi. Afleiðingin verður hægari vöxtur um stundarsakir.

Þegar sunnar dregur, þar sem sumarhiti er mikill, virð-

ist því mega ætla, að hæðarvöxturinn fari ekki einungis eftir hitastigi, heldur geti rakaskortur einnig haft áhrif.

Eins og áður er greint, virðist úrkoman í skandínávískum fjallaskógi vera nægileg til þess, að trén þurfi ekki að tempra útgufunina við þau hitastig, sem um er að ræða. - Bendir allt til, að hið sama muni gilda hér á Íslandi.

Lengd vaxtartímans.

Í upphafi og við lok vaxtartímans er hæðarvöxturinn svo hægur, að erfitt er að mæla, hvenær hann hefst og hvenær honum lýkur. Því var það ráð tekið að skýrgreina vaxtartímann sem það tímabil, er líður frá því, að 5% af fullri lengd sprotans eru vaxin, þar til 5% eru eftir. Mork reiknar þannig hin 90%, sem á milli liggja, sem vaxtar-tímann.

Ef athugað er takmarkað svæði, eins og t. d. skógurinn á Hjarðkili, kemur í ljós, að vaxtartíminn lengist eftir því sem hitastigið lækkar, t. d. eftir því sem ofar dregur í hlíðar. Á hinn bóginn er svo að sjá sem vaxtartíminn lengist eftir því sem sunnar dregur, enda þótt hitastigið hækki yfir vaxtartímann. Mork telur, að í þessu þurfi ekki að felast mótsetning við fyrri fullyrðinguna, þar eð rakaskortur fari að gera vart við sig, er sunnar dregur, og stuðli að lengri vaxtartíma. Þetta sést, ef borinn er saman vöxturinn að Ási og á Hjarðkili. Upp til fjalla, þar sem raki í jarðveginum var ætíð nægur, fundust þess dæmi, að hæðarvöxturinn á einstaka hlýindadegi varð 7% af fullri lengd ársprotans, en að Ási aldrei meiri en 5%.

Svo sem fyrr var greint, má fullvíst telja, að við myndun brumknappsins að hausti sé lengd ársprotans næsta sumar ákvörðuð. Fer það eftir veðrinu vaxtarsumurið, *hve langan tíma tekur* að ljúka þessum fyrirfram ákvarðaða áfanga. Gilda þá reglur þær, sem einmitt hefur verið skýrt frá.

Hitastig og vöxtur.

Þegar bera skal saman hitastig og vöxt, eins og Mork hefur gert, vaknar sú spurning, hvort nota skuli meðalhita alls sólarhringsins, dagsins eða ákveðins tímafjölda á degi.

Mork telur fyrsta kostinn, meðalhita sólarhringsins, ófullnægjandi, þar eð hitastigið að næturlagi á sumrin hafi litla þýðingu fyrir vöxtinn. Hitt skiptir máli, hve langt hitinn komst yfir eitthvert ákveðið stig, t. d. 7°C .

Það mætti hugsa sér einhvern stað, þar sem skýjað væri allan sólarhringinn, meðalhiti sólarhringsins væri 12°C . 11°C gæti verið lágmarkshiti að nóttu og 13°C hámarkshiti að degi.


Á öðrum stað gæti verið sólskin og blíða. Hitinn sveiflaðist frá 6°C að nóttu upp í 18°C að degi, en meðalhiti sólarhringsins væri hinn sami og á fyrra staðnum, 12°C . Engum vafa er bundið, að á síðara staðnum væru vaxtarskilyrði að öðru jöfnu langtum betri.

Þetta dæmi sýnir, að meðalhiti sólarhringsins er ekki nógu góður mælikvarði við athuganir á sambandinu milli hitastigs og vaxtar.

Mork tók því þann kostinn að velja meðalhita 6 hlýjustu stunda dagsins sem mál á hitann. Með því taldi hann, að bæði sæist þá betur en ella hæð hitastigslínuritsins og einnig, hve lengi hitinn héldist í nánd við hámark. Ef línuritið sýnir ávalan topp, leiðir það af sér hærri meðalhita 6 stunda við eitt og sama sólarhringshámark, heldur en þegar það hefur hvassan topp.

Annar stór kostur fylgdi því að velja þetta sérstaka mál á hitann. Í ljós kom, að mjög góð samsvörun var á milli meðaltals 6 hlýjustu klukkutíma dagsins og þess hitastigs, sem lesið er á öllum veðurathugunarstöðvum kl. 14 á daginn. Með því reyndist unnt að nota tölur frá þeim, án þess að setja upp sjálfritandi hitamæla.

Rannsóknir Morks sýndu, að fyrstu daga vaxtartímans lengist ársprotinn mjög lítið, jafnvel þótt hitinn sé



Hlutfallið milli hæðarvaxta (sýnir % af lengd árssprotans) og meðalhita 6. hlýjustu stunda dagsins á Hjarðkili. Mynd eftir Mork 1941.

eins mikill og síðar, þegar vöxturinn er orðinn meiri. Þá er m. ö. o. vaxtarkraftur trésins minni en síðar verður og hitastigið ekki fyllilega ákvarðandi fyrir vöxtinn. Sama verður uppi á teningnum í lok vaxtartímans. Þá minnkar hann jafnt og þétt, þótt hitastigið haldist óbreytt.

En kringum miðjan vaxtartímann er bil, þar sem vaxtarkrafturinn sýnist nokkuð jafn. Þar virðast vaxtarskilyrðin jafngóð við hvert ákveðið hitastig. Á þessu bili kemur sambandið milli hitastigs og vaxtar best í ljós. Þetta bil, sem Mork hefur nefnt „2. vaxtarstig“, liggur á milli þess tíma, er 20 % af árspotanum hafði vaxið og þar til 20% voru eftir, þ. e. þau 60%, sem liggja milli 20% og 80 % af fullri lengd sprotans.

Á grundvelli athugana sinna á vextinum á „2. vaxtarstigi“ hefur Mork reynt að ákvarða vaxtarmagnið (í prósentum af fullri lengd árspotans) við hin ýmsu hitastig,

þ. e. meðalhita 6 hlýjustu stunda dagsins = 8 °C, 9°, 10°, 11° o. s. frv. Hann kaus að nota athuganirnar frá Hjarðkili sem undirstöðu, þar eð álitíð var, að þar væri nægilegur raki við öll þau hitastig, sem um var að ræða.

Á mynd 2 sýnir línuritið sambandið milli hæðarvaxtar og hitastigs í umræddum fjallaskógi.

Hæðarvöxturinn er sýndur í % af fullri lengd ársprotans og hitastigið táknar meðalhita 6 hlýjustu stunda dagsins.

Ef línuriti þessu er breytt í töflu, fást þær vaxtartölur við hin ýmsu hitastig, sem sýndar eru í töflu 1.

TAFLA I.

Vöxtur í % af ársvexti við mismunandi hitastig.

Hitastig	Vöxtur í %	Hitastig	Vöxtur í %	Hitastig	Vöxtur í %
	Vaxtarein.		Vaxtarein.		Vaxtarein.
°C	%	°C	%	°C	%
4.0	0.25	12.0	1.75	20.0	4.35
4.5	0.35	12.5	1.80	20.5	4.60
5.0	0.45	13.0	1.90	21.0	4.90
5.5	0.55	13.5	2.00	21.5	5.20
6.0	0.65	14.0	2.10	22.0	5.50
6.5	0.75	14.5	2.20	22.5	5.80
7.0	0.80	15.0	2.35	23.0	6.15
7.5	0.90	15.5	2.50	23.5	6.50
8.0	1.00	16.0	2.65	24.0	6.85
8.5	1.10	16.5	2.80	24.5	7.15
9.0	1.20	17.0	3.00	25.0	7.30
9.5	1.30	17.5	3.20		
10.0	1.40	18.0	3.40		
10.5	1.45	18.5	3.60		
11.0	1.55	19.0	3.85		
11.5	1.65	19.5	4.10		

Hitaverkun og vaxtareiningar.

Tilgangur Morks með þessum rannsóknnum var að finna hlutfallstölur, sem nota mætti til þess að umreikna hita-

verkunina í ákveðnar einingar, sem hann nefndi *vaxtar-einingar*.

Þar eð hlutfallið milli vaxtar og lofthita, sem sýnt er í töflu I, er gefið upp í hlutfallstölum (prósentum), er unnt að sjá í þessari töflu, hve dagar með tiltekinn meðalhita mega sín mikils í hlutfalli við daga með einhvern annan meðalhita.

Ef gáð er nánar í töflu I, sést, að vöxturinn við hitastigið 8°C er 1%.

Þess vegna er ein vaxtareining skýrgreind sem sú hitaverkun, er fæst, þegar meðalhiti 6 hlýjustu klukkutíma dagsins er 8°C.

Af töflunni sést, að 8°C gefa 1 vaxtareiningu, °C. 2 vaxtareiningar, 17° C 3, 19° C ca. 4 o. s. frv.

Einn dagur, sem hefur meðalhita 6 hlýjustu stundanna 24° C, vegur jafnmikið og 7 dagar með 8° C meðalhita. Línuritið á mynd 2 sýnir, að hitaverkunin stígur nokkurn veginn eftir svonefndri geómetrískri röð á bilinu 13°C - 24°C. Vaxtarhraðinn á einu ákveðnu bili eykst m. ö. o. frá stigi til stigs.

Vaxtareiningarnar, sem lesa má í töflu I, eru fundnar með því að rannsaka sambandið milli hitastigs og hæðarvaxtar á því bili vaxtartímans, sem Mork hefur kallað „2. vaxtarstig“, svo sem fyrr var getið. En á þessu bili er gengið út frá, að vöxturinn sé eingöngu háður kolsýrunáminu og vaxtarkrafturinn sé nokkurn veginn jafnmikill.

Þessar svonefndu vaxtareiningar ætti að vera hægt að nota almennt við útreikning á „hitaloftslagi“ sumarsins, að því er rauðgreni varðar. Hins vegar ber mönnum að varast að blanda saman „hitaloftslagi“ og „vaxtarloftslagi“.

Hitaloftslagið sýnir samtvinnun vaxtar og hitastigs, en vaxtarloftslagið hlýtur einnig að vera háð úrkomunni. Þótt tveir staðir hafi sama hitaloftslag, getur vaxtarloftslagið verið ólíkt. Einhver staður getur t. d. haft hagstætt hitaloftslag, en úrkomumagnið sker úr um, hvort trjágróðurinn getur hagnýtt sér þetta hagstæða hitaloftslag.

Vegna þess, að í aðalatriðum er mjög góð samsvörun milli meðalhita 6 hlýjustu stunda dagsins og þess hitastigs, sem lesið er á öllum veðurathuganastöðvum kl. 14 á daginn, er hægt að reikna út fyrir allar slíkar stöðvar fjölda vaxtareininga yfir vaxtatíma trjáanna.

Mork hefur reiknað þetta út fyrir nokkrar norskar stöðvar. Óþarfi er að birta hér þá útreikninga frá fleiri en eftirfarandi stöðum:

Veðurathuganast.	Breiddar- gráða	Hæð yfir sjávarmáli	Júní - Ágúst	
			Meðalhiti	Summa
Nordöyan	64° 48'	33 m	12.6 °C	209
Nordli	64° 28'	395 m	11.9 °C	276
Alvdal	62° 01'	485 m	12.4 °C	315

Stöðvarnar Nordli og Nordöyan liggja á nokkurn veginn sömu breiddargráðu, önnur inni við sænsku landamærin, hátt yfir sjávarmál, hin úti við ströndina. Enda þótt meðalhitinn þessa 3 mánuði í Nordli sé 0.7° C lægri en á Nordöyan, er hitaverkunin 31.7% meiri. Enn meiri munur kemur þó í ljós, ef bornar eru saman stöðvarnar Nordöyan og Alvdal (sem liggur langt uppi í Austur-Noregi). Í Alvdal er meðalhitinn 0.2° C lægri en á Nordöyan, en hitaverkunin er 50.7% meiri í Alvdal!

Hitaloftslagið er greinilega virkara á stöðvunum uppi í landi en úti við ströndina. Það eru hinir verulega sólheitu dagar upp til landsins, sem toga ársprotana upp. Þótt nætur verði þar kaldar, eins og fram kemur í meðalhita dagsins eða sólarhringsins, þar sem a. m. k. hitastigið kvölds og morgna er tekið með í meðaltalið, hefur það litla þýðingu fyrir vöxtinn. Það eru hinar miklu sveiflur hitans upp á við, sem mesta þýðingu hafa.

Mork segir svo sjálfur í niðurlagi ritgerðar þeirrar, er fjallar um þessar rannsóknir hans:

„Með því að umreikna á þann hátt, sem hér hefur verið

lýst, meðalhitastig í vaxtareiningar ætti hitaloftslagið að koma skýrar fram. Þetta getur sérstaklega haft þýðingu í samanburði á stranda- og meginlandsloftslagi, ennfremur við útreikninga á fræþroskatakörkum við ólík loftslagsskilyrði. Þá getur þetta haft þýðingu við rannsóknir á sambandinu milli hitastigs og skógarmarka til fjalla.“


NIÐURLAG.

Svo sem kunnugt er liggur Ísland, að því er loftslag varðar, við og á norðurmörkum barrskógabeltisins. Athuganir Morks prófessors, sem hér hefur verið frá greint, varða sérstaklega vaxtarskilyrði á vaxtarmörkum barrskóganna og gilda um staði, þar sem úrkomuskortur yfir vaxtartímann stendur trjágróðrinum ekki fyrir þrifum. Fyrir því er það trúá mín, að niðurstöður hans varpi ljósi á veigamikil atriði í íslenskri skógrækt.

HEIMILDIR:

Elias Mork: Om sambandet mellom temperatur og vekst. - Meddelelser fra Det norske Skogforsöksvesen nr. 27. - Oslo 1941.

Asbjörn Ording: Emner fra skogforskningen. 1. Skogbotanikken. - Oslo. 1944.



Blágreni (*Picea Engelmanni*) á Hallormsstað. Gróðursett 1938. Fræ frá Arapaho Nat. Forest, Colorado, úr 2760 m hæð yfir sjó. Þetta tré virðist gætt óvenjulegum vaxtarhraða, því að meðalhæð jafnaldra trjáa er röskur meter. Myndin tekin 1952.



Lerkitré (Larix sibirica) á Hallormsstað. Gróðursett 1922. Tréð á miðri mynd er 10 metrar á hæð. Uppruni óþekktur. Myndin tekin 1952.

HÁKON BJARNASON:

Starf Skógræktar ríkisins árið 1952.

Á fjárlögum ársins 1952 voru veittar kr. 900.000.00 til skógggræðslu. Ennfremur voru veittar kr. 55.800.00 til afborgana á lánum og vaxtagreiðslum, kr. 56.000.00 til skrifstofukostnaðar og kr. 100.000.00 til skógargirðinga á jörðum einstaklinga. Til skógræktarfélaga voru veittar kr. 250.000.00. Launagreiðslur fastra starfsmanna voru áætlaðar tæpar kr. 260.000.00, en þær urðu nokkru meiri sakir hækkandi vísitölu. Til skógræktar var alls varið röskum kr. 1.622.000.00.

Í byrjun marsmánaðar hélt skógræktarstjóri fund með skógarvörðunum og stjórn Skógræktarfélags Íslands. Var þar rætt um störf ársins 1952 og samin starfsáætlun. Á þeim fundi varð strax ljóst, að svo fremi að uppeldi trjáplantna ætti að aukast að nokkru marki á næstu árum, yrði að einbeita öllum kröftum og fjármagni að stækkun gróðrarstöðvanna, fræðflun og sáningu. Var ákveðið að fresta öllum öðrum framkvæmdum, er þyldu bið, hve æskilegar, sem þær kynnu að vera. Þá var og sýnt, að ef auka ætti sáningar að nokkrum mun, mundi fjárveitingin ekki hrökkva, og var því Hermanní Jónassyni ráðherra ritað um þetta, þar sem greint var frá því, að fara þyrfti um kr. 225.000.00 fram úr fjárveitingu ársins.

Að jafnaði tekur uppeldi hvernar skógarplöntu um fjögur ár, og því verður að halda þessari stefnu fram næstu þrjú árin, uns uppeldið er komið í fast horf. Markið er, að

árið 1955 verði árleg framleiðsla stöðvanna um 2 milljónir plantna.

Meðal stærstu útgjaldaliða ársins má nefna reksturskostnað gróðrarstöðvanna kr. 578.000.00, gróðursetning í skóglendi kr. 74.000.00, endurnýjun girðinga kr. 84.000.00, viðgerð bygginga kr. 67.000.00, stofnkostnaður og vélar til gróðrarstöðvanna kr. 120.000.00, fræsöfnun og frækaup kr. 53.000.00, girðing á Stálpastöðum kr. 51.000.00, ferðakostnaður kr. 54.000.00, kostnaður vegna heimsóknar Norðmanna kr. 25.000.00 kostnaður vegna nýrrar kvikmyndar kr. 18.000.00. Hér að auki var ýmislegur kostnaður af vegagerð, framræslu og mörgu öðru, alls á annað hundrað þúsund krónur.

Hér á móti komu tekjur af plöntum úr gróðrarstöðvunum kr. 245.000.00, tekjur af jarðýtu kr. 18.000.00 og fyrir landleigu og annað smávegis samtals um kr. 10.000.00. Skógarhögg stóð nokkurnveginn í járnum, enda var víða grisjað sakir gróðursetningar en ekki til þess að selja við.

FRÍÐUN SKÓGLENDNA.

Land Stálpastaða í Skorradal var girt snemma vors. Girðingin varð 3.8 km á lengd og auk þess er þá stuðst við nýja mæðiveikigirðingu, sem liggur úr Skorradalsvatni yfir í Lundareykjadal. Mæðiveikigirðingin lokar Stálpastaðalandi að sunnan, og er sá kafli um 1 km á lengd. Með vatninu er landið um 2 km, og því ummál hins girta lands alls um 6.8 km. Landið er mest allt kjarri vaxið. Umhverfis túnið er stórt rjóður og í því eru nokkrir grjótrimar. Þetta er afleiðing gamla búskaparlagsins. Girðingin nær upp fyrir skógamörkin, og er nokkurt belti, gróðurlaust að kalla, milli girðingar og skógarmarka. Girðingin er vönduð að öllu efni. Staurar úr jární og zinkhúðaðir, vírnet hnýtt, 65 sm á hæð með um 20 sm bil á milli lóðréttra strengja. Ofan við netið eru 2 strengir gaddavírs en einn undir því. Milli aflstaura eru húðaðar járnrenglur. Skóglendið á Stálpastöðum er ákaflega vel

fallið til að gróðursetja í erlenda barrviði eins og getið var um í skýrslu fyrra árs. Þar voru líka gróðursettar rösklega 17.000 plöntur samtímis því, er girt var.

Á Miðhálsstöðum, sem eru á mótum Hörgárdals og Öxnadals, var sett upp 1650 metra löng girðing. Flatarmál hennar er um 16 hektarar. Girðingin var gerð úr gaddavír. Skógræktarfélag Eyfirðinga lagði fram alla vinnu við uppsetninguna, því að félögum þess mun síðar gefinn kostur á að fá landið til þess að gróðursetja í. Land Miðhálsstaða var kjarri vaxið um miðja 19. öld. Bægisárprestar notuðu það mjög fyrir sauðbeit, og hvarf þá kjarrið. Á síðari árum hafa menn fundið birkikvisti á víð og dreif um landið. Líkur eru fyrir því, að landið geti aftur orðið kjarri vaxið á skömmum tíma líkt og land Vagla á Þelamörk, og er það ástæðan til þess, að landið hefur nú verið girt.

Mikið var keypt af girðingarefni á árinu til að girða lönd einstaklinga, en þar sem efnið kom ekki til lands fyrr en á áliðnu sumri var ekki kostur á að koma nema tveim girðingum upp að fullu. Önnur er við Bjarkalund í Reykhólasveit, um 2 km. á lengd, en hin er við Úlfsstaði í Skagafirði, og er hún ekki nema um 600 metrar.

VIÐARHÖGG.

Nokkru minna var fellt af viði en árið áður, og ber tvennt til. Annarsvegar lækkaði kolaverð nokkuð og um leið eftirspurn eldiviðar. Hinsvegar munaði enn meiru á viði til reykinga, þar sem óvenju lítið var reykt af kjöti sakir fjárfæðar og útflutnings á kjöti.

Viðarhöggjó nam:

Í Hallormsstaðaskógi	55.4	tonn
Í Vaglaskógi	171.5	-
Í Þórðarstaðaskógi	27.9	-
Í Sigríðarstaðaskógi	<u>9.8</u>	-

Samtals 264.6 tonn

Af þessu magni var:

Eldiviður og reykingaviður	235.6 tonn
Efniviður	4.0 -
Staurar, 4040 stykki	24.0 -
Renglur, 800 stykki	1.0 -

Kolagerð er nú að mestu hætt. Lagt var einu sinni í gamla ofninn og fengust alls 230 kg kola. Ofninn er nú ónýtur með öllu. Ekki hefur tekist að fá nýjan ofn þrátt fyrir marg ítrekaðar tilraunir. Neitað hefur verið um innflutningsleyfi en hinsvegar er nú farið að flytja inn viðarkol á nýjan leik, í fyrsta sinn síðan árið 1937. Á hálfu öðru ári er búið að flytja inn sænsk viðarkol fyrir um kr. 8.000.00, eða álíka upphæð og nýr ofn kostar.

GRÓÐRARSTÖÐVAR.

Á Tumastöðum var stöðin enn stækkuð og lokið gróðursetningu skjólbelta um þá 3 hektara lands, er fyrst fara undir gróðrarstöð. Þá var og komið fyrir nýrri vatnslögn í reitnum og virðist sem hún muni gefa góða raun. Vökvunin er að mestu sjálfvirk. Það, sem þegar er fengið, mun geta vökvað tvo hektara lands, en með lítilli viðbót má auka vökvunarflötinn eftir þörfum. Vatnslögnin og vökvunartækin kostuðu alls um kr. 40.000.00.

Þá var og fengin ný dráttarvél að Tumastöðum ásamt ýmsum tækjum, sem tengja má beint við hana. Þar á meðal er sanddreifari, illgresishreinsari, upptökuvél og fleira. Þá var og keypt dæla til þess að úða sóttvarnarlyfjum á plöntur.

Á Hallormsstað var hafin bygging fyrir verkafólk í gróðrarstöðinni, eins og síðar mun frá skýrt.

Allmikið var keypt af gluggum í stöðvarnar til þess að nota við uppeldi á plöntum af dýru fræi. Alls eru nú til um 800 fermetrar glerglugga og verður enn bætt við þetta.

Sáning var allmiklu meiri en áður. Sáð var í 3572 fermetra. Í sáningar voru notuð um 140 kg af fræi. Er þetta



Gildasta blágrenitréð á Hallormsstað. Gróðursett árið 1906. Hæð 11,5 metrar. Þvermál 30 sentimetrar í 1.3 metra hæð yfir jörðu. Viðarmagn hálfur teningsmetri. Á einum hektara lands geta staðið rösklega 800 slík tré. Myndin tekin 1952.

tvisvar sinnum stærri sáðflötur en árið 1950, og nú er gert ráð fyrir að sáðflöturinn 1953 verði um 4500 fermetrar.

Hér fer á eftir tafla, er sýnir sáningu í stöðvunum og magn og tegund fræs. Þar á eftir eru töflur um dreifplöntun og græðlinga og loks er hin fjórða, um þær tegundir og fjölda, sem afgreitt var úr stöðvunum.

Ranking by degree of environmental concern.

Travel time	Current residence	Residence, sq. m ²	Yacht sq. m ²	House, sq. m ²	Living sq. m ²	Bath sq. m ²
Rank	Residence	sq. m ²	sq. m ²	sq. m ²	sq. m ²	sq. m ²
1st	Large Manor, A.	1,800	—	3,400	42.5	—
2nd	White Grey A.	—	1,150	—	—	—
3rd	City of York, B.	—	3,800	87.9	—	—
4th	Regent St.	2,400	3,000	300	62.2	—
5th	Leeds St.	—	—	410	10.1	—
6th	—	—	—	—	—	100
7th	The Island	—	—	550	10.2	—
8th	White St.	3,000	—	—	—	—
9th	Granada A.	5,200	—	—	—	—
10th	The Imperial A.	6,100	1.3	—	—	—
11th	Manor House, B.	6,000	—	—	—	—
12th	Manor House, A.	6,000	1,100	58.1	—	—
13th	Living St.	—	—	1,900	81.3	—
14th	Box Court, A.	—	—	—	—	3,300
15th	Box Court, B.	—	1,350	41.2	—	—
16th	Box Court, C.	—	1,300	3.4	—	—
17th	Box Court, D.	—	—	—	—	—
18th	Box Court, E.	—	—	—	—	—
19th	Box Court, F.	—	—	—	—	—
20th	Box Court, G.	—	—	—	—	—

Droisötning vorðf 2552.

Tegund	Hálkorn	Vagla	Turkum	Langske.	Sannsó.
Húsi 2/1	14300		10000	100	10000
Húsi 2/1	"	20000	"	"	20000
Húsi 2/2	14300	"	"	"	14300
Húsi 2/3	4000	"	"	"	4000
Húsi 2/4	4000	"	1000	"	4000
Húsi 2/5	"	"	10000	"	10000
Húsi 2/6	14300	20000	"	"	20000
Húsi 2/7	14300	20000	"	1000	14300
Húsi 2/8	4000	10000	10000	"	10000
Húsi 2/9	"	"	10000	1000	10000
Húsi 2/10	"	"	10000	1000	10000
Húsi 2/11	4000	"	"	"	4000
Húsi 2/12	"	20000	"	"	20000
Húsi 2/13	"	"	10000	"	10000
Alm. gættur	"	"	10000	"	10000
Alm.	20000	10000	10000	1700	10000

Græðingur vorðf 2552.

Tegund	Hálkorn	Vagla	Turkum	Sannsó.
Alm. gættur	400	"	10000	10000
Alm. gættur	100	"	"	100
Alm. gættur	2000	2000	"	2000
Alm. gættur	100	"	"	100
Alm. gættur	4000	"	"	4000
Alm. gættur	10000	"	"	10000
Alm. gættur	"	"	10000	10000
Alm.	10000	1000	10000	10000

Trjáplöntur afhentar úr gróðrarstöðvunum vorið 1952.

Country	Ballroom	Waltz	Tango	Langsch.	Vienn.	Sum.
Belgium	10471	11,000	1290	10602	-	147835
Denmark	10219	2420	1010	289	-	14514
Germany	1400	100	-	150	-	3390
Holland	1239	-	140	-	-	4382
Italy	110	-	-	-	-	718
Malta	-	-	305	-	-	835
Marocco	27	-	910	719	-	1657
Norway	-	-	2390	-	-	2839
Poland	-	-	300	-	-	629
Sweden	2023	-	390	-	-	2886
Switzerland	10449	-	1605	54	-	29024
Thailand	429	-	1900	309	-	11645
Ukraine	1507	-	10950	210	-	13712
Yugoslavia	1404	1000	300	200	1000	17403
Chad	1000	-	-	-	-	1000
Algeria	-	-	220	-	-	620
All	108706	130000	270247	11703	20000	489063

GRÓÐURSETNING.

Hér skal getið gróðursetningar plantna, sem ýmist hafa eingöngu verið á vegum Skógræktar ríkisins eða gróðursettar með aðstoð hennar á einhvern hátt, annaðhvort með því, að plönturnar hafa verið lagðar fram ókeypis eða starfsmenn hennar veitt leiðbeiningar við plöntunina.

Á þingvöllum voru settar niður 800 barrplöntur í minningarlund Jóns Jóhannssonar frá Skógarkoti. Gamli félagar hans úr Hreyfli önnuðust verkið en starfsmenn Skógræktar ríkisins leiðbeindu.

Við Laugarvatn voru gróðursettar 7200 plöntur, þar af 7000 furur úr Troms og 200 sitkagreni. Nemendur skólans önnuðust gróðursetninguna undir stjórn Þórarins Stefánssonar en Skógrækt ríkisins lagði til plönturnar.

Í Vatnaskógi voru gróðursettar 7800 plöntur, aðallega skógarfura úr Tromsfylki, svo og 500 sitkagreni. Skógarmenn K. F. U. M. önnuðust plöntunina að vanda en Skógrækt ríkisins lagði til ókeypis plöntur.

Í Stálpastaðaskóg voru gróðursettar 6000 plöntur af sitkagreni frá Point Pakenham í Alaska. Þar að auki 250 sitkaplöntur frá Pigot Bay, en sá staður er skammt sunnan við Pakenham. Um 4000 rauðgreni frá Norður-Noregi voru einnig sett þar ásamt 1000 hvítgreniplöntum frá Kenaishaga í Alaska og 1000 blágreniplöntum, afkvæmum stóru blágrenitrjáanna á Hallormsstað. Þá voru og 2000 síberísk lerki gróðursett, sem vaxin voru upp af fræi úr nágrenni Arkangelsk. Ennfremur 3000 skógarfurur úr Troms og loks 370 fjallaþallir frá Alaska. Því miður voru ekki fleiri þallir á boðstólum þetta vor, er fáeinar eru undan skildar, sem gróðursettar voru við Tumastaði. Þær munu ættaðar frá Kenaishaga eða úr Prince Williams Sound.

Við Hvamm í Skorradal voru settar niður 5000 sitkagreniplöntur frá Pigot Bay í Alaska.

Í skóginn við Jafnaskarð voru settar 12000 skógarfurur frá Troms, 1500 sitkagreni frá Point Pakenham og 1000 rauðgreni úr Norður-Noregi,

Í girðinguna við Munaðarnes voru settar 1500 skógarfurur, 250 rauðgreni og 100 sitkagreni. Í Snorrastaðagirðingu 1000 skógarfurur og Ytra-Fellagirðingu 1000 skógarfurur og 75 sitkagreni. Að Þverfelli í Saurbæ í Dalasýslu voru um 300 manns hinn 17. júní, og leiðbeindi skógarvörðurinn á Vesturlandi um gróðursetningu í afgirtri kjarri vaxinni hlíð. Þá var og leiðbeint um gróðursetningu á ýmsum stöðum um sunnanvert Snæfellsnes.

Í Skagafirði og á nokkrum stöðum í Húnavatnssýslum voru nærri 27.000 plöntur ýmissa tegunda gróðursettar samkvæmt leiðsögn skógarvarðarins á Laugabrekku. Röskur helmingur plantnanna var birki.

Í Vaglaskógi voru settar niður 3850 skógarfurur, 7500

rauðgreni, hvort tveggja af stofnum úr Norður-Noregi, og 10700 síberisk lerki, samtals rösklega 22000 plöntur. Í skóginn við Sandhauga var plantað 1200 skógarfurur og 800 rauðgreniplöntum. Að Sellandi fóru 2200 skógarfurur.

Í Ásbyrgi voru gróðursettar 6000 plöntur, mest skógarfurur úr Troms.

Í Hallormsstaðaskógi voru alls gróðursettar 20300 plöntur. Þar af voru 6000 síberisk lerki frá Arkangelskhéraði, 8000 skógarfurur frá Troms, 2000 hvítgreni frá Kenaískaganum, 1000 svartgreni og 800 sitkagreni, hvort tveggja af sama stað, og loks 1500 rauðgreni auk 1000 blágreniplantna frá Hallormsstað. Þetta er í fyrsta sinn, sem svartgreni er gróðursett hér á landi. Plönturnar voru aldar upp á Hallormsstað og voru 6 ára, er þær voru settar út. Eru þær af fræi, er safnað var í Alaska árið 1945 eða jafnvel 1944. Trjáttegundin er mjög seinvaxin og tæplega vert að setja miklar vonir á hana, þótt hún sé bæði harðger og nægjusöm. Ennfremur er þetta í fyrsta sinn, sem afkvæmi stóru blágrenitrjáanna á Hallormsstað eru gróðursett. Trén báru nokkur fræ árið 1946, en fræinu var ekki sáð fyrr en 1948. Upp komu nokkur þúsund plöntur, sem fækkaði töluvert er árin liðu. Eftir voru um 2500 voríð 1952, sem gróðursettar voru hér, á Stálpastöðum og Tumastöðum.

Í Skarfanesi var plantað 3000 rauðgreniplöntum frá Rana í Noregi í áframhaldi af gróðursetningunni þar undanfarin ár.

Í Þórsmörk sáu Farfuglar um gróðursetningu í Sleppugili, þar sem þeir hafa fengið leyfi til að hafa bækistöð. Settu þeir alls 1000 sitkagreni frá Pigot Bay, 300 síberisk lerki frá Irkutsk og 500 rauðgreni frá Rana í Noregi.

Við Tumastaði voru settar ýmsar tegundir trjáa í brekkuna ofan við bæinn. Þar á meðal voru 950 hvítgreni frá Kenaískaga, 365 blágreni frá Hallormsstað, 1100 Arkangelsklerki, 450 rauðgreni og 450 fjalla- og marþallir. Mar-

þöllin er ættuð frá Fish Bay, sem er við austanvert Prince William Sound í Alaska, en fjallaþöllin mun ættuð vestan sundsins.

FERÐIR OG LEIÐBEININGAR.

Kostnaður allur við ferðalög, hvort heldur það er fæði og húsnæði á ferðum eða fargjöld, hefur hækkað svo mjög hin síðari ár, að þess er enginn kostur að sinna leiðbeiningarstarfi svo að vel sé. Skógarvörðum hafa verið gefin fyrirmæli um, að ferðast eins lítið og nokkur kostur er. Ekki verður þó hjá því komist að leiðbeina fólki og koma á fundi á ýmsum stöðum til skrafs og ráðagerða. Að öðrum kosti mundi mikið sjálfbóðaliðsstarf leggjast niður.

Skógræktarstjóri var á mörgum fundum með ýmsum skógræktarfélögum, einkum framan af árinu. Hann fór og venjulegar eftirlitsferðir til skógarvarðanna.

Skógarvörðurinn á Suðvesturlandi fór eftirlitsferðir um Laugardal og í Haukadal, og auk þess leiðbeindi hann fjölda manns í nágrenni Reykjavíkur.

Skógarvörðurinn á Suðurlandi fór í mars og apríl um Árnes- og Rangárvallasýslur með kvikmyndir, og í ágústmánuði fór hann um Mýrdal og víðar til leiðbeiningar.

Skógarvörðurinn á Hallormsstað fór í Fáskrúðsfjörð í ágústmánuði auk ferðar til Reykjavíkur.

Skógarvörðurinn á Vöglum sýndi norsku kvikmyndina „Skogen vor arv“ á Dalvík, Húsavík og Svalbarðsströnd í júlí og ágúst. Um vorið leiðbeindi hann við gróðursetningu á fjölda staða í Þingeyjarsýslum.

Skógarvörðurinn í Skagafirði leiðbeindi á 24 stöðum um gróðursetningu í maí og júní. Ennfremur leit hann eftir reitum í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum síðari hluta sumars.

Skógarvörðurinn á Vesturlandi leiðbeindi um gróðursetningu á þrem stöðum sunnanvert á Snæfellsnesi í júníbyrjun, og hinn 17. júní komu 300 manns saman að Þverfelli í Saurbæ í Dalasýslu til þess að hefja gróðursetningu í

afgirtri kjarri vaxinni hlíð undir leiðsögn hans. Ennfremur sá hann um gróðursetningu í Snorrastaða-, Munaðarness- og Ytra-Fellsgirðingar, og annaðist gróðursetningu við Hvanneyrar-, Reykhólts- og Varmalandsskóla.

Til þess að komast hjá dýrum ferðalögum um Vestfirði var Guðmundur Sveinsson í Tálknafirði fenginn til að veita mönnum tilsögn við gróðursetningu í vesturhluta Barðastrandasýslu.

BYGGINGAR OG VEGAGERÐ.

Á Tumastöðum var reist áhaldageymsla, 15 metra á lengd og 5,5 metra á breidd. Þá var og lokið við smíði kælihúss, sem nota á fyrir plöntugeymslu. Stærð þess er 41,3 teningsmetrar, og á það að geta rúmað allt að 500 þúsund tveggja ára barrplöntur vetrarlangt.

Í Skarfanesi var komið upp litlu viðleguhúsi. Hliðar og annar stafn var hlaðið úr grjóti og torfi að gömlum sið, en framstafn er þiljaður og þak járnvarið.

Mikil viðgerð fór fram á íbúðarhúsinu á Vöglum. Var nýr miðstöðvarketill settur í það og eldavél. Á Þórðarstöðum var haldið áfram smíði viðbótarbyggingarinnar, og er húsið nú að verða íbúðarfært.

Á Hallormsstað varð að gera mikið við norðurvegg gamla íbúðarhússins og dytta að tveim herbergjum. Húsið mun nú 70 ára og er eitt af elstu húsum á Héraði. Æskilegt væri að geta varðveitt húsið, þar sem það hefur þegar töluvert menningarsögulegt gildi, en til þess að svo megi verða þarf það töluverða endurbót.

Þá var og hafist handa um smíði verkafólksbústaðar í gróðrarstöðinni á Hallormsstað, eins og áður var getið. Stærð þess er 93 fermetrar en rúmmál um 380 teningsmetrar. Húsið er hlaðið úr steini og vel frá því gengið að öllu leyti. Þar munu 22 manns geta búið, þegar húsið er fullgert.

Í Vaglakógi var lagfærður vegur yfir Hálsmelana inn

að gömlu girðingunni, og í skóginum voru ruddar margar brautir.

Athugað var vegarstæði frá Vöglum og suður að Þórðarstöðum og markað fyrir vegi, en ekki gat neitt orðið úr framkvæmdum sakir fjárskorts. Slíkur vegur yrði mjög mikil samgöngubót fyrir nokkra bæi í dalnum.

Í Skagafirði var lagður 300 metra langur vegur meðfram Reykjahólsgirðingunni til þess að losna við umferð um hana, en hún er nú óðum að fyllast af nýgræðingi.

ÝMISLEGT.

Margt merkilegt bar til tíðinda á sviði skógræktarmála þetta ár. Merkilegustu er þó för Dr. R. F. Taylors, forstöðumanns skógræktartilrauna í Alaska, hingað til lands. Kom hann hingað á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar sameinuðu þjóðanna að beiðni okkar til þess að líta hér á vöxt og þrif barrtrjáanna hin síðari ár, og til þess að sjá af eigin raun nauðsyn okkar á að afla fræs vestur í Alaska. Dvaldi Dr. Taylor hér í 12 daga og fór víða um. Hefur hann sent skýrslu sína til aðalstöðvar Matvælastofnunarinnar í Róm og er hún um þær mundir að koma þaðan. Síðar mun unnt að skýra frá álit Dr. Taylors og tillögum hans. En hvað sem þeim líður, þá er ekki lítill fengur að því að fá náin kynni af mönnum þeim, sem vinna að skógrækt vestur í Alaska, ekki síst þegar þeir eru bæði velviljaðir og vilja allt fyrir okkur gera, er þeir mega, til þess að afla góðs fræs vestra.

Hér var og Þjóðverji á ferð í haust. Var það Albrecht v. d. Schulenburg, greifi og fyrrum óðalseigandi í Austur-Þýskalandi. Kom hann hingað á eigin vegum til þess að kynnst landi og þjóð. Aðal áhugamál hans var víðiræktun, en hún snertir eigi starf Skógræktar ríkisins að neinu marki, og því er enn ekki afráðið, hvort gerðar verði tilraunir að forsögn Schulenburgs. Sennilega mun það þó reynt, er unnt verður að flytja inn græðlinga frá Evrópu.

Þá komu hér og 60 Norðmenn til skógplöntunar og 61

Íslendingur fór til Noregs í sama tilgangi. Komu Norðmennirnir hér aðallega á vegum Skógræktarfélags Íslands, en Skógrækt ríkisins varð að ljá aðstoð sína við móttöku þeirra. Þrátt fyrir eindæma slæma veðráttu munu Norðmennirnir hafa farið héðan glaðir og reifir. Er þetta önnur kynnisferðin á milli Noregs og Íslands á vegum Skógræktarfélagsins.

Þá má og geta þess, að Þorsteinn S. Kjarval og kona hans færðu Skógrækt ríkisins kr. 25.000.00 að gjöf, og skyldi verja fénu á þann hátt, er kæmi sér best. Ákveðið var strax að láta gróðursetja samfelldan skóg á nokkru svæði fyrir fé þetta strax á næsta vori. Með því mun fást úr skorið, hvernig borgi sig að ávaxta fé hjá móður náttúru.

Vor og sumarveðrátta ársins 1952 var öllum gróðri mjög erfið. Var þó mesta furða, hve lítið sá á hinum ýmsu barrtrjategundum víða um land. Vorhretið, sem kom um mánaðarmótin maí og júní, seinkaði öllum störfum um hálfan mánuð og upp í þrjár vikur. Sumarið var kalt og þurrt sunnanlands en rakt og svalt norðanlands og austan. Á Hallormsstað var meðalhiti mánaðanna júní-september aðeins 7,9 stig, og mun það einsdæmi um tugi ára. Er það 3.1 stigi lægra en í góðum árum. Haustið var hinsvegar með ágætum þótt nokkur næturfrost kæmu í lok ágústmánaðar. Á Hallormsstað varð október nærri eins hlýr og júní.

Á Hallormsstað laufgaði birki ekki fyrr en 14. júní, en lauffall var 8.-13. október. Vaxtartíminn varð því um 125 dagar.


Í Vaglaskógi laufgaðist birki um 24. júní, og lauffall varð um 20. september. Vaxtartíminn mun vart hafa verið meir en 88 dagar.

Upplýsingar um laufgun og lauffall á suður og vesturhluta landsins eru ekki til frá þessu ári.

Á sumrinu var lokið við reitaskiptinguna í Vaglaskógi, og er nú verið að vinna að áætlun um plöntun barrtrjáa í hann. Baldur Þorsteinsson annaðist verk þetta með mestu þryði.

Hafin var samskonar reitaskipting í Hallormsstaðaskógi, og vinnur Sigurður Blöndal að henni. Sigurður útskrifaðist frá skógræktarskólanum á Ási í Noregi s. l. vor. Hefur hann verið við ýmiskonar vinnu hjá skógrækt ríkisins eftir að hann kom heim aftur. Meðal annars mældi hann vöxt lerkisins frá Arkangelsk, sem getið er annarsstaðar.

Baldur Þorsteinsson fór til Danmerkur á vegum Skógræktar ríkisins s. l. sumar til þess að kynna sér kynbætur trjáa hjá Dr. C. Syrach-Larsen í Hörsholm. Ritar hann um þá för sína á öðrum stað. Ætlunin er nú að fitja upp á líku hér á landi, en einkum þó með hliðsjón af ræktun trjáfræs.



28200101 "Punk album," d. Hintonwood, Concord, N.C. performed 1989, Nov. 1922. Artists had use of entire
 Copyright © 1999 by EMI Music Inc. All rights reserved. Reproduction prohibited. Reproduction prohibited.




Рис. 1. Пихта сибирская в долине реки. Фотографировано в 1955 г. (с. 10).
 Вид на долину реки. В центре видна пихта сибирская. Фотографировано в 1955 г. (с. 10).
 Вид на долину реки. В центре видна пихта сибирская. Фотографировано в 1955 г. (с. 10).

Aðalfundur Skógræktarfélags

Íslands 1951,

haldinn að Varmalandi í Borgarfirði, dagana 23. 24. júní.

(Útdráttur úr fundargerð.)

1. Fundur settur kl. 10. Formaður félagsins Valtýr Stefánsson setti fundinn og stjórnaði honum. Kvaddi hann til fundarritara H. J. Hólmjárn og Hákon Guðmundsson.

Þessir fulltrúar sóttu fundinn:

Skógræktarfélag Árnesinga: Ólafur Jónsson.

Skógræktarfélag Austurlands: Þórarinn Þórarinsson, Eyþór Þórðarson, Erlingur Þ. Sveinsson, Benedikt Guttormsson.

Skógræktarfélag Austur-Húnavatnssýslu: Séra Gunnar Árnason.

Skógræktarfélag Borgfirðinga: Geirlaug Jónsdóttir, Halldór Sigurðsson, Daníel Kristjánsson, Guðmundur Jónsson.

Skógræktarfélag Dalasýslu: Guðmundur Jónsson, Óskar Kristjánsson.

Skógræktarfélag Eyfirðinga: Guðm. Karl Pétursson, Ármann Dalmannsson, séra Sigurður Stefánsson, Þorsteinn Þorsteinsson.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar: Ólafur Vilhjálmsson, Páll Daníelsson, Ingvar Gunnarsson, Oddbergur Eiríksson.

Skógræktarfélag Rangæinga: Garðar Jónsson.

Skógræktarfélag Reykjavíkur: Guðm. Marteinnsson, Jón Loftsson, Ingólfur Davíðsson, Aðalheiður Þorkelsdóttir, Hákon Guðmundsson, Kristján Jakobsson, Egill Hallgrímsson, Vilhjálmur Sigtryggsson.

Skógræktarfélag Siglfirðinga: Jóhann Þorvaldsson.

Skógræktarfélag Skagfirðinga: Sigurður Jónasson, Einar Siggeirsson.

Skógræktarfélag Stykkishólms: Guðm. J. Bjarnason, Chr. Zimsen, Bjarni E. Lárusson.

Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga: Ísleifur Sumarliðason, Tryggvi Sigtryggsson, Ketill Indriðason, Halldóra Magnúsdóttir.

Skógræktarfélag Norður-Þingeyinga: Erlingur Jóhannesson.

Skógræktarfélag Svarfdæla: Ármann Sigurðsson.

Skógræktarfélag Vestmannaeyja: Árni J. Johnsen, Olga Karlsdóttir.

Skógræktarfélag V. Ísfirðinga: Björn H. Jónsson.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands: Valtýr Stefánsson, H. J. Hólmjárn, Einar G. E. Sæmundsen, Hermann Jónasson, Haukur Jörundarson.

2. Formaður minntist Guðmundar heitins Ólafssonar bakameistara í Reykjavík, sem lést á síðastliðnu ári. Gat hann meðal annars hins mikla áhuga, sem hann sýndi í verki með fögru fordæmi í framkvæmdum sínum í skógræktarmálum. Það formaður fundarmenn rísa úr sætum sínum í virðingarskýni við hinn látna.

Þá drap formaður á þróun skógræktarmálanna í landinu. Taldi hann allt útlit fyrir að á næstu árum yrði plöntuframleiðslan komin í það horf, að eftirspurninni yrði fullnægt.

3. Þá flutti skógræktarstjóri skýrslu stjórnarinnar fyrir síðastliðið ár. Rakti hann fyrst tillögur þær, er síðasti aðalfundur fól stjórninni til meðferðar.

Tillaga um endurskoðun á lögum Skógræktarfélags Íslands. Þetta hefur verið framkvæmt og liggja nú till. fyrir fundinum.

Tillaga um úttegum girðingarefnis. Stjórn félagsins hefur unnið að þessu og tekist að afla nokkurs girðingarefnis, en verðið er nokkuð hátt.

Tillaga um að beina því til landbúnaðarráðherra að vinna að samræmingu sauðfjárræktar og skógræktarlaga. samkvæmt tillögu síðasta aðalfundar. Þetta hefur verið gert en er ekki lokið.

Tillaga um undanþágu frá skatti vegna framlaga til skógræktar. Formaður ræddi þetta við nokkra þingmenn en þeir töldu réttara að biða með þetta til almennrar endurskoðunar á skattalögum, sem von væri á.

Tillaga um hindrun á uppblæstri í Aðaldalshrauni. Þetta mál hefur verið rætt við rétta aðila, en fé hefur ekki fengist til framkvæmda.

Tillaga um beitarþol og örtröð. Ekkert hefur orðið ágennt í þessu máli.

Tillaga um úttegum á trjáfræi. Góður árangur hefur náðst í þessu. Einar G. E. Sæmundsen fór til Alaska og Sturla Friðriksson til Eldlandsins. Báðir söfnuðu fræi og plöntum. Auk þess hefur fræ fengist frá Noregi og Finnlandi.

Tillaga um Noregsferð. Ekkert gat orðið úr henni á þessu ári.

Tillaga um skógarbú og skógarskóla. Þetta hefur verið nokkuð rætt, og í því sambandi bent á hvort unnt myndi að fá húsmæðraskólann á Hallormsstað undir slíka starfsemi.

Á árinu var norska skógræktarfilman sýnd fyrir á þriðja þúsund manns. Vegna mikillar verðhækkunar á pappír og prenti verður annað hvort að minnka ársritið eða hækka verðið. Framkvæmdarstjórn taldi nauðsynlegt að vinna að eflingu Landgræðslusjóðs. Er nokkurt útlit fyrir að þetta megi takast með jólatréssölu, sölu minningarspjalda o. fl. Þá gat framkvæmdastjórnin þess að Skógræktarfélag Norðfjarðar hefði farið fram á það að félagið yrði sjálfstæð deild í Skógræktarfélagi Íslands.

4. Lagðir voru fram reikningar Skógræktarfélags Íslands og Landgræðslu-

sjóðs fyrir árið 1950 endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Einar G. E. Sæmundsen las upp og skýrði reikningana. Reikningarnir voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

Þá var gefið frí til hádegisverðar.

Kl. 1330 hófst fundur að nýju.

5. Þá voru bornar fram eftirfarandi tillögur: Hákon Bjarnason lýsti eftirfarandi tillögum, frá stjórn Skógræktarfélags Íslands.

I. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn að Varmalandi á Jónsmessu 1951, skorar á félagsstjórnina að beita sér fyrir því, að ákveðnum hluta af aðflutningsgjöldum af viði og viðarafurðum verði varið til skóggræðslu og að á þann hátt verði flýtt fyrir því, að þjóðin geti framleitt verulegan hluta af þeim við, sem hún þarfnast. Samþykkt samhljóða.

II. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Jónsmessu 1951 skorar á héraðsskógræktarfélög landsins að beita sér fyrir sölu á minningarspjöldum Landgræðslusjóðs um allt og bjarklaufmerkinu. Samþ. samhljóða.

Þórarinn Þórarinsson lýsti eftirfarandi tillögu.

III. Aðalfundur Skógræktarfélags Austurlands beinir því til Skógræktarfélags Íslands, að það hlutist til um að lögfest verði sem fyrst, ákvæði er skylda búfjáreigendur til að bera kostnað af vörslu vegna ágangs búfjár, er fari í þessa átt:

Eigendur eða umráðamenn friðaðra skógræktarsvæða eða skóglendis geta kafið búfjáreigendur til þess að greiða kostnað þann, er þeir hafa orðið fyrir vegna vörslu gegn ágangi fénaðar þeirra þegar girðingar eru eigi fjárheldar sökum snjóalaga. Fjáreigandi getur þó látið meta umræddan kostnað og fengið til þess tvo dómkvadda menn ef hann telur umrædda kostnaðarreikninga ósanngjarna. Samþykkt samhljóða.

Þórarinn kvaðst á síðastliðnum vetri hafa fengið nokkra reynslu um skógræktarlögin og af ágangi sauðfjár í skógargirðingar. Vetur hafi verið mjög harður á Austurlandi, en þó ágætis beit innan skógargirðingar. Féð sótti því mjög þangað og það jafnvel í stórhópum. Hér var um að ræða samfelda fjárhópa, sem ákvæðum skógræktarlaganna verður ekki beitt um.

Tryggvi Sigtryggsson lýsti eftirfarandi tillögum:

IV. Fundurinn telur þess brýna þörf að skógrækt verði kennd í öllum skólum landsins í trausti þess að þannig muni bæði aukast kunnátta almennings og verklægni og síðar meir rísi upp sjálfbodasveitir sem fórnir þjóðheilamáli einum til tveim dögum við gróðursetningu á ári á þeim stöðum, sem þörf er aðstoðar hverju sinni. Samþykkt 25:3.

V. Fundurinn skorar á Skógrækt ríkisins að beita sér fyrir því meira en verið hefur, að farnir skógar séu girtir og skógargirðingum ríkisins viðhaldið. Í þessu sambandi vill fundurinn benda á nauðsyn að girða skóg og uppblástursvæði í Aðaldalshrauni, og færslu og endurreisn girðingar um Fellsskóg í Kinn. En þar var gömul mæðiveikigirðing látin nægja um suðurhluta skógarins og er sá hluti girðingarinnar undir svo miklum snjóþunga

að árlegt viðhald er nær óframkvæmanlegt. Fundurinn vill benda á að vonir um nýja barrskóga munu bestar í skjóli farna birkiskóga. Samþykkt 25:8.

Jón Loftsson lýsti eftirfarandi tillögu:

VI. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn að Varmalandi 23. og 24. júní 1951 ályktar að lýsa yfir, að það er með mikilli gleði, að nú er hægt að slá því föstu, að hið mikla skógræktarstarf, sem unnið hefur verið undanfarið víðsvegar um landið hefur borið svo glæsilegan árangur að fullvíst er, að hér er um stórkostlegt menningar- og hagsmunamál að ræða fyrir land og þjóð. Fjöldi fólks um land allt, hefur af miklum áhuga innt af hendi mikilsvert og óeigingjarnt skógræktarstarf. Verður að treysta því að svo verði það og í vaxandi mæli framvegis. En eigi að síður krefst skógræktarstarfið mikilla og aukinna fjárframlaga ef vel á að vera. Núverandi styrkur til skógræktarfélagsins úr ríkissjóði hrekkur ekki, með hliðsjón af kaupmætti krónunnar, til mikilla framkvæmda. Skorar fundurinn því mjög eindregið á ríkisstjórnina og Alþingi að hækka ríkissjóðsstyrkinn, Telur fundurinn að minna en sexföldun á þeim styrk sem veittur var á síðustu fjárlögum sé ekki sómasamleg lausn á þessu máli, með tilliti til þess, að allveruleg aukning á tekjum ríkissjóðs er fyrirsjáanleg á þessu fjárhagsári. - Samþykkt samhljóða,

Eyþór Þórðarson gerði grein fyrir umsókn Skógræktarfélags Neskaupstaðar að gerast sjálfstæð deild í Skógræktarfélagi Íslands. Taldi hann að Neskaupstaður og nágrennið væri svo einangrað frá Skógræktarfélagi Austurlands að það torvelaði mjög allt samstarf. Taldi hann að félag þeirra hefði orðið útundan t. d. með ýmsar leiðbeiningar o. fl. og fengið lítinn styrk. Taldi Eyþór að báðum félögum væri það fyrir bestu að Skógræktarfélag Neskaupstaðar yrði sjálfstætt.

Þórarinn Þórarinnsson svaraði með nokkrum orðum, Taldi hann það spor í öfuga átt að kljúfa samtökin. Neskaupstaður væri ekki meira einangrað á félagssvæðinu en ýmsir aðrir staðir og ábyggilega væri ávalt hægt að koma boðum þangað á réttum tíma. Sömulleiðis hvað hann styrkinn og leiðbeiningum til félagsdeildanna ávalt hafa verið úthlutað eftir bestu vitund, en slíkt gæti auðvitað alltaf verið umræðuatriði og leiðrétt mætti það sem aflaga færi.

Þá bar formaður fram tillögu um að kjósa 5 manna nefnd til þess að athuga framkomnar tillögur um lagabreytingar. Þessir voru kjörnir í nefndina: Séra Sigurður Stefánsson Möðruvöllum, Guðmundur Jónsson Hvítárbakka, Daníel Kristjánsson Hreðavatni, Hermann Jónasson, landbúnaðarráðherra, Guðm. Marteinsson verkfr.

Þá hófust almennar umræður um skýrslu stjórnarinnar og framkomnar tillögur.

Guðm. Jónsson ráðunautur Akranesi. Ræðumaður taldi að athuga þyrfti

hvar heppilegast væri að staðsetja plöntuuppeldisstöðvar. Það gæti valdið miklum erfiðleikum að uppeldisstöðvar sem ættu að selja plöntur sunnan og vestanlands væru staðsettar norðan og austanlands. Það voraði oftast seinna á Norður- og Austurlandi en á Suður- og Vesturlandi. Sömuleiðis væru langir flutningar á plöntum oft erfiðir og yllu tjóni. Ræðumaður taldi að skógræktin hefði allt of fáar tegundir af plöntum til sölu. Flytja ætti inn miklu fleiri tegundir en hér væru á boðstólum og margar útlendar tegundir mundu geta þrífist hér vel. Væri þessi einhæfni mjög bagaleg fyrir garðeigendur. Lagði hann til að plöntuuppeldisstöðvum yrði fjölgað á Suðurlandi.

Hermann Jónasson landbúnaðarráðherra: Það hefur eðlilega sín takmörk, hve mikið fé er veitt til skógræktar og skógræktin er að sjálfsögðu bundin við það fé sem veitt er til þeirra hluta. Það er nauðsynlegt að fjölga uppeldisstöðvunum og það þarf að dreifa þeim þannig að flytja þurfi plönturnar sem stytsta leið. Því fyrir sem plönturnar eru settar niður aftur eftir að þær hafa verið teknar úr græðireit því betra. Þá þarf að gera glöggan greinarmun á garðplöntum og plöntum til útplöntunar á stór svæði. Garðplönturnar þurfa að vera stórar 5-6 ára og verða því dýrar, of dýrar fyrir stór svæði. Framtíðarlausnin er sú að einstaklingarnir rækti sjálfir og ali upp plöntur til eigin nota.

Hákon Bjarnason. Skógrækt ríkisins hefur nú á boðstólum um 1/2 millj. plantna. Skógræktin á fyrst og fremst að ala upp plöntur fyrir skógræktina. Það er verk garðyrkjumannanna að ala upp garðplöntur. Pantanir á plöntum, sem útvega þarf frá útlöndum verða að vera komnar það snemma til skógræktarinnar að nægur tími sé til stefnu. Ræðumaður taldi nauðsynlegt að dreifingartími plantnanna væri sem stytstur og nauðsynlegt væri að planta barrplöntum í skjóli birkis.

Tryggvi Sigtryggsson kvaðst vilja taka undir það að lang heppilegast væri að þeir sem planta vilja skóg, önnuðust sjálfir plöntuuppeldið að öllu leyti. Hann hvaðst gera það sjálfur og fá með því betri og öruggari plöntur.

Guðmundur Marteinsson hélt því fram að sérþekkingu þyrfti til þess að ala upp birkiplöntur. Gæti slíkt hæglega mistekist og þá valdið vonbrigðum.

Eyþór Þórðarson kvað mjög þýðingarmikið að plönturnar væru svo vel pakkaðar þegar þær væru fluttar að þær gætu ekki brotnað. Áréttaði það sem aðrir ræðumenn hefðu sagt um að sendingartími plantnanna væri sem stytstur.

Guðm. Karl Pétursson kvað þeim á Akureyri hafa þótt slæmt að þeir fengju ekki allar þær plöntur sem þeir hefðu óskað. Taldi réttast að þeir sem pöntuðu á tilsettum tíma sætu fyrir þeim sem síðar pöntuðu.

Geirlaug Jónsdóttir taldi það algengara en æskilegt væri, að skógræktin sendi slæmar eða jafnvel dauðar plöntur. Lagði áherzlu á það að þeir

sem óskuðu eftir stórum garðplöntum fengu þær eins og um væri beðið, en væri ekki í stað þess sendar litlar og lélegar plöntur.

Guðmundur Jónsson ráðunautur kvað mjög æskilegt að hægt væri að fá góðar garðplöntur og ef skógræktarstjóri ætlaði garðyrkjumönnum að framleiða þær eða útvega, yrðu þeir að fá frjálssari hendur um innflutning á garðplöntum og garðplöntufræi en nú væri. Ræðumaður varaði við að agitera svo mikið fyrir útbreiðslu og sölu plantna, að eftirspurninni yrði ekki fullnægt.

Jóhann Þorvaldsson taldi nauðsynlegt að taka skógræktarmálin yfirleitt til athugunar. Búið væri að vekja mikinn áhuga meðal almennings fyrir skógrækt, en það verður að vara sig á ýmsum framkvæmdar atriðum. Hann taldi of seint að skógræktin bindi pantanir við 20. apríl. Greina þyrfti betur en gert hefði verið á milli garð- og skógarplantna. Á Siglufirði væri aðstæðan slæm og það hefði valdið erfiðleikum að framangreindar aðgreiningar hefur ekki verið gætt við afgreiðslu plantna.

Þegar hér var komið fór fram kosning 5 manna nefndar til að athuga og gera tillögur um starfið á næsta ári. Kosnir voru: Jón Loftsson, Tryggvi Sigtryggsson, Haukur Jörundarson, Ármann Dalmannsson og Ísleifur Sumarliðason.

Að kosningu lokinni héldu umræður áfram.

Valtýr Stefánsson kvaðst hafa heyrt að Ingimar Sigurðsson í Fagrahvammi ætlaði að hefja framleiðslu og sölu á garðplöntum, en til þess hefði hann bæði þekkingu og fjármagn.

Nú voru fluttar skýrslur skógræktarfélaganna. Eru þær prentaðar á öðrum stað í ritinu og því sleppt hér. Að loknum þessum skýrsluflutningi þakkaði formaður ræðumönnum. Höfðu þá 20 ræður verið fluttar á 150 mínútum. Það sýndi að menn höfðu haldið sig við efnið, en slíkt væri merki ágættra ræðumanna. Var nú dagur að kvöldi kominn og fundi frestað til næsta dags 24. júní.

24. júní kl. 9.30 hófst fundur á ný. Hófst enn umræður. Þorsteinn Þorsteinsson frá Akureyri skýrði frá því hvað gert hefði verið til þess að koma upp minningarlundi um Jónas Hallgrímsson. Uppástunga um Jónasarlundinn kom fram á Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Þingvöllum 1950. Skógræktarfélag Eyfirðinga tók straks upp framkvæmdir. Er nú ákveðið að koma upp slíkum trjálundi að Steinsstöðum í Öxnadal og verði hann nokkrir hektarar að stærð. (3-5 ha.). Stjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga tók málið þannig upp. Þegar jarðneskar leifar skáldsins voru fluttar til Íslands var byrjað að safna í minningarsjóð og gaf Eyjafjarðarsýsla nokkurt fé í sjóðinn. Nú hefur stjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga unnið að því að safna fé í þennan sjóð og hafa ýmsir aðilar þegar gefið nokkurt fé í sjóðinn t. d. Kaupfélag Eyfirðinga, Skógræktarfélag Eyfirðinga, Öxnadalshreppur, Ungmennafélag Öxndæla, nokkur skyldmenn skáldsins o. fl.

Kosin hefur verið 7 manna framkvæmdastjórn til þess að stjórna framkvæmdum í máli þessu. Framkvæmdir eru þegar hafnar. Landið á Steinsstöðum hefur verið girt og þegar gróðursettar 1200 plöntur. Ræðumaður gat þess að 150 ára afmæli skáldsins yrði að 6 árum liðnum. Væri þá æskilegt að fullplantað væri í lundinn. Þá þyrfti að reisa þar veglegt minnismerki af listaskáldinu. Úr lundinum á Steinsstöðum blasa hinir frægu drangar í Öxnadal vel við. Þessar framkvæmdir munu kosta mikið fé, en vinsældir listaskáldsins góða ættu að tryggja það að þær tækjust vel og giftusamlega.

Hákon Bjarnason. Það ætti að vera auðvelt fyrir Skógræktarfélag Íslands að styrkja þetta, a. m. k. með því að láta lundinum í té plöntur ókeypis.

Valtýr Stefánsson: Þjóðinni ber skylda til þess að halda fram til sigurs stofnun þessa minningarlundar.

Séra Gunnar Árnason: Það er tillaga mín að tekið verði til athugunar hvort ekki væri tiltækilegt að gefa út lítið prentað rit um Jónas Hallgrímsson, sem látið væri fylgja fjársöfnunarbeiðni.

Guðmundur Marteinnsson hét stuðningi Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

Árni Johnsen, mælti með merkjasölu.

Ármann Dalmannsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands 1951 fagnar því að hafist hefur verið handa um minningarlund um Jónas Hallgrímsson skáld á æskustöðvum hans í Öxnadal og felur stjórn félagsins að veita málinu stuðning með fjárframlagi eða plöntum í minningarlundinn.

Þórarinn Þórarinnsson lagði til að afla fjár með samskotakeri í Öxnadal.

6. Þá tóku nefndir þær er kosnar voru á fundinum að skýra frá störfum sínum .

Jón Loftsson lagði fram svohljóðandi tillögu:

VII. tillaga. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn að Varmalandi 23.-24. júní 1951, skorar á Alþingi að veita á næstu fjárlögum eigi minna en 1/2 milljón krónur til héraðsskógræktarfélaganna, vegna stórauðinnar starfsemi þeirra og sívaxandi dýrtíðar.

Mælti Jón með tillögunni og benti meðal annars á að mikill árangur hefði þegar orðið af starfi héraðsskógræktarfélaganna.

Tryggvi Sigtryggsson las upp og mælti fyrir eftirfarandi tillögu:

VIII. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands að Varmalandi í Borgarfirði skorar á fræðslumálastjóra landsins að hlutast til um að nemendur kennaraskólans skuli hljóta að minnsta kosti viku námsskeið í gróðursetningu trjáplantna áður en þeir eru brautskráðir. Sé síðan unnið að því að kenna í skógrækt verði upp tekin í öllum barna og unglingaskólum landsins.

Þórarinn Þórarinnsson bar fram svohljóðandi viðaukatillögu:

Enn fremur skorar fundurinn á fræðslumálastjórnina að hún hlutist til um að í kennslubókum þeim í grasafræði, sem kenndar eru í unglinga- og miðskólastiginu, verði settur inn kafli er fjalli um gróðursetningu og hirðingu trjáplanta. Samþykkt samhljóða.

Haukur Jörundarson las upp og gerði grein fyrir tillögu:

IX. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1951 felur stjórn félagsins að rannsaka möguleika fyrir friðun Reykjanesskagans og vinna að framgangi málsins eftir því sem henni þykir henta. Samþykkt samhljóða.

Taldi Haukur sjálfsagt að athuga þetta mál allar gaumgæfilegast enda þótt bið gæti orðið á framkvæmdum.

Þá skilaði laganefnd áliti. Daníel Kristjánsson las tillögurnar og skýrði þær. Gerði nefndin fáeinar orðabreytingar við frumvarp til laga um skógrækt, sem stjórnin lagði fyrir fundinn í fundarbyrjun. Féllst fundurinn á þessar breytingar.

Þá hófust umræður um landfriðun.

Páll Danielsson Hafnarfirði, hóf umræður. Benti hann á að niðurskurður sauðfjár vegna mæðiveikinnar ætti að fara fram á öllum Reykjanesskaga á komandi hausti. Taldi hann rétt að nota þetta tækifæri til þess að koma á algjörrri friðun fyrir sauðfé. Suðurnes eru alveg að fara í örtröð. Landið er þannig að það þolir illa sauðbeitina. Þó ekki væri hægt að planta skógi nema í lítinn hluta landsins á næstu áratugum, væri þýðingarmikið að gefa því tækifæri til að gróa upp.

Ketill Indriðason taldi æskilegt að þeir sem um þessi friðunarmál hafa hugsað, skilgreindu frekar hvernig þeir teldu að framkvæmd banns við sauðfjárrækt ætti að framkvæmast. Lög fyrir slíku banni væru ekki til. Taldi 18. gr. skógræktarlaganna mesta vansmiði t. d. tvöfalt niðurlagsgjald sem skóga eigendur verða að greiða. Þessu þarf að breyta.

Hákon Bjarnason. Á Reykjanesskaga er um 5400 fjár, um 200 nautgripir og nokkur hundruð hross. Það er langt frá því að landið fullnægi fóðurþörf þessa stofns. Nokkrir menn á þessu svæði lifa eingöngu á sauðfjárrækt. Bann við sauðfjárrækt á þessu svæði myndi kosta ríkissjóð mikið fé í bótagreiðslur, og væri tæplega framkvæmanlegt. Ef landið væri alfriðað myndi það að vísu gróa upp við sjálfgræðslu en það tæki mjög langan tíma. Skógræktarstjóri taldi því, að hér þyrfti að fara einhvern meðalveg, t. d. að landinu væri hlíft að svo miklu leyti sem unnt væri, en sauðfjárrækt ekki bönnuð nema í bæjum, og landlausum mönnum ekki heimilað sauðfjárhald.

Oddbergur Eiríksson kvað ummæli skógræktarstjóra um friðun Reykjanesskaga hafa valdið sér vonbrigðum. Kvaðst hann mæla þar fyrir munn allra ræktunarmanna á Suðurnesjum. Tók hann fram að á Reykjanesskaganum væri víða mjög vel fallið til garðræktar. Á síðari árum hafa fleiri og fleiri spildur verið girtar. En þegar hin girtu svæði stækkuðu þrengist meir og meir kostur sauðfjárins, sem áður var knappur. Afleiðingin verð-

ur því sú að sauðféð leitar meira og meira á girðingarnar til þess að komast inn á hin friðuðu svæði og stórspillir þar garðagróðri og annari ræktun. Lagði hann til að málið yrði gaumgæfilega athugað. Taldi hann að allar hreppsnefndir á Skaganum að 2 undanskildum væru meðmæltir friðun og allir íbúar nema fjáreigendur.

Halldóra Magnúsdóttir taldi rétt að minna fundarmenn og aðra á það að hlutur konunnar í garð og trjárækt hér á landi væri mjög mikill. Fjöldi kvenna víðsvegar um land eyddi miklum tíma og vinnu við trjáræktarstörf til prýðis og ánægju fyrir heimilin. Í ítarlegu máli lýsti hún meðal annars hvernig konur í Svíþjóð starfa að þessum málum. Þá gat hún þess, að hún hefði um margra ára skeið fengið ágætar plöntur frá fræverslun í Gautaborg, og óskaði upplýsinga um það, hvort frjálst væri að panta plöntur þaðan.

Guðmundur Marteinsson taldi að rétt væri að fara varlega í friðunarmálunum, sauðfjárrækt og skógrækt yrði að fara saman hér á landi. Bar Guðmundur fram svohljóðandi tillögu: Í trausti þess að Skógræktarfélag Íslands tæki til athugunar, hvernig heppilegast er að haga skógræktargirðingum, bæði á Reykjanesskaga og annars staðar, tekur fundurinn fyrir næsta mál á dagskrá. Till. felld með 20:8 atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson. Það þyrfti að friða stærri svæði þar sem skógrækt á að vera. Margir bæir og þorp eru nú mjög illa sett vegna ágangs búfjár. En það þarf aðstoðar ríkisvaldsins til þess að koma í veg fyrir að mönnum haldist uppi af fíkti og að þarflausu að hafa búfé öðrum til skaða og engum til gagns.

7. Þá skýrði formaður frá því að á aðalfundi Þjóðræknisfélags Vestur-Íslendinga var samþykkt að leggja fram 5000 kr. íslenskar til þess að koma upp Vestur-Íslendingalundi á Þingvöllum innan Þjóðgarðsins. Hefur Skógræktarfélag Íslands fengið tilkynningu um þetta. Þetta mun hafa verið gert fyrir forgöngu frú Guðrúnar Björnsson frá Kanada, sem kom á aðalfund félagsins ásamt manni sínum 1950 (sjá fundargerð 1950). Samþykkti fundurinn að senda þakkarskeyti fyrir þessa sjóðstofnun.

Þá samþykkti fundurinn að senda finska ræðismanninum Juuranto þakkarskeyti fyrir útvegun lerkifræs.

Þá var samþykkt að senda forseta Íslands heillaóskaskeyti og stjórn félagsins falið að bera fram þakki félagsins til Hauk Thors framkvæmdarstjóra vegna lands þess, sem hann gaf til skógræktar í Skorradal.

8. Hákon Bjarnason hvatti fundarmenn til þess að halda fram minningarspjöldum Landgræðslusjóðs og vinna stöðugt að því að auka skilning almennings á þýðingu skógræktarinnar.

9. Kosningar. Úr stjórn átt að ganga H. J. Hólmjárn og Einar G. E. Sæmundsen. Voru þeir báðir endurkosnir. Í varastjórn var endurkosinn Ingvar Gunnarsson.

10. Að lokum ávarpaði formaður fundarmenn og flutti forstöðukonunni

að Varmalandi ungfrú Vilborgu Jónsdóttur sérstakar þakkir fundarmanna fyrir allan viðurgerning og gat þess að þessir tveir dagar hefðu verið sérstaklega ánægjulegir.

Fundarmenn þökkðu góða fundarstjórn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Valtýr Stefánsson.

H. J. Hólmjárn.

Hákon Guðmundsson.

Skýrslur

skógræktarfélaganna 1951.

Skógræktarfélag Akraness.

Stjórn félagsins: Guðmundur Jónsson formaður, Jón M. Guðjónsson ritari, Jón Guðmundsson gjaldkeri og meðstjórnendur Sveinbjörn Oddsson og Lárus Árnason. Tala félaga 242.

Gróðursett var 4215 pl. birki, 2200 pl. reynir, 1130 pl. gulvíðir og 406 pl. ýmsar teg. Alls 7951 plöntur.

Fjórir fundir voru haldnir á árinu.

Sett var upp 6 þætt gaddavírgirðing með járnstólpum 950 m að lengd.

Skógræktarfélag Árnesinga.

Stjórn félagsins: Ólafur Jónsson formaður, Sigurður Eyjólfsson ritari, Einar Pálsson gjaldkeri, Helgi Kjartansson og Sigurður I. Sigurðsson. Tala félaga 799.

Gróðursettar voru á félagssvæðinu 31 þúsund plöntur, einkum barrplöntur. Þar af í skógræktargirðingu Skógræktarfélags Hvergerðinga 1000 birki, í heimilisskógarreit bænda Skeiðahreppi 7200 plöntur, ýmsar tegundir, í skógargirðingu í Kolsholti í Villingaholtshreppi 650 birki, í hreppsgirðingu Selfosshrepps 3300 birki, 3550 furur og 1100 sitkagreni, á Álfaskeiði 2555 plöntur, ýmsar tegundir, og í Oddgeirshólaklettum 743 plöntur, ýmsar tegundir. Skýrslur vantar frá eftirtöldum félagsdeildum: Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Ölfushrepps. Sáð var í Tryggvagarði sitkagreni- og birkifræi í 20 ferm. Dreifsett var 750 birki og 3700 furur. Settir voru niður 1500 græðlingar af þingvíði og 2200 ribs. Girt var á árinu: $5\frac{1}{2}$ ha. fyrir ofan þorpið í Hveragerði, 1 ha. í sunnanverðum Skógarási, 7 km girðing í Rauðhólum við Selfoss og 1 ha lands í Oddgeirshólaklettum. Félagið hafði fastan starfsmann yfir vortímann, og ferðaðist hann um sýsluna og leiðbeindi mönnum við gróðursetningu og annað í sambandi við skógrækt. Félagið keypti gaddavir sem nægja mun til að girða 1 ha. hjá hverri félagsdeild. Félagsstjórnin gekkst fyrir stofnun skógræktardeildar í Sandvíkurhreppi.

Aðalfundur var haldinn á árinu og 1 stjórnarfundur.

Í sjóði f. f. ári kr. 6.421.65, tekjur á árinu kr. 37.200.93. Gjöld á árinu kr. 33.932.27. Í sjóði kr. 9.690.31. Hrein eign kr. 15.330.31.

Skógræktarfélag Austurlands.

Stjórn félagsins: Guttormur Pálsson formaður, Haraldur Þórarinnsson gjaldkeri og Þórarinn Þórarinnsson ritari. Tala félaga 453.

Gróðursett voru á vegum félagsins 2780 lauftré og 5575 barrtré, samtals 8355 plöntur. Félagið sá um útvegum á vírneti og gaddavír handa félagsmönnum.

Aðalfundur var haldinn á árinu.

Tekjur á árinu kr. 24.262.00. Gjöld á árinu kr. 25.840.00. Hrein eign kr. 40.756.81.

Skógræktarfélag Austur-Húnavatnssýslu.

Stjórn félagsins: Sr. Gunnar Árnason, formaður, Jón S. Pálmason gjaldkeri, Páll Jónsson ritari og meðstjórnendur Sigurlaug Helgadóttir og Ágúst Jónsson. Tala félaga 98.

Plöntur voru keyptar fyrir kr. 5.216.00. Allmiklu var útbýtt til einstaklinga.

Girt var land á Spákonufelli og Spákonufellshöfða ca. 6 þús. ferm.

Aðalfundur var haldinn á árinu.

Í sjóði f. f. ári kr. 1.171.61, tekjur á árinu kr. 4.535.62. Gjöld á árinu kr. 4.322.50. Í sjóði kr. 1.384.73. Hrein eign kr. 1.944.73.

Skógræktarfélagið Björk, Austur-Barðastrandarsýslu.

Stjórn félagsins: Jens Guðmundsson formaður, Garðar Halldórsson og Ólína Magnúsdóttir. Tala félaga 25.

Gróðursettar voru um 2000 plöntur í girðingu félagsins á Barmahlíð, mest fura, en einnig fáeinar lerkir og greniplöntur. Á fjórum stöðum er verið að ala upp nokkurt magn af reyniplöntum sáð 1950 og 1951.

Girðingu félagsins á Barmahlíð var haldið við og byrjað á grisjun á kjarrlendi.

Einn fundur var haldinn á árinu.

Tekjur á árinu kr. 1.250.00. Peningar í sjóði kr. 1.250.00. Hrein eign kr. 5.250.00.

Skógræktarfélag Borgfirðinga.

Stjórn félagsins: Haukur Jörundsson, formaður, Daníel Kristjánsson gjaldkeri, Guðmundur Jónsson ritari. Meðstjórnendur Magnús Jónsson og Benedikt Guðlaugsson. Tala félaga 287.

Gróðursettar voru 3000 furur í Snagagirðingu. Dreifsettar voru 6000 furuplöntur og ennfremur nokkuð af viði. Sáð var birkifræi í 100 m² og furufræi í 60 m².

Fjórar girðingar eru á vegum félagsins.

Afhentar voru til félagsmanna 1500 birkiplöntur, 200 reyniviðir og 1000 barrplöntur, ennfremur ribs og sólber úr græðireitnum á Hvanneyri.

Haldinn var aðalfundur og 5 stjórnarfundir á árinu.

Í sjóði f. f. ári kr. 27.523.42, tekjur á árinu kr. 39.122.96. Gjöld á árinu kr. 56.941.44. Í sjóði kr. 9.704.94. Hrein eign kr. 33.765.22.

Skógræktarfélag Dalasýslu.

Stjórn félagsins: Sr. Pétur T. Oddsson formaður, Jónas Benónýsson gjaldkeri, Magnús Rögnvaldsson, Gísli Þorsteinsson og Halldór E. Sigurðsson ritari. Tala félaga 143.

Gróðursett var í Búðardal 860 plöntur aðallega birki og í Hvammi 5000 plöntur aðallega norsk skógarfura og sitkagreni. Samtals 5860 plöntur Brotið var land til að sá í. Útvegaðar plöntur í heimagarða. Gefið var út fjölritað blað, sem dreift var ókeypis um alla sýsluna.

Haldnir voru stjórnarfundir og aðalfundur.

Í sjóði í ársbyrjun kr. 3.332.82, tekjur á árinu voru kr. 17.745.11. Gjöld voru 16.962.82 kr. Í sjóði kr. 4.115.11, hrein eign í árslok kr. 17.396.62.

Skógræktarfélag Eyfirðinga.

Stjórn félagsins: Guðm. Karl Pétursson formaður, Þorsteinn Davíðsson ritari, Ármann Dalmanntson gjaldkeri, Sigurður Stefánsson og Björn Þórðarson. Tala félaga 599.

Gróðursett var í Vaðlaskóg 4000 furur, 300 greni og 2000 lerki. Í Kjarnaskóg 1400 birki, 100 furur, 400 greni og 200 lerki, í Leyningsshóla 200 furur, 300 greni, í Kónsstaðaháls 200 birki, 200 furur, og 100 greni. Hjá deildum félagsins voru gróðursett 23900 birki, 6500 furur, 2400 greni og 1800 lerki. Samtals 44000 plöntur. Sáð var fræi af birki, skógarfuru, lerki, blágreni, hvítgreni og sitkagreni í samtals 120 ferm. Græðingar af Alaskaösp og ýmsum runnategundum voru settar niður í rúml, 100 ferm.

Friðuð voru svæði hjá eftirtöldum félagsdeildum: Skógræktarfélagi Akureyrar, girðingarlengd 500 m, Skógræktarfélagi Öngulsstaðahrepps girðingarlengd 1600 m, Skógræktarfélagi Saurbæjarhrepps, girðingarlengd 400 m, Skógræktarfélagi Hrafnagilshrepps, girðingarlengd 800 m, Skógræktarfélagi Arnarneshrepps, girðingarlengd 1050 m og Skógræktarfélagi Árskógsstrandar, girðingarlengd 500 m. Ennfremur var girðingin í kringum Garðsárgilsreit lengd um 200 m.

10 stjórnarfundir voru haldnir á árinu og samkomur voru haldnar á vegum félagsins í ýmsum deildum.

Í sjóði f. f. ári kr. 4.923.53, tekjur á árinu kr. 109.509.00. Gjöld á árinu kr. 114.350.06. Í sjóði kr. 82.47. Hrein eign kr. 81.056.14.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar.

Stjórn félagsins: Þorvaldur Árnason formaður, Jón Gestur Vigfússon ritari, Jón Magnússon, gjaldkeri, Ólafur Vilhjálmsson og Ingvar Gunnarsson. Tala félaga 443.

Plantað var í girðingarnar í Gráhelluhrauni 1500 birki, 700 lerkí, 500 furur, 4300 greni og 40 aspir. Samtals 7040 plöntur.

Á árinu voru haldnir 5 stjórnarfundir og aðalfundur.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 20.476.97, tekjur á árinu kr. 33.689.30. Gjöld ársins kr. 37.821.15. Í sjóði kr. 16.345.12. Hrein eign kr. 96.418.98.

Skógræktarfélag Ísfirðinga.

Formaður Björn H. Jónsson.

Gróðursettar voru 2000 skógarfurur, 175 sitkagreni og nokkuð af lerkí, alaskaösp, gulvíði og þingvíði.

Girðingin í Tunguskógi var endurbætt.

Í sjóði kr. 7.169.05, tekjur á árinu kr. 11.607.14. Gjöld kr. 8.529.07. Í sjóði kr. 10.247.12. Hrein eign í árslok kr. 46.347.12.

Skógræktarfélag Mýrdælinga.

Stjórn félagsins: Óskar Jónsson formaður, Gunnar Magnússon, Gunnar Stefánsson, Erlingur Sigurðsson, Vigfús Ólafsson. Tala félaga 155.

Keypt var girðingarefni fyrir kr. 582.00.

Aðalfundur var haldinn á árinu.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 9.742.18, tekjur á árinu kr. 912.00. Í sjóði 3.202.89. Gjöld kr. 12.033.07. Hrein eign kr. 8.013.07.

Skógræktarfélagið Mörk.

Stjórn félagsins: Siggeir Björnsson formaður, Eyjólfur Eyjólfsson ritari, Sumarliði Björnsson gjaldkeri, Gísli Vigfússon og Bjarni Loftsson. Tala félaga 80.

Lokið var að fullu við girðinguna í Holtsdal.

Gróðursett í Holtsdal 800 greni og furur. Auk þess útvegaði félagið félagsmönnum plöntur. Samtals gróðursett á vegum félagsins 1352 plöntur.

Aðalfundur var haldinn á árinu.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 165.48, tekjur á árinu kr. 5.160.00. Gjöld kr. 2.829.03. Í sjóði kr. 2.496.45. Hrein eign kr. 14.496.45.

Skógræktarfélag Neskaupstaðar.

Formaður Eyþór Þórðarson. Tala félaga 120.

Gróðursettar voru 2950 plöntur en 400 plöntur útvegaðar félagsmönnum. Útvegað var girðingarefni, 1000 m af neti, handa einstaklingum. Unnið var við stækkun á skógargirðingu félagsins, keypt nokkuð efni og steyptir niður rúmlega 100 járnstaurar. Félagið er skuldlaust.

Skógræktarfélag Norður-Píngeyinga.

Stjórn félagsins: Erlingur Jóhannsson formaður, Halldór Sigurðsson og Theodór Gunnlaugsson. Tala félaga 132.

Gróðursettar voru í Kelduhverfi 1215 plöntur, í Öxarfjarðarhreppi 170 plöntur og í Prestshólahreppi 900. Samtals 2285 plöntum.

Einn fundur var haldinn á árinu.

Í sjóði í ársbyrjun kr. 5.690.94, tekjur á árinu kr. 12.537.60. Gjöld kr. 12.891.96. Í sjóði kr. 5.336.58. Hrein eign kr. 5.336.58.

Skógræktarfélag Rangæinga.

Stjórn félagsins: Ólafur Bergsteinsson formaður, Guðmundur Erlendsson, Klemens Kristjánsson, Helgi Jónsson og Árni Sæmundsson. Tala félaga 211.

Í stöð félagsins á Stórólfsshvoli voru gróðursettar 2000 birkiplöntur og 500 sitkagreni. Í nýja girðingu í Krappa voru gróðursettar 6000 furuplöntur og nokkuð af sitkagreni. Í Landssveit voru gróðursettar 3000 birkiplöntur í girðingu sem U. M. F. Merkihöll á. Um 3000 plöntur voru gróðursettar í garða einstaklinga. Samtals gróðursett á vegum félagsins um 16500 plöntur. Sáð var birki frá í 50 ferm.

Í sjóði f. f. ári kr. 37.00, tekjur á árinu kr. 7.100.00. Gjöld á árinu kr. 7.637.00. Hrein eign kr. 9.550.00.

Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Stjórn félagsins: Guðmundur Marteinsson formaður, Ingólfur Davíðsson ritari, Jón Loftsson gjaldkeri, Helgi Tómasson varaformaður og Sveinbjörn Jónsson meðstjórnandi. Tala félaga 1470.

Gróðursett var í Heiðmörk: 6975 birki, 45525 skógarfura, 24825 sitkagreni og 10475 sib. lerki. Í Rauðavatnsgirðingu var gróðursett: 2000 sib. lerki og 1000 sitkagreni. Í Fossvogsstöðina, skjólbelti ýmsar tegundir 1200 plöntur.

Í Fossvogsstöðina var sáð: sitkagreni í 135.5 m², skógarfuru í 75 m², engelmansgreni í 16.5 m², blágreni í 1.5 m², hvítgreni í 11.5 m², fjallaþöll í 11.5 m², sib. lerki í 15.0 m², kurileyjalerki í 12.0 m², birki (Bæjarstaðaskóg) í 75.0 m², álmur (ísl. fræ) í 15.0 m², álmur norskt fræ í 14.5 m², alaskafrætegundir (sýnishorn) í 15.0 m², Eldlandsfræ, 28 mismunandi tegundir í 18.0 m², fræ af ýmsum tegundum íslenskur í 5.0 m², Eucalyptus fræ frá Brasilíu í 6.0 m².

Haustsáning 1951: reynir (Reykjavík) í 20.0 m², sitkagreni í 75.0 m², skógarfura í 75.0 m². Úr stöðinni voru alls afhentar 67800 plöntur, þar af 6675 birki, 29225 skógarfura, 19075 sitkagreni, 10825 lerki og 2000 sólber.

Girðingum var haldið víð. Lagður var nýr vegur um Heiðmörk um 2700 m, fyrri vegir framlengdir um tæpa 2000 m.

Félagið sá um sölu og afhendingu plantna í Reykjavík fyrir Skógrækt ríkisins. Haldnir voru 9 stjórnarfundir og 2 skemmtifundir, 2 fundir voru með Heiðmerkurlandnemunum og aðalfundur.

Skógræktarfélag Seyðisfjarðar.

Stjórn félagsins: Margrét Friðriksdóttir formaður, Gísli Jónsson gjaldkeri, Gunnlaugur Jónasson ritari, Sigfús Einarsson og Brynhildur Haraldsdóttir. Tala félaga 90.

Gróðursett var: 1400 furur, 550 lerki, 330 sitkagreni, 150 rauðgreni og 200 birki. Plöntur þessar voru gróðursettar í skóglendi félagsins í Fögruhlíð.

Sáð var til reynslu birkifræi og rauðgrenifræi í smáreiti í skógargirðingu félagsins.

Allmiklar endurbætur gerðar á girðingu í Fögruhlíð.

Aðalfundur var haldinn og 1 stjórnarfundur.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 3.445.43, tekjur á árinu kr. 7.264.67. Gjöld kr. 12.181.60. Í sjóði kr. 1.028.50.

Skógræktarfélag Siglufjarðar.

Stjórn félagsins: Jóhann Þorvaldsson formaður, Gunnar Jóhannsson ritari, Kjartan Bjarnason gjaldkeri. Tala félaga 66.

Gróðursettar voru á vegum félagsins 2862 plöntur.

Aðalfundur var haldinn á árinu og nokkrir stjórnarfundir.

Í sjóði f. f. ári kr. 10.750.83, tekjur á árinu kr. 18.145.60. Gjöld á árinu kr. 15.468.41. Í sjóði kr. 13.428.02. Hrein eign kr. 18.028.02.

Skógræktarfélag Skagfirðinga.

Stjórn félagsins: Ólafur Sigurðsson formaður, Haukur Hafstað ritari, Sigurður Jónasson gjaldkeri, Gunnar Gíslason og Ole Bang. Tala félaga 388.

Gróðursett var í skógræktarsvæði félagsdeilda og félagsmanna 13000 birki, 5910 skógarfura, 100 þingvíðir, 499 rauðgreni, 535 lerki, 279 sitkagreni, 35 ribs, 62 reynir, 25 ösp og 36 asparstiklingar. Sáð var í Viðvík í útjörð 500 gr. af furufræi og 250 gr. af grenifræi. Á Hólum í Hjaltadal var einnig sáð lítilsháttar af furu- og grenifræi í útjörð.

Úr reitum félagsins var afgreitt 1000 stk. birki á Sauðárkrók og 1000 stk. birki í Hegranesdeild.

Þrjár nýjar skógræktargirðingar voru settar upp á árinu: Að Utanverðunesi 6 þætt gaddavírgirðing með járnstaurum, flatarmál $1\frac{1}{2}$ ha kostuð af Skógræktarfélagi Skagfirðinga. Að Vík í Staðarhreppi 6 þætt gaddavírgirðing, flatarmál $1\frac{1}{2}$ ha. Kostuð af ábúanda. Að Birkihlíð í Staðarhreppi 6 þætt gaddavírgirðing, flatarmál 1 ha. Kostuð af ábúanda.

Skógræktardeild var stofnuð á árinu við Búnaðarskólann á Hólum.

Margir stjórnarfundir voru haldnir á árinu og aðalfundur.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 12.309.38, tekjur á árinu kr. 14.054.76. Gjöld á árinu kr. 11.471.90. Í sjóði kr. 14.892.24. Hrein eign kr. 34.882.24.

Skógræktarfélag Strandasýslu.

Formaður Benedikt Grímsson. Tala félaga 134.

Gróðursettar voru í Hólmavíkurgirðingu ca. 2000 plöntur og um 1000 plöntur í kringum bæi félagsmanna.

Sett var upp girðing í Kirkjubólshreppi um 5 dagsláttur að stærð. Stofnaðar voru tvær deildir innan félagsins á árinu.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 1.331.62, tekjur á árinu kr. 5.481.95. Gjöld á árinu kr. 4.625.50. Í sjóði við áramót kr. 2.188.07 .

Skógræktarfélag Stykkishólms.

Stjórni félagsins: Guðmundur J. Bjarnason formaður, Bjarni Lárusson gjaldkeri, Kristján Zimsen ritari. Tala félaga 33.

Gróðursettar voru í reit félagsins 950 plöntur og 270 plöntur afhentar til félagsmanna.

Unnið var í sjálfboðavinnu við viðhald á girðingum og gróðursetningu. Einn fundur var haldinn á árinu og þrír stjórnarfundir.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 6.708.59, tekjur á árinu kr. 5.809.03. Gjöld á árinu kr. 11.721.00. Í sjóði kr. 796.42. Hrein eign kr. 15.271.37.

Skógræktarfélag Suðurnesja.

Stjórni félagsins: Ófeigur J. Ófeigsson formaður, Oddbergur Eiríksson gjaldkeri, Hallgrímur Th. Björnsson ritari, Ingimundur Jónsson varaformaður, Ragnar Guðleifsson, Huxley Ólafsson og Hermann Eiríksson. Tala félaga 169.

Gróðursett var í girðingu að Háabjalla 2700 birki, 1000 lerki, 1500 sitkagreni. Afhent án endurgjalds til Njarðvíkur 1500 birki, 500 sitkagreni, 50 lerki. Afhent án endurgjalds til Keflavíkur 500 reynir og 500 birki.

Aðalfundur var haldinn á árinu.

Í sjóði frá fyrra ári 3.368.40, tekjur á árinu kr. 11.402.50. Gjöld á árinu kr. 10.035.67. Í sjóði kr. 4.735.23. Hrein eign kr. 4.955.63.

Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga.

Stjórni félagsins : Tryggvi Sigtryggsson, formaður, Sigurður Gunnarsson ritari, Ketill Indriðason gjaldkeri, Jón Kr. Kristjánsson og Jón Sigurðsson. Tala félaga 452.

Gróðursett var í skógræktargirðingar félagsmanna 8615 birki, 2051 skógarfura, 1770 lerki 1697 sitkagreni, 175 rauðgreni og 109 alaskaaspir. Af þessum plöntum eru um 400 birkiplöntur aldar upp í uppeldisreitum félagsins.

Í uppeldisreitnum voru dreifsettar um 1000 birki. Einnig var þar sáð allmiklu birki-skógarfuru- og rauðgrenifræi.

Á árinu voru settar upp eftirtaldar girðingar: á Mógili, Svalbarðsströnd 500 m, Sunnuhvoli, Bárðardal 520 m, Reykjahóli, Reykjahverfi 270 m, Litlureykjum, Reykjahverfi 250 m og Húsavík, viðbót við eldri girðingu 350 m, samtals að flatarmáli 9,7 ha.

Aðalfundur var haldinn á árinu og 4 stjórnarfundir.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 28.605.23, tekjur á árinu kr. 19,780.00. Gjöld á árinu kr. 22.350.85. Í sjóði kr. 26.034.38.

Skógræktarfélag Svarfdæla.

Stjórn félagsins: Valdimar Óskarsson formaður, Ármann Sigurðsson ritari, Óskar Júlíusson gjaldkeri, Jóhann G. Sigurðsson og Friðrika Ármannsdóttir. Tala félaga 67.

Í gróðrarreit félagsins voru gróðursettar 500 furur, 150 sitkagreni og 250 lerkir.

Í uppeldisreit félagsins eru nú 2500 plöntur.

Félagið sá um útvegum og afhendingu u. þ. b. 500 trjáplantna til félagsmanna á árinu.

Gróðursetning, viðhald og endurbætur á girðingum var innt af hendi í sjálfboðavinnu félagsmanna.

Aðalfundur var haldinn á árinu og tveir stjórnarfundir.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 1.074.40, tekjur á árinu kr. 4.410. Gjöld á árinu kr. 3.791.30. Í sjóði kr. 1.693.10. Hrein eign kr. 13.205.90.

Skógræktarfélag Vestmannaeyja.

Formaður Árni J. Johnsen.

Gróðursett voru 500 sitkagreni. Ennfremur voru nokkur hundruð plöntur gróðursettar í einkagarða.

Girðingarefni keypt fyrir 650.00 kr.

Skógræktarfélag Vestur-Barðastrandarsýslu.

Stjórn félagsins: Svavar Jóhannsson, formaður, Bragi Ó. Thoroddsen gjaldkeri og Jóhann Skaptason ritari. Tala félaga 208.

Gróðursett í skógræktargirðinguna fyrir framan Drengjaholt á Patreksfirði: 150 sitkagreni og 50 lerkir. Í Vestur-Botni voru gróðursettar 200 lerkiplöntur. Stúkurnar í Tálknafirði gróðursettu í trjáæktargirðingar sínar að Sveinseyri 122 plöntur, ýmsar tegundir. Skógræktarfélag Bílddælinga gróðursetti í friðunargirðingu í Bíldudal 1200 skógarfurur og nokkuð af öðrum tegundum.

Afhentar voru 300 reyniplöntur og 800 birkiplöntur frá uppeldisstöðinni í Vestur-Botni, og auk þess nokkuð af víði- og ribsplöntum. Gert var við girðingu Skógræktar ríkisins í Vestur-Botni. Félagið annaðist kaup og

dreifingu á trjáplöntum til sýslubúa. Styrkir veittir til deilda: Skógræktarfélag Bílddælinga kr. 800.00, til skógræktardeilda í Tálknafirði kr. 500.00.

Guðmundur Sveinsson starfaði á vegum félagsins vorið 1951 og stjórnaði gróðursetningu og leiðbeindi mönnum við val plantna.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 863.86, tekjur á árinu kr. 6.309.15. Gjöld á árinu kr. 7.999.54. Hrein eign kr. 8.654.00.

Skógræktarfélag Vestur-Ísfirðinga.

Stjórn félagsins: Björn Guðmundsson, formaður, Þorvaldur Zófóníasson, Guðmundur Ingi Kristjánsson. Tala félaga 102.

Gróðursett var: í Brekkureit í Þingeyrarhreppi 400 skógarfurur, 25 sitkagreni, 125 birki og 30 lerki. Í Garðshlíðarreit í Mýrarhreppi 750 skógarfurur, 50 sitkagreni, 250 birki, 50 lerki og 50 reynir. Í Þverárgerði í Mosvallahreppi 50 sitkagreni, 50 lerki og 30 reynir. Í fræbeði á Læk eru um 2000 sitkagreni og 2000 af norskri furu einnig nokkuð af lerki. Plöntur þessar eru 2 ára.

Keypt var efni til girðingar Í Botnsskógi í Dýrafirði.

Afhentar voru 508 plöntur til einstaklinga. Aðalfundur var haldinn á árinu.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 13.429.56, tekjur á árinu kr. 6.173.00. Gjöld á árinu kr. 13.334.40. Í sjóði kr. 6.268.16. Hrein eign kr. 14.506.66.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1952,

haldinn í Menntaskólanum á Akureyri 5.-6. júlí.

(Útdráttur úr fundargerð).

Fundur settur kl. 10.00 í hátíðasal Menntaskólans. Ritari félagsins H. J. Hólmjárn setti fundinn í fjarveru formanns. Var Hólmjárn síðan einróma kosinn fundarstjóri.

Fundarritarar voru Steindór Steindórsson og Sigurður Blöndal.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi dagskrá:

Laugardaginn 5. júlí.

- Kl. 10.00 Fundur settur. Skýrsla stjórnar. Reikningar félagsins og Landgræðslusjóðs 1951.
- 12.00 Hádegisverður.
 - 14.00 Lagðar fram tillögur, kosið í nefndir, skýrslur félaga og umræður.
 - 19.00 Kvöldverður. - Ekið í Garðsárgil.

Sunnudaginn 6. júlí.

- Kl. 10.00 Nefndir skila störfum. - Tillögur afgreiddar. - Kosningar. - Fundarslit.
- 12.00 Hádegisverður.
 - 14.00 Ferð í Vaglaskóg.

2. Lesin skrá yfir fundarmenn að undangenginni rannsókn kjörbréfa.

Bauð fundarstjóri fulltrúa og gesti velkomna.

Þessir fulltrúar mættu á fundinum:

Skógræktarfélag Reykjavíkur. Helgi Tómasson, dr. med., Ingólfur Davíðsson, mag. scient., Sveinbjörn Jónsson, hrm., Hákon Guðmundsson, ritari Hæstaréttar, Kristinn Jakobsson, póstm., Egill Hallgrímsson, kennari, Aðal-

heiður Þorkelsdóttir, frú, Jón Helgason, kaupm., Vilhjálmur Sigtryggsson skógræktarm.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar: Þorvaldur Árnason, skattstjóri, Ingvar Gunnarsson, kennari, Sigurjón Vilhjálmsson, málari.

Skógræktarfélag Akraness: Guðmundur Jónsson, ráðunautur. Ólafur B. Björnsson, forstj., Sveinbjörn Oddsson, bókav.

Skógræktarfélag Borgarfjarðar: Benedikt Guðlaugsson, garðyrkjumaður, Hjörtur Helgason, vélstjóri.

Skógræktarfélag Stykkishólms: Chr. Zimsen, lyfsali.

Skógræktarfélag Vestur-Ísfirðinga: Björn H. Guðmundsson fyrrv. skólastjóri.

Skógræktarfélag Austur-Húnavatnssýslu: Sr. Gunnar Árnason.

Skógræktarfélag Skagfirðinga: Ólafur Sigurðsson, Hellulandi, Sigurður Jónasson, skógarvörður, Einar Siggeirsson kennari.

Skógræktarfélag Svarfdæla: Ármann Sigurðsson, Urðum.

Skógræktarfélag Eyfirðinga: Ármann Dalmannsson. framkvstj., Guðm. Karl Pétursson, yfirlæknir, Sr. Sigurður Stefánsson, Þormóður Sveinsson, bakari, Sr. Benjamín Kristjánsson, Þorsteinn Þorsteinsson, fulltrúi.

Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga: Tryggvi Sigtryggsson, Laugabóli, Ketill Indriðason, Ytra-Fjalli, Ari Bjarnason, Grýtubakka, Ísleifur Sumarliðason, skógarv., Jóhannes Árnason, Þórustöðum,

Skógræktarfélag Norður-Þingeyinga: Halldór Sigurðsson, Valþjófsstöðum.

Skógræktarfélag Austfirðinga: Guttormur Pálsson, skógarv., Haraldur Þórarinnsson, Reyðarfirði, Sigfús Jólsson, Reyðarf.

Skógræktarfélag Neskaupstaðar: Eyþór Þórðarson kennari.

Skógræktarfélag Rangæinga: Jón Jósef Jóhannesson, cand. mag.

Skógræktarfélag Árnessýslu: Ólafur Jónsson, Selfossi, Herborg Benediktsdóttir, frú Selfossi, Arnfríður Jónsdóttir, frú, Selfossi, Sigurður Ingi Sigurðsson, Selfossi.

Skógræktarfélag Heiðsynninga: Guðjón Björnsson, Álftavatni, Jónína Sigmundsdóttir, Álftavatni.

Úr stjórn Skógræktarfélags Íslands, H. J. Hólmjárn, Einar G. E. Sæmundsen, Haukur Jörundarson.

Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands: Hákon Bjarnason.

Gestir fundarins: Sig. O. Björnsson, forstj. Ak., Gunnar Schram, blaðam., Rvík., Helgi Jónasson bóndi Gvendarstöðum, Steindór Steindórsson, menntaskólakennari Ak., Sigurður Blöndal, skógræðikandidat, Hallormsstað, Árni Jónasson tilraunastjóri Ak.

3. Þá flutti Hákon Bjarnason fundinum kveðju formanns, Valtýs Stefánssonar, ritstjóra, sem ekki gat mætt á fundinum sökum ferðalags til Grænlands, og varaform. Hermanns Jónassonar, landbúnaðarráðherra, sem ekki gat mætt vegna stjórnarstarfa.

Hákon Bjarnason flutti nú greinargóða skýrslu stjórnar Skógræktarfélags Íslands um störf félagsins á s.l. ári. Af því helsta úr skýrslunni skal eftirfarandi nefnt.

- a) Tillag til félagsins frá ríkinu var í fyrra 185 þúsund kr., en nú 250 þús. kr. Sótt var um 500 þús. kr.
- b) Tillaga síðasta aðalfundar um að kennsla í skógrækt yrði tekin upp í kennaraskóla Íslands, þótti ekki framkvæmanleg að svo komnu. Þó var haldið námskeið í skógrækt fyrir kennaranemendur en aðeins 50% nemenda mætti á námskeiði. Samkvæmt þessari reynslu er ástæða til að óska þess að menntamálaráðherra fyrirskipi kennslu í skógrækt í Kennaraskólanum.
- c) Framkvæmdarstjóri lagði fram á fundinum erindi sem stjórn Skógræktarfélags Íslands sendi ráðuneytinu um að fá hluta af timburtollinum. Ráðuneytið tók þessu máli vinsamlega, en afgreiðsla málsins heyrir undir Alþingi eins og önnur tollalög.
- d) Friðun Reykjanesskaga. Skógræktarstjóri gaf á síðastliðnu ári skýrslu um málið til ríkisstjórnarinnar. Skýrsla þessi lá fyrir fundinum ásamt gróðurathugunarskýrslu Steindórs Steindórssonar. Ríkisstjórnin hefur skipað Árna G. Eylands og Sæmund Friðriksson til þess að athuga kostnaðarhlið friðun Reykjanesskaga.
- e) Skógræktarlöggjöfin hefur legið fyrir Búnaðarþingi til umsagnar. Enn þá er ekki talið tímabært að leggja frumvarpið fyrir Alþingi.
- f) Ársritið hefur verið gefið út að þessu sinni fyrir tvö ár, til þess að spara kostnað. Taka sum félögin nú miklu færri ársrit en áður. Það er mjög bagalegt.
- g) Norska kvikmyndin „Skogen vor arv“, sem sendiherra T. Andersen-Rysst léði félaginu hefur verið sýnd við góðar undirtektir.
- h) Norðmannaheimsóknin, reyndist happadrjúg, en varð kostnaðarsöm. Skógræktarfélag Íslands og Skógrækt ríkisins hafa deilt kostnaðinum til helminga. Var hann alls um 50 þús. kr.
- i) Á árinu gengu þrjú félög í Skógræktarfélag Íslands, Skógræktarfélag Neskaupstaðar, Heiðsynninga og Austur-Skaftfellinga.
- j) Landgræðslusjóður keypti á árinu eignina Grettisgötu 8 fyrir hagkvæmt verð. Munu Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Íslands og Landgræðslusjóður hafa skrifstofur sínar í þessu húsi.

Nokkrar umræður urðu um skýrsluna.

Ármann Sigurðsson. Það má ekki hætta útgáfu ársritsins eða minnka það til neinna muna. Heppilegast að félögin tækju sem svaraði einu ársriti fyrir hvern félag.

Ólafur Sigurðsson, taldi að ársritið ætti að vera innifalið í félagsgjaldi hvers félaga.

Þorvaldur Árnason. Í Hafnarfjarðarfélaginu er ársritið látið vera innifalið í árgjaldinu. En til þess að það sé framkvæmanlegt þarf það að

koma reglulega út, helst á haustin svo hægt sé að innheimta félagsgjöld um leið. Taldi skiftin á skógræktarfélagi við Noreg vera mjög heppileg og óskaði að þeim yrði haldið áfram.

Haukur Jörundarson gat þess, að áður hefði ársritið verið látið upp í árstíllag, en nú væri það orðið jafndýrt árstíllaginu en það vildi hann ekki hækka. Æskilegast væri að sem flestir keyptu ársritið af frjálsum vilja en þar sem margir eru í félaginu frá sama heimili er tæplega við að búast að allir kaupi það. Þá skýrði Haukur, að beiðni fundarstjóra frá för íslensku skógræktarmannanna til Noregs en þar var hann fararstjóri. Var frásögn hans öll hin fróðlegasta og skemmtilegasta og bar þess glöggvitni hve förin hefur öll verið vekjandi og vel til þess fallin að auka bjartsýni þátttakenda á möguleika skógræktarinnar hér á landi. Þá skýrði Haukur frá því að norsku félagssamtökin, sem að skiptunum stóðu hefðu talið æskilegt að skiftin gætu farið fram árlega.

Hákon Bjarnason taldi nauðsynlegt að betri reglu yrði komið á um útgáfu og sölu ársritsins. Ef reynslan yrði sú, að félögin stæðu sig ekki með sölu ritsins, yrði óhjákvæmilegt að minnka það mikið, og yrði það þá aðeins nauðsynlegur útdráttur úr skýrslum og reikningum. Ef skifti við Noreg á skógræktarfélagi eiga að halda áfram verða héraðsskógræktarfélögin að taka virkari þátt í þeim en verið hefur. Enn fremur er nauðsynlegt að fá fleiri félagasamtök til samstarfs t. d. Norðmannafélagið, Ísland-Noregur o. fl. félög. Þá verður líka að reyna að fá einhvern ríkisstyrk ef unnt er.

Tryggvi Sigtryggsson lagði áherslu á að ársritið héldi áfram að koma út, þyrfti það að komast inn á sem flest heimili. Skifti á skógræktarfélagi við Noreg þyrfti einnig að halda áfram.

4. Gjaldkeri félagsins Einar G. E. Sæmundsen las upp og skýrði endurskoðaða reikninga félagsins. Enn fremur las hann upp reikninga Landgræðslusjóðs. Reikningarnir börnir undir atkvæði og samþ. í einu hljóði.

5. **Kosin allsherjarnefnd.** Hákon Guðmundsson, Guðmundur Pálsson, sr. Sigurður Stefánsson, Guðmundur Jónsson, Tryggvi Sigtryggsson.

6. **Kosin kvöldvökunefnd.** Einar G. E. Sæmundsen, Ólafur Jónsson, Guðmundur Karl Pétursson. Söngstjóri kjörinn Ólafur B. Björnsson.

Matarhlé kl. 1-2.30.

Kl. 2.45 hófust fundarstörf að nýju.

7. Almennar umræður.

Jón Helgason lýsti ánægju sinni yfir þátttöku í aðalfundarstörfum Skógræktarfélagsins að Varmalandi síðastliðið ár og hverjum áhrifum hann varð þar fyrir og þeim áhuga sem þar ríkti. Ræddi hann um mikilvægi þess málefnis, sem hér væri að unnið og nauðsyn þess að öll þjóðin mætti sameinast um það. Taldi hann að nauðsyn bæri til að gera æsku landsins virka í starfinu að vernda og auka gróður landsins. Taldi hann æskilegt að prófum í barnaskólum landsins væri öllum lokið í apríl, svo börnin gætu verið úti

þegar í maí mánuði og þá unnið að hollum og nauðsynlegum skógræktarstörfum og öðrum hagnýtum gróðurstörfum.

Ólafur Jónsson Selfossi flutti svo hljóðandi tillögu.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Akureyri, samþykkir að beita sér fyrir því, að sett verði þegar á næsta ári lög um þegnaskylduvinnu við skógræktarstörf. Skal vinna þessi vera unnin undir stjórn Skógræktar ríkisins á hverju vori og einkum vera fólgin í því að gróðursetja trjáplöntur. Vinnuna framkvæmi allir piltar í landinu það ár, sem þeir verða 15 ára. Vinnutíminn sé allt að 40 dagar, en má vera styttri, ef verkefni eru ekki fyrir hendi. Vinnan er látin í té endurgjaldslaust, en piltarnir fái fæði og húsnæði, vinnuföt og ferðakostnað greiddann til og frá vinnustað. Unnið sé á landsvæðum, sem ríkissjóður á, eða kaupir og afhendir Skógrækt ríkisins til skóggæðslu. Skal einkum velja þau landsvæði, sem að áliti fróðra manna henta vel til skóggæðslu og séu það víðáttumikil að venjulegum skógi megi koma þar upp.

Tillögumaður skýrði tillöguna og tilgang hennar. Sagði hann markmiðið að koma hér upp nytjaskógum sem væru það víðlendir að þeir eftir 100-150 ár fullnægðu viðarþörf landsmanna. Til þess þyrfti að planta á næstu árum 4-5 millj. plantna árlega. Til þess að gróðursetja þá plöntutölu taldi tillögum. að þyrfti um 40 þús. dagsverk á ári. Landinu ætti að skifta í svæði. Vinnuskálum og öðrum tækjum þyrfti að koma upp á hverjum stað. Kostnað áætlaði tillögum. 1.8 millj. króna árlega. Till. vísað til stjórnar félagsins.

Dr. Helgi Tómasson taldi þessa tillögu ófæra. Hér væri byrjað á öfugum enda. Það væri ákaflega ervitt að fá unglinga á þessum aldri til að setta sig við þegnaskylduvinnu, og sálfræðilega séð væri þetta algjörlega ófært gagnvart unglingunum. Taldi hann frekar hægt að fá fullþroskað fólk til að setta sig við þegnaskylduvinnu. Kvaðst ræðum. algjörlega andvígur þegnaskylduvinnu unglinga í hvaða formi sem væri.

Jón J. Jóhannesson kennari við Skógaskóla kvað það sína reynslu að ógjörningur væri að beita nokkurri þvingun unglingana í þessum efnum. Það mætti ekki líta á unglinginn, sem vinnuafli, heldur væru störf sem þeim hentaði sambland af námi og leik. Taldi sig andvígna þegnaskylduvinnu unglinga.

Björn H. Guðmundsson kennari taldi réttara að ræða um þegniskaparvinnu en þegnaskylduvinnu.

Ólafur Jónsson undirstrikaði það að hann ætlaðist ekki til að gengið yrði að unglingunum með þvingun. Taldi að leggja bæri áherslu á að hér væri um nám að ræða.

Egill Hallgrímsson, kvaðst samkvæmt 25 ára reynslu sinni sem kennari vera algjörlega samþykkan ræðumönnum. sem teldu þegnaskylduvinnu unglinga ófæra.

Tryggvi Sigtryggsson ræddi um bæjarskóga sem þeir Þingeyingar hafa

unnið við að koma upp. Hann taldi að hér væri unnin þegnskaparvinna á heimilunum. Hér ynnu unglingar og börn þegnskaparvinnu ásamt fullorðna fólkinu. Slíkt stefndi í rétta átt. Taldi hann þegnskylduvinnu eins og hér væri að stefnt ekki koma til greina.

Þorsteinn Þorsteinsson lýsti sig andvígán þegnskylduvinnu. Taldi þvingun ónaðsýnlega. Það sýndi öll reynsla á Akureyri og í Eyjafirði. Á Akureyri hefði fram að þessu verið svo mikill áhugi að oft hefðu fleiri boðist í sjálfboðavinnu við trjáplöntun en hægt hefði verið að taka. Tillögu Ólafs þyrfti ábyggilega að sníða mjög til áður en hún yrði nothæf.

Ketill Indriðason lýsti sig samþykkan Jóni Helgasyni um styttingu námstíma í barnaskólum og í þess stað láta börnin vinna að skógrækt á vorin. Um þegnskyldutill. Ó. J. benti ræðum. á að sveitaheimili gætu ekki mist unglinga sína á mesta annatíma á vorin. Um timbertollinn sagði ræðumaður að til lítils væri að krefja ríkissjóð um timbertollinn ef ekki væri samtímis hægt að benda á tekjur fyrir ríkissjóð sem kæmi í stað timbertollsins. Ræðumaður var andvígur tillögu Ólafs Jónssonar.

Eyþór Þórðarson taldi þegnskylduvinnu vera ráð til þess að framkvæma skógrækt, og þess bæri að gæta að áhugi á störfunum skapaðist við kynningu. Hugsanlegt væri að hafa lagaákvæði sem heimiluðu sveitafélögum að beita þegnskylduvinnu til vissra þarflegra framkvæmda.

Hákon Bjarnason taldi að þegnskyldumálið væri enn ekki tímabært.

Ármann Sigurðsson kvaðst ekki óttast að þegnskylduvinnna myndi fæla unglinga frá skógræktinni. Þótti einkennileg hin mikla andúð, sem þegnskylduvinnan hefði mætt á fundinum. Taldi að bæði við sjálf og niðjar okkar hefðum skyldur við landið, að klæða það og bæta. Skyldurnar væru til góðs og þær ætti ekki að forðast.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og var öllum framkomnum tillögum vísað til allsherjarnefndar.

8. Fundinum barst svohljóðandi skeyti:

Skógræktarfélag Dalasýslu sendir aðalfundi Skógræktarfélags Íslands hugheilar kveðjur og árnaðaróskir. Þökkðu fundarmenn skeytið með lófataki.

9. Skýrslur Skógræktarfélaganna.

Fulltrúar frá 18 Skógræktarfélögum fluttu nú skýrslur um störf sín 1951. Eru skýrslur félaganna birtar á öðrum stað í ritinu. Hér skal þó getið eftirfarandi atriða úr skýrslu Skógræktarfélags Rangæinga, sem er sérstaks eðlis. Þeir hafa ákveðið eftirfarandi verkefni.

1. Láta rannsaka hvar hentast er að rækta skóg í sýslunni.
2. Rannsaka hvernig hentugast er að tengja saman skógrækt og uppgræðslu örfoka lands.
3. Efla eins og unnt er ræktun trjágarða við bæi í sýslunni og gera nákvæma athugun á því hvernig léttast sé að koma upp trjágarði við hvern bæ innan sýslunnar.

4. Rannsaka hvaða trjátegundir henta best.
5. Þá hefur félagið fengið ungan mann til að nema verklega skógrækt, með tilliti til þess að hann verði síðan starfsmaður þess við leiðbeiningar o. fl.

Fundarstjóri fór nokkrum orðum um skýrslurnar, og taldi þær sýna ljóslega að áhugi mikill væri í félögunum, þau væru komin af frumstigi sínu, frá ráðagerðum til framkvæmda. Hins vegar væri ljóst af skýrslunum að enn skorti á að nægilegar plöntur væru fyrir hendi til að fullnægja eftirspurninni. Það eru ennþá sérstaklega erfiðleikar á að fullnægja eftirspurn á þeim trjáplöntum sem mest eru eftirsóttar t. d. lerki og sitkagreni. En úr þessu mun líka rætast.

Matarhlé var gefið til kl. 6.30. Kl. 8 var lagt af stað í Garðsárgil. Var eftirtektarvert að sjá nokkur birkitré sem höfðu varist eyðileggingu í flugháu klettagili þar sem enginn lifandi skepna komst að nema fuglinn fljúgandi. Og eftir að svæði af óræktar grasmóum norðan gilsins hafa verið girtir fjárheldri girðingu, hefur strax byrjað að vaxa skógur á friðaða svæðinu, af fræi sem dreifðist við fok frá gömlu trjánum í gilin. En utan girðingarinnar sést ekki ein einasta trjáplanta. Rollurnar sjá fyrir því.

Kl. 9.30 hófst kvöldvaka á K. E. A. í boði Skógræktarfélags Akureyrar. Var þar kaffidrykkja og margvíslegur gleðskapur.

10. Sunnudaginn 6. júlí hófst fundur kl. 10.15.

Allsherjarnefnd skilaði álit og var Hákon Guðmundsson framsögumaður hennar.

Tillögur, sem allsherjarnefnd lagði til að samþykktar væru:

I. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1952 leggur áherslu á það, að ársrit félagsins komi út árlega. Telur fundurinn réttara að velja fremur þann kostinn að draga úr stærð þess heldur en hækka verðið, ef nauðsynlegt er vegna vaxandi útgáfukostnaðar að velja annan hvorn þessara kosta. Telur fundurinn nauðsynlegt að ársritið komi með vorinu og eigi síðar en í júnílok ár hvert. Jafnframt skorar fundurinn á Skógræktarfélagin að stuðla að sölu ársritsins eftir mætti.

Tillagan samþykkt samhljóða.

II. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Akureyri 1952 felur stjórn félagsins að beita sér fyrir því, að frumvarp það til laga um skógrækt, sem fyrir fundinum liggur verði að lögum á næsta Alþingi.

Samþykkt samhljóða.

III. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1952 lýsir ánægju sinni yfir skiftum þeim á skógræktarfólki milli Íslands og Noregs, sem áttu sér stað síðastliðið vor og leggur áherslu á, að slíkum skiftum verði haldið áfram. Telur fundurinn æskilegt, að leitað verði samvinnu við önnur félagssamtök í landinu til stuðnings máli þessu t. d. U. M. F. Í., Félagið Ísland-Noregur, Norræna félagið o. fl. -

Samþykkt samhljóða.

IV. Frá Skógræktarfélagi Skagfirðinga.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Akureyri 5.-6. júlí 1952, endurnýjar þá samþykkt síðasta aðalfundar að ákveðnum hluta af aðflutningsgjöldum af viði og viðarafurðum verði varið til skóggræðslu eins og um getur í erindum formanns Skógræktarfélags Íslands og skógræktarstjóra, dags. 18. og 28. mars 1952 til landbúnaðarráðherra.

Samþykkt samhljóða.

V. Frá Skógræktarfélagi Skagfirðinga.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Akureyri 5.-6. júlí 1952 felur stjórn félagsins og Skógrækt ríkisins að láta gera athugun á og tillögur um legu og stærð skógræktarsvæða sem víðast á landinu einkum í skógarlausum héruðum, svo að fólk geti sem fyrst gert sér grein fyrir legu þeirra vegna búreksturs.

Samþykkt samhljóða.

VI. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands á Akureyri 5.-6. júlí 1952 felur stjórn félagsins að leita eftir því við fræðslumálastjórnina að kennslu barna og unglinga verði hagað þannig að nemendum gefist í maímánuði ár hvert tími og tækifæri til náms í skógræktarstörfum eftir því sem verkefni og möguleikar á hverjum stað leyfa.

Samþykkt samhljóða.

VII. Frá Agli Hallgrímssyni. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Menntaskólanum á Akureyri 5.-6. júlí 1952 beinir þeim tilmælum til stjórnar félagsins að hún athugi möguleika á að áhugafólk um skógrækt fái tækifæri til að kynna sér starfsemi uppeldisstöðvanna og tilhöggun þeirra. Vill fundurinn jafnframt benda á að æskilegt væri að félagið í samvinnu við Skógrækt ríkisins léti taka kvikmynd af starfsemi uppeldisstöðvanna, þar sem sýnd yrðu öll stig starfsins allt frá því að fræinu er sáð og þar til plönturnar eru gróðursettar.

Samþykkt samhljóða.

VIII. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Akureyri 1952, beinir því til félagsstjórnarinnar, að hún taki til athugunar í samráði við sérfróða menn hvort tiltækilegt sé að fella inn í væntanlega stjórnarskrá lýðveldisins almenn ákvæði til verndunar jarðvegi landsins.

Samþykkt samhljóða.

IX. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1952 felur stjórn félagsins að vinna að því, að fjárframlag til styrktar eigendum og nothöfum skóglendis og skóglauss lands til að friða landið og rækta þar skóg verði aukið verulega á komandi árum og þannig mætt óskum fjölmargra áhugamanna.

Vísað til félagsstjórnar.

X. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Akureyri 1952 beinir þeirri ósk til fjárveitingavaldsins, að styrkur til skógræktarfélaganna á fjárlögum 1953 verði eigi lægri en 600.000.00 kr.

Samþykkt samhljóða.

11. Stjórnarkosning. Úr stjórn gekk Valtýr Stefánsson formaður félagsins. Var hann endurkosinn. Úr varastjórn gekk dr. Björn Jóhannesson. Hákon Guðmundsson var kosinn.

12. Kjörnir endurskoðendur Kolbeinn Jóhannsson og Halldór Sigfússon.

13. Fundarstaður næsta aðalfundar ákveðinn á Suðurlandi.

14. Hákon Bjarnason hélt nú ræðu og lagði meðal annars áherslu á að skógræktarfélögin og starfsemi þeirra væri lífakkeri skógræktarinnar í landinu. Þá gat hann þess að tveir lærðir skógfræðingar væru nýkomnir til landsins frá námi, þeir Baldur Þorsteinsson frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn og Sigurður Blöndal frá Landbúnaðarháskólanum á Ási í Noregi. Þakkaði skógræktarstjóri fulltrúum komuna, fundarstjóra og riturum störf sín og skólameistara menntaskólans húslánið.

15. Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundarstjóri flutti síðan stutt ávarp til fundarmanna, sagði fundi slitið og óskaði fulltrúum góðrar heimkomu og starfa.

Fundarstjóri

H. J. Hólmjárn.

Fundarritarar

**Steindór Steindórsson,
Sig. Blöndal.**

Skýrslur

skógræktarfélaganna 1952.

Skógræktarfélag Akraness.

Stjórn félagsins: Guðmundur Jónsson formaður, Jón M. Guðjónsson ritari, Jón Guðmundsson gjaldkeri, Sveinbjörn Oddsson og Lárus Árnason. Tala félaga 243.

Gróðursett var: 2500 birki, 2500 reynir, 600 sitkagreni, 50 rauðgreni og 50 skógarfurur. Alls 5700 plöntur.

Afhent var til félagsmanna 495 plöntur.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 16.061.64, tekjur á árinu kr. 18.900.72. Gjöld á árinu kr. 30.553.35. Í sjóði kr. 4.409.01. Hrein eign kr. 14.253.26.

Skógræktarfélag Árnesinga.

Stjórn félagsins: Ólafur Jónsson formaður, Sigurður Eyjólfsson ritari, Einar Pálsson gjaldkeri, Sigurður I. Sigurðsson og Helgi Kjartansson. Tala félaga 1108.

Gróðursettar voru á félagssvæðinu 70776 plöntur, sem skiftast þannig eftir tegundum: 26100 birki, 31045 fura, 8140 sitkagreni, 1795 rauðgreni, 1420 lerki og 2276 ýmsar garðplöntur.

Uppeldisstöð í Hvammi á vegum U. M. F. Hrunamanna (skógræktardeild) afhenti á árinu 1500 birkiplöntur, og upveldisstöð á Vorsabæ á vegum U. M. F. Samhygð (skógræktardeild) afhenti 300 birkiplöntur. Settir voru niður 3000 græðlingar af þingvíði og 417 ribs. Dreifsett voru 580 birki og 1395 furur.

Komið var upp girðingum á eftirtöldum stöðum: Brautarholti, í Sandvíkurhreppi 1 ha. að stærð, hjá Biskupstungnadeild 1½ ha. að stærð, hjá U. M. F. Laugdæla (skógræktardeild) 1 ha, hjá U. M. F. Eyarbakka (skógræktardeild) 3 ha. Hjá U. M. F. Samhyggð (skógræktardeild) 1 ha., hjá Skógræktarfélagi Hraungerðishrepps 3 ha.

Tíu norskir skógræktarmenn dvöldu á vegum félagsins s.l. vor.

Aðalfundur var haldinn á árinu og einn stjórnarfundur.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 9.690.31, tekjur á árinu kr. 69.147.30. Gjöld á árinu kr. 69.666.66. Í sjóði kr. 9.170.95. Hrein eign kr. 11.497,45.

Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga.

Stjórn félagsins: Páll Jónsson, formaður, Sigurlaug Helgadóttir ritari, Jón S. Pálmason gjaldkeri, Ágúst Jónsson. Sr. Gunnar Árnason gekk úr stjórn vegna brottflutnings af félagssvæðinu. Tala félaga 152.

Keyptar voru 7.723 trjáplöntur fyrir ca. 10.000.00 kr. Sáð var Alaskafræi í friðaðan reit í Höfðakaupstað. Stjórnarfundir voru haldnir þrír á árinu.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 1.944.73, tekjur á árinu kr. 6.545.82. Gjöld á árinu kr. 5.193.25. Í sjóði kr. 3.297.30. Hrein eign 4.417.30.

Skógræktarfélag Austurlands.

Stjórn félagsins: Guttormur Pálsson formaður, Þórarinn Þórarinsson ritari, Haraldur Þórarinsson gjaldkeri. Tala félaga 355.

Á vegum félagsins var gróðursett: 6260 skógarfura, 3992 björk, 3972 sitkagreni, 808 reynir, 521 lerkí, 436 rauðgreni, 339 þingvíðir, 118 ribs, 88 gulvíðir, 27 alaskaðsp, 18 hvítgreni, 2 heggur og 2 silfurreynir. Ennfremur úthlutaði félagið af eigin uppeldi 4000 birkiplöntum. Alls 20900 plöntur.

Skógræktarfélag Torfastaðaskóla, Vopnafirði og Skógræktarfélag Búlandshrepps, Djúpavogi settu upp girðingar á árinu en ókunnugt er um lengd þeirra. Þessir einstaklingar settu upp girðingar á árinu: Metúsalem Kjerúlf, Hrafnkelsstöðum, Fljótsdal, girðingar lengd 750 m, og Helgi Þórðarson, Ljósalandi, Vopnafirði, girðingarlengd 300 m. Nýjar girðingar um smærri trjágarða urðu samtals 2500 m. Félagið útvegaði efni til ofangreindra girðinga.

Aðalfundur var haldinn á árinu og nokkrir stjórnarfundir.

Tekjur á árinu kr. 16.936.00. Gjöld á árinu kr. 16.936.00. Hrein eign kr. 44.713.00.

Skógræktarfélag Austur-Skaftfellinga.

Stjórn félagsins: Þorsteinn Guðmundsson, Kristján Benediktsson og Jón Stefánsson. Tala félaga 160.

Gróðursettar voru á vegum félagsins um 1000 plöntur.

Sett var upp 600 m löng girðing í Hlíðarlandi í Lóni. Staurar voru lagðir til endurgjaldslaust af félagsmönnum.

Haldnir voru 3 fundir.

Tekjur á árinu kr. 4.600.00. Gjöld á árinu kr. 3.641.00. Í sjóði kr. 959.00.

Skógræktarfélagið Björk.

Stjórn félagsins: Sigurður Eliasson, Ólína Magnúsdóttir, Garðar Halldórsson. Tala félaga 25.

Unnið áfram við uppeldisreiti félagsins, sem sáð var í 1951.

Girðing félagsins á Barmahlíð endurbætt.

Afhent nokkuð af plöntum til félagsmanna.

Í sjóði f. f. ári kr. 1.250.00, tekjur á árinu kr. 2.250.00 Gjöld á árinu kr. 400.00. Í sjóði kr. 3.100.00. Hrein eign kr. 5.600.00.

Skógræktarfélag Borgfirðinga..

Stjórn félagsins: Haukur Jörundarson formaður, Guðmundur Jónsson ritari, Daníel Kristjánsson gjaldkeri, Magnús Jónsson og Benedikt Guðlaugsson. Tala félaga 340, hefur fjölgað um 53 á árinu.

Gróðursett var í Snagagirðingu, Grímsstaðagirðingu, Stafholtseyjargirðingu og Stóru-Fellsöxl, Reykholtadal, 15 þúsund plöntur alls. Aðallega birki, fura og greni.

Sáð var birki- og furufræi í 1800 ferm. að Hvítárbakka. Afhentar voru úr græðireitnum að Hvanneyri eftirtaldar garðplöntur: 3000 birki, 2500 sitkagreni og 1000 af reyni og víði. Auk þess 4000 skógarplöntur. Lagðar voru kr. 1.500.00 til undirbúnings á nýjum græðireit.

Girt var: 500 m löng girðing í Stafholtsey, 300 m löng girðing í Reykholtadal og 300 m löng girðing í Flókadal. Félagið leiðbeindi víð val á landi til skógræktar og aðstoðaði einstaklinga við efniskaup o. fl. í sambandi við einkatjáreiði. Einnig tók það á móti 8 Norðmönnum og dvöldu þeir á vegum þess í 12 daga.

Haldinn var aðalfundur og félagsfundur á árinu svo og nokkrir stjórnarfundir.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 9.705.44, tekjur á árinu kr. 32.925.12. Gjöld á árinu kr. 19.188.03. Í sjóði kr. 23.442.53. Hrein eign kr. 37.742.53.

Skógræktarfélag Dalasýslu.

Stjórn félagsins: Sr. Pétur Oddsson formaður, Markús Torfason gjaldkeri, Halldór Sigurðsson ritari, Magnús Rögnvaldsson og Gísli Þorsteinsson. Tala félaga 147.

Gróðursett var í Búðardals-, Hvamms- og Saurbæjargirðingu um 7000 plöntur, aðallega greni og fura einnig nokkuð af birki. Sett var upp girðing í landi Þverdals í Saurbæjarhreppi, 400 m á kant.

Út kom II. árgangur Félagstíðinda. Haldinn var aðalfundur og stjórnarfundur.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 4.810.61, tekjur á árinu kr. 5.714.03. Gjöld á árinu kr. 4.081.05. Í sjóði kr. 6.443.59. Hrein eign kr. 6.443.59.

Skógræktarfélag Eyfirðinga..

Stjórn félagsins: Guðmundur Karl Pétursson formaður, Þorsteinn Davíðsson ritari, Ármann Dalmannsson gjaldkeri, Sigurður Stefánsson, Björn Þórðarson, Benjamín Kristjánsson og Helgi Eiríksson. Tala félaga 602.

Gróðursett var: í Vaðlaskóg 2500 skógarfura, 1300 lerki, í Kjarnaland 1000 skógarfurur, rauðgreni og birki, í Garðsárgil 400 skógarfura, 600 rauðgreni, í Vaglareið 600 rauðgreni og 600 skógarfura. Á vegum félagsdeilda

voru gróðursett: 10386 birki, 8400 skógarfurur, 2680 sitkagreni, 2825 lerki, 300 rauðgreni, 285 alaskaðsp, 56 reyniviður, og 25 gulvíðir. Alls voru gróðursettar á vegum félagsins 31957 plöntur. Settar voru upp girðingar á eftirtöldum stöðum: Viðbót við Kjarnaland 200 m, á Miðhálsstöðum í Öxnadal 1600 m, bráðabirgðagirðing neðan við Kjarnatún 200 m, hjá Skógræktarfélagi Arnarneshrepps girðingarlengd 1085 m, hjá Skógræktarfélagi Ársskógsstrandar girðingarlengd 500 m, hjá Skógræktarfélagi Saurbæjarhrepps girðingarlengd 800 m, hjá Skógræktarfélagi Öngulsstaðahrepps girðingarlengd 200 m.

Félagið tók á móti og sá um dvöl norskra skógræktarmanna, og unnu þeir á vegum þess að gróðursetningu. Það hafði og samvinnu við Rf. Nl. um útgáfu á ársriti þess.

Sáð var í 220 ferm. (vorsáning) og 50 ferm. (haustsáning) .

Haldnir voru 10 stjórnarfundir á árinu og fræðslufundir með kvikmyndasýningum.

Dreifsett var: 18000 birki, 6000 sib. lerki, 8000 skógarfura og 5000 rauðgreni.

Í sjóði kr. 6.588.70. Hrein eign kr. 68.343.23.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar.

Stjórn félagsins: Þorvaldur Árnason formaður, Jón Gestur Vigfússon ritari, Jón Magnússon gjaldkeri, Ólafur Vilhjálmsson og Ingvar Gunnarsson. Tala félaga 442.

Gróðursett var í Gráhelluhraungirðingu: 500 birki, 3000 fura, 4800 sitkagreni, 1500 rauðgreni og 200 aspir. Alls 10 þúsund plöntur. Öll útplöntun og önnur störf í þágu félagsins voru unnin í sjálfböðavinnu. Félagsstjórnin sá um afhendingu og sölu trjáplantna til almennings.

Haldinn var aðalfundur á árinu og 8 stjórnarfundir.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 16.345.12, tekjur á árinu kr. 29.337.33. Gjöld á árinu kr. 17.054.75. Í sjóði kr. 28. 627.70. Hrein eign kr. 116.050.56.

Skógræktarfélag Heiðsynninga.

Stjórn félagsins: Þórður Gíslason formaður, Páll Pálsson, Gunnar Guðbjartsson, Kristján Guðbjartsson og Þorsteinn L. Jónsson. Tala félaga 85.

Gróðursett var: í félagsreit að Dalmynni 1515 plöntur, við félagsheimilið Breiðablik 600 plöntur, í trjáreit Kvenfélagsins í Mávstaðabyrgi 200 plöntur og nokkuð í heimilisreiti. Alls 2560 plöntur. Friðaður var reitur að Dalsmynni rúmlega ha. að stærð. Nokkuð var girt af trjáreitum við bæi.

Einn almennur félagsfundur var haldinn á árinu og tveir stjórnarfundir.

Tekjur á árinu kr. 4.260.00. Gjald á árinu kr. 3.266.25. Í sjóði kr. 993.75.

Skógræktarfélag Mýrdælinga.

Stjórn félagsins: Gunnar Stefánsson, Einar H. Einarsson, Karl Jóh. Gunnarsson, Erlingur Sigurðsson, Gunnsteinn Ársælsson, Ástríður Stefánsdóttir, Matthildur Gottsveinsdóttir. Tala félaga 126.

Gróðursett var á ýmsum stöðum: 675 sitkagreni, 345 skógarfura, 745 birki og 46 alaskaösp.

Félagið hefur komið sér upp vísi að tilrauna- og uppeldisstöð að Skammadalshól og var sáð þar s. l. haust nokkru af birki og reynifræi. Ennfremur útvegaði það plöntur í garða, alls 618 stk. mest sitkagreni og birki.

Aðalfundur var haldinn á árinu og þrír stjórnarfundir.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 12.033.07, tekjur á árinu kr. 14.953.46. Gjöld á árinu kr. 17.898.09. Í sjóði kr. 9.088.44. Hrein eign kr. 21.886.38.

Skógræktarfélagið Mörk.

Stjórn félagsins: Siggeir Björnsson, formaður, Sumarliði Björnsson gjaldkeri, Eyjólfur Eyjólfsson ritari, Bjarni Loftsson og Gísli Vigfússon. Tala félaga 80.

Gróðursett var á vegum félagsins yfir 1500 plöntur, þar af í girðingu félagsins í Holtsdal, 500 skógarfurur og 500 sitkagreni, en 500 birki í nýja girðingu hjá Hörgslandi á Síðu. Sett var upp ný girðing hjá Hörgslandi á Síðu lengd ca. 620 m.

Í sjóði kr. 1.887.31, tekjur á árinu kr. 3.300.00. Gjöld á árinu kr. 5.130.92. Í sjóði kr. 56.39. Hrein eign kr. 15.056.39.

Skógræktarfélag Neskaupstaðar.

Stjórn félagsins: Eyþór Þórðarson, féhirðir, Gunnar Ólafsson ritari, Sigdór V. Brekkan og Oddur A. Sigurjónsson. Formaður félagsins, séra Guðmundur Helgason andaðist á miðju ári og hefur ekki verið kosinn formaður í hans stað. Tala félaga 120.

Félagið keypti 3800 plöntur og gróðursetti sjálf 3100 plöntur, nálega helmingur af hvoru birki og greni. Það sem eftir var af plöntum fór til einstaklinga, þar af var um 200 plöntum úthlutað ókeypis. Stækkuð var girðingin í Nesfjalli um 30 þúsund ferm. Kostnaður við það varð kr. 11.400.00.

Haldinn var aðalfundur og nokkrir stjórnarfundir á árinu.

Félagið er skuldlaust.

Skógræktarfélag Norður-Þingeyinga.

Stjórn félagsins: Halldór Sigurðsson, Erlingur Jóhannsson og Theodór Gunnlaugsson. Tala félaga 130.

Gróðursett var: í skógargirðingu í Presthólakrauni 550 birki og 1020

fura. Í skógargirðingu að Lundi, Öxarfirði 1000 birki, 1000 fura og 400 sitkagreni. Alls 3970 plöntur.

Sett var upp ný girðing að Lundi í Öxarfirði að lengd 640 m.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 5.300.00, tekjur á árinu kr. 6.910.00. Gjöld á árinu kr. 13.527.00. Hrein eign kr. 8.375.00.

Skógræktarfélag Rangæinga.

Stjórn félagsins: Ólafur Bergsteinsson formaður, Helgi Jónasson, Klemens Kristjánsson, Guðmundur Erlendsson og Árni Sæmundsson. Tala félaga 211.

Gróðursettar voru um 3000 birkiplöntur í stöð félagsins að Stórólfsbholi, og auk þess nokkuð af rauðgreni og sitkagreni. Í girðinguna í Krappa voru gróðursettar 1000 skógarfurur, 800 sitkagreni og 500 rauðgreni. Alls um 5300 plöntur.

Sett var upp girðing fyrir væntanlegan sveitarskóg í Ásahreppi. Einnig gaf Klemens Kristjánsson á Sámstöðum girðingu um sveitarskóg í Fljótshlíð.

Félagið útvegaði einstaklingum plöntur í garða og ferðaðist formaður þess um Landeyjar og leiðbeindi um hirðingu og grisjun á plöntum.

Haldnir voru útbreiðslufundir á 5 stöðum í sýslunni.

Tekjur á árinu kr. 7.500.00. Gjöld á árinu kr. 8.880.00. Hrein eign kr. 9.912.00.

Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Stjórn félagsins: Guðmundur Marteinnsson formaður, Ingólfur Davíðsson ritari, Jón Loftsson gjaldkeri, Helgi Tómasson og Sveinbjörn Jónsson. Tala félaga 1470.

Gróðursettar voru í Heiðmörk 123.425 trjáplöntur. Plönturnar voru af þessum tegundum: 21250 sitkagreni, 61950 skógarfura, 8900 lerki, 15525 rauðgreni og 15800 birki. Plönturnar voru gróðursettar af sjálfboðaliðum í spildur sem úthlutað hefur verið síðastliðin þrjú ár. Við Rauðavatn voru gróðursettar 1200 plöntur og í Fossvogsstöðinni (skjólbelti) 4000 plöntur. Samtals gróðursett á vegum félagsins 128625 plöntur.

Sáð var fræi 12 tegunda í samtals 1300 ferm. þar af tæpur helmingur haustsáð (1952). Dreifsettar voru alls 230000 trjáplöntur og græðlingar. Úr gróðrarstöðinni voru afhentar 157710 trjáplöntur. Girðingum var öllum haldið við.

Félagið sá um afhendingu trjáplantna í Reykjavík, sem að andanfögnu, einnig tók það á móti og sá um dvöl 15 Norðmanna af hópi þeim sem hingað kom til skógræktarstarfa vorið 1952.

Aðalfundur var haldinn á árinu, einn skemmtifundur og 10 stjórnarfundir.

Skógræktarfélag Seyðisfjarðar.

Stjórn félagsins: Margrét Friðriksdóttir formaður, Gísli Jónsson gjaldkeri, Gunnl. Jónasson ritari, Sigrún Einarsdóttir og Brynhildur Haraldsdóttir. Tala félaga 97.

Gróðursett í skóglendi félagsins í Fögruhlíð: 3000 skógarfurur, 450 sitkagreni og 50 lerki. Samtals 3500 plöntur. Girðingunni í Fögruhlíð haldið við eftir þörfum.

Aðalfundur var haldinn á árinu og tveir stjórnarfundir.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 13.421.32, tekjur á árinu kr. 10.650.87. Gjöld á árinu kr. 8.799.48. Í sjóði kr. 2.630.05.

Skógræktarfélag Siglufjarðar.

Stjórn félagsins: Jóhann Þorvaldsson formaður, Kjartan Bjarnason gjaldkeri, Gunnar Jóhannsson ritari, Guðmundur Jónasson og Hlöðver Sigurðsson. Tala félaga 65.

Gróðursett var í landi félagsins: 700 rauðgreni, 600 sitkagreni, 50 skógarfura, 700 birki og 300 víðir. Alls 3350 plöntur. Sett var upp 1500 m löng girðing um land það sem félagið hefur til umráða í Skarðdalslandi. Viðhald eldri girðinga var mjög mikið. Hjá félaginu unnu 8 unglingar 5-6 daga hver.

Aðalfundur var haldinn á árinu og 2 stjórnarfundir.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 13.421.32, tekjur á árinu kr. 10.650.87. Gjöld á árinu kr. 10.157.86. Í sjóði kr. 13.914.33. Hrein eign kr. 18.514.33.

Skógræktarfélag Skagfirðinga.

Stjórn félagsins: Ólafur Sigurðsson formaður, Haukur Hafstað ritari, Sigurður Jónasson gjaldkeri, sr. Gunnar Gíslason og Ole Bang. Tala félaga 389.

Gróðursett var í girðingar félagsdeilda og félagsmanna rúmlega 17000 trjáplöntur. Mestur hlutinn var birki en þó nokkuð af furu, rauðgreni og sitkagreni.

Sá var í girðinguna að Bjarnarstaðahlíð í Vesturdal. Einnig var sáð í beð á Sauðárkróki og í Viðvík 10 ferm á hvorum stað.

Úr uppeldisreit félagsins á Sauðárkróki var fært út 500 stk. birki. Var það gróðursett við Sauðárgil.

Tvær skógræktargirðingar voru settar upp á árinu: að Úlfssstöðum í Blönduhlíð 3 ha og að Brekku í Seyluhreppi 2 ha.

Skógræktardeild var stofnuð í Blönduhlíð.

Margir stjórnarfundir voru haldnir á árinu og aðalfundur var haldinn í maí.

Í sjóði f. f. ári kr. 14.892.24, tekjur á árinu kr. 15.682.00 Gjöld á árinu kr. 18.201.00. Í sjóði kr. 12.373.24. Hrein eign kr. 32.363.24.

Skógræktarfélag Stykkishólms.

Stjórn félagsins: Guðmundur J. Bjarnason formaður, Bjarni Lárusson gjaldkeri, Kristján Zimsen ritari. Tala félaga 40.

Gróðursett var: í reit félagsins 1400 plöntur og afhent til félagsmanna 600 plöntur.

Viðgerðir á girðingum voru unnar í sjálfböðavinnu og einnig gróðursetning trjáplantna. Einn fundur var haldinn á árinu og þrír stjórnarfundir.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 796.42, tekjur á árinu kr. 7.676.50. Gjöld á árinu kr. 2.587.30. Í sjóði kr. 5.885.62. Hrein eign kr. 19.935.62.

Skógræktarfélag Suður-Pingeyinga.

Stjórn félagsins: Tryggvi Sigtryggsson formaður, Þórólfur Guðnason ritari, Ketill Indriðason gjaldkeri, Jón Sigurðsson og Jóhannes Árnason. Tala félaga 476.

Gróðursett var í skógræktargirðingar félagsmanna: 9018 birki, 8761 skógarfura, 2193 sitkagreni, 3205 rauðgreni, 490 lerki, 58 alaskaösp. Samtals 23.725 plöntur. Af þessum plöntum voru 664 birki, 680 skógarfurur og 400 lerki úr uppeldisreit að Laugabóli. Sáð var nokkru af furu- og rauðgrenifræi í nokkrar skógræktargirðingar í Aðaldal og Reykjadal. Í uppeldisreitinn á Laugabóli var sáð nokkru fræi af skógarfuru, rauðgreni, sitkagreni og birki.

Settar voru upp á árinu 23 skógræktargirðingar. Samanlögð lengd þeirra er 7,85 km, en samanlagt flatarmál 31 ha.

Félagið tók á móti nokkrum norskum skógræktarmönnum að Laugum, en sakir ótíðar varð ekkert úr starfi þeirra á vegum félagsins.

Aðalfundur var haldinn á árinu og þrír stjórnarfundir.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 26.034.38, tekjur á árinu kr. 17.990.00. Gjöld á árinu kr. 31.390.75. Peningar í sjóði kr. 12.633.63.

Skógræktarfélag Svarfdæla.

Stjórn félagsins: Valdemar Óskarsson formaður, Ármann Sigurðsson ritari, Óskar Júlíusson gjaldkeri, Jóhann Sigurðsson og Friðrika Ármannsdóttir. Tala félaga 75.

Gróðursett var í gróðureit félagsins: 200 birki, 800 fura, 750 sitkagreni og 800 rauðgreni. Alls 2550 plöntur.

Í uppeldisreit félagsins eru nú um 5000 plöntur.

Félagið sá um útvegum og afhendingu 500 trjáplantna til félagsmanna á árinu.

Stjórnarfundir voru 3 á árinu auk aðalfundar.

Í sjóði f. f. ári 1.693.10, tekjur á árinu kr. 3.748.00. Gjöld á árinu kr. 11.428.05. Í sjóði kr. 13.05. Hrein eign kr. 11.786.60.

Skógræktarfélag Suðurnesja.

Stjórn félagsins: Ófeigur J. Ófeigsson formaður, Hallgrímur Th. Björnsson ritari, Oddbergur Eiríksson gjaldkeri, Ingimundur Jónsson, Huxley Ólafsson og Hermann Eiríksson.

Gróðursett var í girðingunni að Háabjalla og í Njarðvíkum og Keflavík: 3300 birki, 5000 skógarfura, 1500 sitkagreni og 1500 rauðgreni. Umsjón með gróðursetningunni hafði Oddbergur Eiríksson gegn gjaldi frá félaginu, en sjálfbóðaliðar úr félaginu framkvæmdu -verkíð.

Skógræktarfélag Strandasýslu.

Formaður Benedikt Grímsson. Tala félaga 127.

Gróðursettar voru 550 plöntur í skógræktargirðingu Hólmavíkurhreppsdeildar, í skógræktargirðingu í Kirkjubólshreppi 680 plöntur og í ýmsa smáreiti við bæi á félagssvæðinu 490 plöntur. Alls 1720 plöntur.

Í sjóði f. f. ári kr. 2.188.07, tekjur á árinu kr. 7.279.88. Gjöld á árinu kr. 2.397.80. Í sjóði kr. 7.070.15.

Skógræktarfélag Vestur-Barðastrandarsýslu.

Stjórn félagsins: Svavar Jóhannsson formaður, Jóhann Skaptason ritari, Bragi Ó. Thoroddsen gjaldkeri. Tala félaga 207.

Gróðursett var í girðinguna fyrir framan Drengjaholt á Patreksfirði: 100 sitkagreni og 300 skógarfura. Í girðingu Skógræktar ríkisins í Vestur-Botni: 140 sitkagreni, 300 skógarfura og sib. lerki 25 stk. Í girðingu Skógræktar ríkisins í Langa-Botni, Arnarfirði: 600 plöntur að mestu skógarfura. Í friðunargirðingu á Bíldudal: 350 skógarfurur, og 200 sitkagreni. Í trjáræktargirðingu að Sveinseyri: 200 plöntur af ýmsum tegundum. Í heimareiti 350 plöntur, ýmsar tegundir. Alls 2565 plöntur. Afgreitt var nokkuð af trjáplöntum frá uppeldisstöðinni í Vestur-Botni.

Girðingin fyrir framan Drengjaholt var endurbætt og einnig var girðingin í Vestur-Botni löguð.

Fastur starfsmaður vann hjá félaginu í einn mánuð á vorinu og ferðaðist hann um sýsluna og leiðbeindi um niðursetningu trjáplantna. Styrkir voru veittir til deildanna samtals kr. 2.000.00 úr félagssjóði.

Í sjóði frá fyrra ári kr. 173.47, tekjur á árinu kr. 10.367.70. Gjöld á árinu kr. 9.842.90. Í sjóði kr. 698.27. Hrein eign kr. 8.379.08.

Skógræktarfélag Vestur-Ísfirðinga.

Stjórn félagsins: Björn Guðmundsson formaður, Þorvaldur Zófoníasson og Guðmundur Ingi Kristjánsson. Tala félaga 100.

Í Garðshlíðarreit og Brekkureit í Dýrafirði var gróðursett: 1000 skógarfurur, 420 sitkagreni, 60 rauðgreni og 800 birki. Alls 2280 plöntur.

Gróðrarstöðin að Læk í Dýrafirði afhenti nokkuð af birki.

Aðalfundur var haldinn á árinu.

Í sjóði f. f. ári kr. 6.268.16, tekjur á árinu kr. 6.690.00 Gjöld á árinu kr. 4.129.50. Í sjóði kr. 8.828.86. Hrein eign kr. 19.326.46.

Skógræktarfélag Ísfirðinga.

Formaður Björn H. Jónsson. Tala félaga 42.

Í girðingu félagsins í Tunguskógi var gróðursett: 700 sitkagreni, 250 sib. lerki, 150 skógarfura, 70 rauðgreni og nokkrar alaskaaspir. Einnig var nokkuð gróðursett í girðingu í hlíðinni fyrir ofan bæinn, og nokkuð af Alaskaðsp í garð M. Simson.

Ísafjarðarkaupstaður veitti á árinu nál. kr. 10.000.00 styrk til vinnu fyrir unglinga í Tunguskógi. Þetta var unnið: gert var mjög rækilega við girðinguna, gróðursettar þær trjáplöntur, sem áður er getið, ræst fram þar sem þörf var innan girðingarinnar og kjarrið grisjað.

Verið er að undirbúa reit fyrir plöntuuppeldi í garði M. Simson.

Í sjóði f. f. ári kr. 5.657.12, tekjur á árinu kr. 22.399.38. Gjöld á árinu kr. 23.287.00. Í sjóði kr. 4.769.50. Hrein eign kr. 48.784.50.

REIKNINGUR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

fyrir árið 1951.

REKSTRARREIKNINGUR

frá 1. jan. til 31. des. 1951.

Gjöld:

Launagreiðslur	kr.	5750.00
Vélritun, fjölrítun o. fl.	-	1481.08
Kostnaður við aðalfund	-	2435.00
Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	-	3868.39
Kostnaður vegna erlendra gesta	-	13119.70
Annar kostaður	-	982.45
Prentunar- og sendingarkostnaður á ársriti	-	46557.26
Gaddavír og staurar:		
Birgðir 1. jan. 1951	kr.	23471.52
Keyptur gaddavír og kostnaður	-	216422.80
	kr.	239894.32
÷ Birgðir 31. des. 1951	-	74774.85
		- 165119.47
Hakar :		
Birgðir 1. jan. 1951	kr.	2430.00
Kaupverð og kostnaður	-	8745.88
	kr.	11175.88
÷ Birgðir 31. des. 1951	-	9500.00
		- 1675.118
		Kr. 240989.23

Tekjur:

Árgjöld	kr.	11492.00
Ríkisstyrkur .. .	-	23000.00
Selt ársrit og auglýsingar	-	35222.40
Vextir af sparisjóðsbók nr. 1106 við Búnaðar- banka Íslands	kr.	2.90

Vextir af viðskiptabók nr. 622 við Söfnunar-

sjóð Íslands	- 686.40	
		- 689.30
Selt girðingarefni og staurar		- 167338.45
Seldir hakar		- 2279.60
Gjöld umfram tekjur.....		- 967.48
		Kr. 240989.23

EFNAHAGSREIKNINGUR

31. desember 1951.

Eignir:

Skrifstofuáhöld		kr. 1247.52
Bóka- og skjalaskápur		- 1500.00
Bækur		- 500.00
Bankainnstæður :		
Sparisjóðsbók nr. 1106 við Búnaðarbanka		
Íslands	kr. 148.02	
Viðskiptabók nr.622 við Söfnunarsjóð Íslands	- 14986.73	
		- 15134.75
Fyrirfram greiddur kostnaður við ársritið		- 15000.00
Birgðir:		
Girðingarefni og staurar	kr. 74774.85	
Hakar	- 9500.00	
		- 84274.85
Útistandandi skuldir hjá skógræktarfélögum		- 25508.05
Útistandandi vegna auglýsinga		- 3500.00
Í vörzlu Skógræktarfélags Íslands:		
1. Bæjarstaðaskógur :		
Sparisjóðsbók nr. 2258 við Sparisjóð Reykjavíkur		- 1056.94
2. Minningarsjóður Guðmundar Sigurðssonar:		
Viðskiptabók nr. 645 við Söfnunarsjóð Íslands		- 1264.67
3. Minningarsjóður Jóns Mýrdals:		
Viðskiptabók nr. 644 við Söfnunarsjóð Íslands		- 1184.97
4. Sameiginlegur sjóður skógræktarfélaganna:		
Sparisjóðsbók nr. 46060 við Landsbanka Íslands		- 100.86
5. Minningarsjóður Elín. E. Jóhannesd. og Jóh. Sveinss.:		
Sparisjóðsbók nr. 15820 við Búnaðarbanka Íslands		- 3715.55
		Kr. 153988.16

Skuldir:

Skuld við Landgræðslusjóð		kr. 115003.84
Sjóðir í vörzlu:		
1. Bæjarstaðaskógur:		
Hrein eign 1. jan. 1951	kr. 1021.21	
Vextir	- 35.73	
		- 1056.94
2. Minningarsjóður Guðmundar Sigurðssonar:		
Hrein eign 1. jan. 1951	kr. 1205.33	
Vextir	- 59.34	
		- 1264.67
3. Minningarsjóður Jóns Mýrdals:		
Hrein eign 1. jan. 1951	kr. 1129.37	
Vextir	- 55.60	
		- 1184.97
4. Sameiginlegur sjóður Skógræktarfélaganna:		
Hrein eign 1. jan. 1951	kr. 97.47	
Vextir	- 3.39	
		- 100.86
5. Minningarsjóður Elínborgar E. Jóhannes- dóttur og Jóhannesar Sveinssonar:		
Hrein eign 1. jan. 1951	kr. 3589.93	
Vextir	- 125.62	
		- 3715.55
Eignir umfram skuldir 1. jan. 1951	kr. 32628.81	
Gjöld umfram tekjur skv. rekstrarreikningi	- 967.48	
		- 31661.33
		<u>Kr. 153988.16</u>

Framanskráðir reikningar eru samdir eftir Sjóðbók félagsins og fleiri gögnum, að aflokinni endurskoðun.

Tilgreindar bankainnstæður eru í samræmi við sparisjóðsbækur félagsins.

Reykjavík, 28. júní 1952.

Kolbeinn Jóhannesson.

Halldór Sigfússon.

REIKNINGUR LANDGRÆÐSLUSJÓÐS

fyrir árið 1951.

REKSTRARREIKNINGUR

frá 1. janúar til 31. desember 1951.

Gjöld:

Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	kr.	3868.39	
Ritföng, símakostnaður, auglýsingar og leiga fyrir bankahólf	-	680.75	
Innheimtukostnaður o. fl.	-	1985.21	
Endurskoðun og uppgjör	-	750.00	
			kr. 7284.35
Afskrifuð styrktarfélagsgjöld frá f. ári	-	1150.00	
Afskrifuð skuld vegna jólatréssölu frá f. ári	-	362.25	
Greitt vegna kaupa á jólatrjám	-	60347.31	
Tekjur umfram gjöld	-	10617.28	
			Kr. 79761.19

Tekjur:

Vextir af skuldabréfum og lánum	kr.	8020.66	
Vextir af innstæðu í bönkum	-	1205.10	
Arður af hlutabréfum í Eimskipafélagi Ísl.	-	43.00	
Minningargjafir	-	1195.00	
Styrktarfélagagjöld	-	8880.00	
			kr. 19343.76
Innborgaðar skaðabætur vegna jólatrjáa	-	60417.43	
			Kr. 79761.19

EFNAHAGSREIKNINGUR

31. desember 1951.

Eignir:

Skógrækt ríkisins, skuldabréf	kr.	120000.00
Skógrækt ríkisins, skuldabréf	-	38500.00

Helgi Tómasson, skuldabréf	-	35000.00	
Sandgræðsla ríkisins, skuldabréf	-	35000.00	
Skógræktarfélag Reykjavíkur, skuldabréf	-	35000.00	
Skógræktarfélag Reykjavíkur, lán	-	25000.00	
Jón Loftsson, lán	-	18000.00	
Prentsmiðjan Oddi, víxill	-	20000.00	
			kr. 326500.00
Veðskuldarbréf í Landsbanka Íslands	-	5000.00	
Skuldabréf Reykjavíkurbæjar	-	5000.00	
Skógræktarfélag Íslands, lán	-	115003.84	
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f.	-	1075.00	
Búnaðarbanki Íslands, sp. nr. 16584	kr.	87061.57	
Útvegsbanki Íslands, sp. nr. 20684	-	294.14	
Landsbanki Íslands, sp. nr. 48393	-	811.76	
Sparisjóður Reykjavíkur, sp. nr. 8307	-	1101.58	
Útvegsbanki Íslands, sp. nr. 6719	-	580.51	
Útvegsbanki Íslands, sp. nr. 6720	-	1053.42	
			- 90902.98
Óinnheimt styrktarfélagagjöld	-	1150.00	
Sjóður	-	29908.82	
Áfallnir óinnheimtir vextir	-	2337.00	
Óhafinn arður í Eimskipafélagi Íslands h. f.	-	129.00	
Í vörzlu Landgræðslusjóðs :			
1. Minningarsjóður Önnu Jónsdóttur og Stefáns Jónssonar:			
Sparisjóðsbók nr. 19432 í Búnaðarbanka Íslands	-	7043.02	
2. Reykholtssjóður:			
Sparisjóður Reykjavíkur: Sp. nr. 10348	kr.	4112.37	
Söfnunarsj. Íslands: Viðskiptab. nr. 770	-	4816.30	
			- 8928.67
3. Minningarsjóður Ólafar Sigurðardóttur:			
Búnaðarbanki Íslands, sparisjóðsbók nr. 22408	-	5531.09	
4. Minningarsjóður Guðmundar Helgasonar og Þóru Ás-			
mundsdóttur :			
Búnaðarbanki Íslands, sparisjóðsbók nr. 23504	-	3928.64	
5. Minningarsjóður Jóns Hermanns Jóhannssonar frá			
Skógarkoti:			
Búnaðarbanki Íslands, sparisjóðsbók nr. 24276	-	7315.24	
			Kr. 609753.30

Skuldir:

Sjóðir í vörzlu:

1. Minningarsjóður Önnu Jónsdóttur og Stefáns Jónssonar:			
Hrein eign 1. jan. 1951	kr.	6804.88	
Vextir	-	238.14	
			kr. 7043.02
2. Reykholtssjóður :			
Hrein eign 1. jan. 1951	kr.	8890.83	
Vextir	-	372.84	
			kr. 9263.67
Úttekið vegna plöntukaupa	-	335.00	
			- 8928.67
3. Minningarsjóður Ólafar Sigurðardóttur:			
Hrein eign 1. jan. 1951	kr.	5344.05	
Vextir	-	187.04	
			- 5531.09
4. Minningarsjóður Guðmundar Helgasonar og Þóru Ásmundsdóttur:			
Hrein eign 1. jan. 1951	kr.	4108.50	
Vextir	-	140.14	
			kr. 4248.64
Úttekið vegna plöntukaupa	-	320.00	
			- 3928.64
5. Minningarsjóður Jóns Herm. Jóhannssonar frá Skógarkoti:			
Hrein eign 1. jan. 1951	kr.	6968.48	
Gjóf		100.00	
Vextir	-	246.76	
			- 7315.24
Hrein eign 1. jan. 1951 .:	kr.	566389.36	
Tekjur umfram gjöld skv. rekstrarreikningi	-	10617.28	
			- 577006.64
			Kr. 609753.30

Framanskráðir reikningar eru samdir eftir sjóðbók sjóðsins og fleiri gögnum, að aflokinni endurskoðun.

Tilgreindar bankainnstæður eru í samræmi við sparisjóðsbækur sjóðsins.

Reykjavík, 28. júní 1952.

Kolbeinn Jóhannsson, Halldór Sigfússon.

Smávegis.

SKÓGRÆKT OG SKÁLDSKAPUR.

Íslendingum hefur löngum verið tamt að binda hugsanir sínar í rím, og stundum eru send hingað erindi og kvæði, sem menn hafa gert í sambandi við störf sín í skógræktarmálum. Ekkert af þessu hefur verið birt í ritinu síðan 1939, að kvæði var sent ritinu undir fölsku nafni.

En hér fara á eftir tvö erindi. Hið fyrra er nafnapula. prýðilegt erindi ort af mjög miklum áhugamanni um skógrækt.

Hið síðara er frá húsfreyju á Snæfellsnesi og heitir Vökunótt.

NÝJU FÖTIN FJALLKONUNNAR.

Gróður mun vaxa í garði,
 greni í fjallaskarði.
 Þöll á velli þrumir,
 - því trúa aðeins sumir.
 Álmur sprettur við ósa,
 ösp og birkið ljósa.
 Víðir með vegsemd prýðir,
 vegu um fjallahlíðir.

Reynir angar í ranni,
 runnur er sérhvers granni.
 Lerki með laufi ungu,
 ljóðið vekur á tungu.
 Sólber sé ég í hrönnum,
 sitja á kvistum grönnum.
 Rífsberin rauðu hanga,
 rósar við ljósan vanga.

Fura grær uppi í fjalli,
 fögur á klettastalli.
 Einir teygir út anga,
 úfinn um brekkuvanga.
 Fjalldrapi frjáls um móa
 feginn vill mega gróa.
 Lyng er í hverri laut.
 Lokið er kvæðaþraut.

J. S.

VÖKUNÓTT.

Áin syngur ástaljóð við blæinn
undir spilar brimhljóð létt og hljótt,
draumaskikkja breiðist yfir bæinn
blundar döggvott grasið milt og rótt.

Að uppfyllingu æskudrauma minna
ég ætla að starfa í ljúfum næturfrið,
í nótt ég ætla ein að vaka og vinna
verkið ljúfa, er þolir enga bið.

Trjáplönturnar bíða hér í böndum
biðja um líf í nýrri fósturmold,
sumar fluttar inn frá öðrum löndum,
aðrar vaxnar hér á vorri fold.

Í lágum halla læt ég þær nú standa,
þau lífstré eiga að mynda bæjarskóg,
hvert einstakt handtak vel ég ætla að vanda,
og veita þeim af gróðurefnum nóg.

Og þó þær séu ennþá ósköp smáar,
þær eiga seinna að breyta þessum hól,
ég sé þær vaxa og verða geisiháar
og veita öðrum nytjagróðri skjól.

Og þegar dagsins amstri og önnum lýkur
er yndislegt að starfa í skógarlund,
er næturkulið létt um laufið strýkur
og ljómar morgunroði um slétta grund.

Ef skógartrúna áttu ekki í hjarta,
ættirðu að planta trjám um sólarlag.
Þú eignast frið og eygir framtíð bjarta,
og endurfæddur byrjar nýjan dag.

Margrét Guðjónsdóttir, Dalsmynni.

RÍKISSTYRKUR TIL SKÓGRÆKTARFÉLAGA 1952.

Skógræktarfélag Akraness	kr.	5.000.00
-,,- Árnesinga	-	20.000.00
-,,- Austur- Húnvetninga	-	4.000.00
-,,- Austurlands	-	8.000.00
-,,- Austur-Skaftfellinga	-	3.000.00
-,,- Björk, A-Barðaströnd	-	2.000.00
-,,- Borgfirðinga	-	9.000.00
-,,- Dalasýslu	-	4.500.00
-,,- Eyfirðinga	-	35.700.00
-,,- Hafnarfjarðar	-	8.000.00
-,,- Heiðsynninga	-	3.000.00
-,,- Ísafjarðar	--	3.000.00
-,,- Mýrdælinga	-	5.000.00
-,,- Mörk	-	3.000.00
-,,- Neskaupstaðar	-	3.000.00
-,,- Norður-Þingeyinga	-	3.000.00
-,,- Rangæinga	-	5.000.00
-,,- Reykjavíkur	-	35.700.00
-,,- Seyðisfjarðar	-	3.000.00
-,,- Siglufjarðar	-	3.000.00
-,,- Skagafjarðar	-	12.000.00
-,,- Strandasýslu	-	4.000.00
-,,- Stykkishólms	-	2.600.00
-,,- Suðurnesja	-	5.000.00
-,,- Suður-Þingeyinga	-	13.000.00
-,,- Svarfdæla	-	2.000.00
-,,- Vestmannaeyja	-	2.000.00
-,,- V.- Barðstrendinga	-	4.500.00
-,,- V.-Ísfirðinga	-	4.000.00
-,,- Íslands	-	35.000.00
Samtals		kr. 250.000.00

NÝIR LANDNEMAR Á ÍSLANDI.

Haustið 1945 var safnað fræi af nokkrum plöntum, er uxu á strönd Collegefjarðar, sem skerst inn úr Prins Vilhjálmsflóa á miðri suðurströnd Alaska. Staðurinn, sem fræinu var safnað á, er skammt norðan við 61. breiddarbaug, og er veðurfar þar svipað og hér á Suðurlandi. Sumar þessara plantna hafa dafnað ágætlega, og má því gera ráð fyrir að þær geti ílendst. Hér skal greint frá þrem þeirra, er bestum þroska hafa náð.

Lupinus nootkatensis vex víða um suðurhluta Alaska, bæði í fjöru rétt við sjávarmál og eins í rökum skógarrjóðrum. Í Collegefirði var um 3-4 metra breitt lúpínubelti eftir endilangri fjörunni í skógarjaðrinum. Utan lúpínubeltisins var álíka breitt melgresisbelti en þar fyrir utan strjáll saltvatnsgróður. Úr belti þessu var tekin rúmlega matskeið af fræi og einn rótarhnaus í september 1945. Fræinu var sáð að Tumastöðum 1946 en hnausnum var plantað í Múlakoti. Mest af fræinu spíraði ekki fyrr en 1947, og þegar plönturnar voru komnar nokkuð á legg voru þær fluttar í Múlakot 1950. Þar fór þeim ágætlega fram og báru þær fræ samsumars og ávalt árlega úr því.

Árið 1951 og einkum 1952 voru lúpínuhnausar fluttir ofan á Þveráraura, í girðingu, sem sett var upp fram undan Múlakoti og Eyvindarmúla. Plönturnar báru þegar fræ, og hafa þær nú sáð sér hvarvetna umhverfis hnausana.

Hér á landi er lítið um belgjurtir, en æskilegt væri að geta látið þær vaxa hér sjálfsánar, því að þær afla sér köfnunarefnis úr loftinu, og bæta því mjög allan jarðveg. Þessi lúpína virðist kunna vel við sig, því að hún ber þroskuð fræ frá því síðast í júlí og fram í september. Eru því miklar líkur til, að hún geti orðið til nytja.

Elymus mollis, melgresistegund, sem svipar mjög til íslenska melsins. Tegundin vex, eins og áður getur, í fjöru-

borðinu á ströndum Alaska. Víða vex hún í fjörugrjóti án þess að mynda sandhóla eða þúfur. Fræi af þessum mel var safnað 1945 í Collegefirði og sáð í Múlakoti. Hefur vaxið afar ört. Plönturnar voru allar fluttar í girðinguna á Þveráráurum 1951. Árið 1950 var líka safnað fræi af þessari tegund á Montagueeyju.

Rubus spectabilis. Þessi klungurunnur nefnist *Salmon berries* á ensku máli, og af athugaleysi hefur nafnið laxaber fests við hann hér, en slíkt nafn er óhæft. Plantan vex hvarvetna um skógana í Collegefirði, þar sem nægilegt ljós kemst í gegn um þykknið. Hún ber rauð blóm og fagurrauð stór ber, sem eru mjög ljúffeng. Plantan breiðist mjög út með rótarskotum. Hún hefur borið þroskuð ber í Múlakoti. Hún vex og ágætlega í görðum í Reykjavík og hafa nú margir fengið þessa plöntu til ræktunar.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H.F.

REYKJAVÍK.

*ðæmt úthláðum í Akureyri,
Ísafirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.*

★ *Annars íll venjuleg bankaviðskipti*
innanlands og utan, svo sem innheimtut, kaup og öllu
erlendu gjaldgjafa o. s. frv.

★ *Tekur á móti fé*
íll tekurinnar í hlutþáttakning eða með sparisjóðskj-
unum með eða án uppsagnarfroða

★ *Aðbyrgð ríkissjóðs*
er á öllu sparisjóðsli í bankamun og í öðrum hans.

★ *Sparisjóðsdeild bankans*
opnu frá kl. 9-5 alla vika daga nema sunnudegi.

TJARNARCAFÉ

*Skemmtilegustu og vínslustu
veizlur fyrir börðina.*

★ ÞAR SKEMMTIÐ DÍÐ YKKUR BEZI ★

Egill Benediktsson.

Símar: 3552 og 5573.



BP BENZÍN

MOBIL og CASTROL

smurninguolitur.

Olíuverzlun Íslands h.f.

ALLS KONAR PRENTUN,

stór og smá, einfalt og fjúla.

ÞU ÞÉR DURFIÐ

á prentavinnu að halda, þú
leittir upplýsinga þá okkar
um verð og tilhögun.

PRENTSMIDJAN ODDI H. F.

GRETTISGÖTU 16 SMÍ 2602.



GÓÐA LOFADU ÞEIM AÐ NAMAST
ÞAU GERA ENGAN SKAÐA
GÓLFIB ER LAKKAÐ MEÐ

**Höfnu -
GÓLFILAKKI**



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

REYKJAVÍK

Stíni 1249

Stimnefni: Sláturfélag

LANDSINS
FULLKOMNASTA
ÚRVAL

af alls konar
nýja,
frosnu,
reyktu og
söltuðu
KJÖTI,
nítíðarsuðuvörum,
og áskurði á brauð.

Heilsan er fyrir öllu!

Hafið ávallt hugtætt
að þekna og aðrir
heilsufræðingar telja

**mjólk, skyr og
aðrar mjólkurafurðir**

einhverjar hollustu
fæðuregundir,
sem vill er á.

**Styðjið og eflið
íslenska framleiðslu.**



Þér ætluð ekki
að hugsa þannig.

Brunaþryggt?

Þeir sem skráðast að brunaþryggt
hafa stað, vinna og búa, að bruni
geti aflatast orðið hjá öðrum.



Sjóvátryggðingafélag Íslands

FORD og FORDSON

TRAKTORAR ERU TVÍMÆLALAUSU
DEZTU DRÁTTARVÉLAR, SEM Í H.
LANDSINS HAFNA FLUTUZI

25 ára reynsla hefur á löngu sýnt okkur það.

FORDSON
MAJOR



SVEINN EGILSSON H.F.

Laugaveg 105A.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Austurstræti 5, Reykjavík
Sími 87299.

AUSTURHAJARÚTIBÚ

Hverfisgata 109, Sími 1512.

ÚTIBÚ Á AKUREYRI

Bankinn

önnur öll málend
bankavæðskipti.

Tekur á móti fé

í gjörðum
* og hlauðareikning.

★ Nokkur **GEFMSLUHÖLF** eru þá í boði.

**EGGERT
KRISTJÁNSSON & CO. H.F.**

HÖFUM ÁVALLT

ÞYRFLIGGJANDI

gróðurhúsagler

15 x 60 og 50 x 50 cm stærðum.

RÚÐUGLER

2, 3, 4, 5 og 6 mm

(Öllum venjulegum stærðum.)

**EGGERT
KRISTJÁNSSON & CO. H.F.**

Reykjavík. — Sími 1400.



SEMPERIT { hjólfarðar og slöngur. skófatnaður.

Hættislaggja þekkt af góðum.

UMBOÐSMENN:

G. HELGASON & MELSTED H.F.

Skreiðarframleiðendur!

★ Kaupum og tökum

skreiðfisk í umboðsölu. Framleiðendur
leitið verðulhanda til okkar þótt en þér ráð-
salið líki yðar annars staðar

G. HELGASON & MELSTED H.F.



VERKSMÍÐJA REYKDALS

Tvösmíða- og timburverðun Setbergi
við Hafnarfjörð. — Sími 9205.

TIMBUR

til húsgjöfinga, húði húsa og áreiðslu, þjúpstær,
krösvör og lista til koma.

HURÐIR OG GLUGGAR

búða og eldhúsinneiringer.

TRÉRÖR

fyrir varnarmúr og rásvegur.

VERMIREITAGRINDIR

éðla þyrtinggjörðir málavandli verðir og viðar
eftir þöfnun.

Allir

virkir

dagar

eru

VÍSIS

dagar.

DAGBLADID

VÍSIR

Árið 1910.

BYGGINGAREFNI

Sement, Stæypusyrkinnarpan, Stæypumúlsir, Sementbórk-
efni, Sammur, Þakpappi, Kalk, Vínur til málstétunnar,
Gæðfótar, Lóspyrta, Veggfótar, Lúðufótar, Þentufótar.

Miðstöðvar- og hreinhætistöck, vatnsleiðslur

Miðstöðvarstær og kaffar, Bólfari, Vatnskefli, El-
lungar, Þvottakálar, Pípur og pípufellur og og gyl-
Así skóðipum. Alls konar kranar.

Söluumboð fyrir:

H.f. Steinsteypan,

sem framleiðir alls konar steinsteypuvörur og
viðurplötur til einangrota.

J. Þorláksson & Nórðmann h.f.

Bankastræti 11 — Smárhúsið í/e. hafið — Sími 1280

Leyvörur - Glervörur - Búsáhöld

TÆKIFÆRISGJAFIR


og

SNYRTIVÖRUR

í mestu útgáfu.

VERZLUN

JÓNS ÞÓRÐARSONAR.



Járnsmíði . Trésmíði . Málmsteypa

HESSIAN

*Umboða- og yfirveiddustreigi
og kjótfæð
á milli fyrirliggjandi.*

L. Andersen h.f.

Hafnarhúsin - Sími 3642
REYKJAVÍK

ALLS KONAR

GAÐTÖRKLUNDEPÖR

HÁLMANNAÞRÖK

*Eðlís brú og gær
Tjótir alls konar.*

YINNUPÖT



Verzlun O. Ellingsen h.f.

Stæðni Ellingsen, Reykjavík.

JÓN LOFTSSON H.F.

HIRINGBRAUT 121

REYKJAVÍK

híon 59006, í 1000 líkum

smuneyti: Dúangey.

Við seljum:

GIRÐINGAREFNI

ZINKHÚÐAÐA JÁRNSTAURA

FRÉSTAURA

BYGGINGAVORUR

VIKURPLÖTUR til einangrunar

VIKURHOLSTFÍNA

● *Góð og öruggleg máláfla. Fljót og greidda.*

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

REKINGJAFÍK

Reglugerðirnar rýngar
milli Íslands og helstu viðskipta-
landa varra með upptöku lína-
skreðum skipum.

Vinnur Eimskip með
öllu sin umhúðun
hvarðan sem er
og
hvert sem er.

Í öðru upplýsinga-
um framhaldi-
flutningsgjöld.

Allt með Eimskip.

Vatnsdætur,

hætt og ræðingur af þessum gællum og stærðum jafnan þessigjandi.

Viðgerðir

í landbúnaðarvæðum framkvæmdum af heilbrigðum elvirkjunum.

Varahlutir

í „INTERNATIONAL HARVESTER“ traktor
þyrðingjandi

VÉLSMÍÐJAN HÉDINN H.F.
REYKJAVÍK

GARÐYRKJUVERKEÐRI

Í ÚRVALL.

Verzlunin Brynja

Langveg 28 Sími 9100.

FLÓRA

Austurstræti 8 - Símar: 2039 og 5639.

Vorú yóu

FRÆÐI ÓMI, KRANSA eða
TÆKIFÆRISGJAFIR.

Já komið til okkar.

☛ Þannig sendar um land að þess þessu.

FLÓRA

Austurstræti 8 - Símar: 2039 og 5639.

CATERPILLAR við dagleg störf
er athafnamannsins brýna þörf.



Heildverzlunin Hekla h.f.

Sími 1975 - Reykjavík

Höfum alltaf birgðir

af alla kósur ávundunabúðum
Læknisins í ísfallög. Búum til

Ferðaaþótek

mið skilum fyrirvara, vörð hafi
læra þinnu manni. — — —

INGÓLFS APÓTEK

Klæðaverzlun

Andrésar Andréssonar h.f.

Laugaveg 3 Stn 81250.

Stærsta

stærðverzlun

þingling,

þing

karla- og kvenfatnað.

ALMENNINGUR

tryggir kjd

„ALMENNUM“

*Allar Tryggingar fjárlagar með hæg-
stæmstu lögjöldum*

TRYGGING ER NAUÐSYN



Almennar Tryggingar h.f.

Austursíman 10. — Sími 7700.

Morgunblaðið

PEIR,

sem kaupa Morgunblaðið — verð kr. 20.00 á mánuði, fá á tri lestuð, sem svarar 1000 bókaörkum, en það samsvartar 90 meðalsíðum bóka, og er þó ekki auglýsingarúm blaðsins reiknað með. En þetta lestuð býtur líka fregnir af öllu því heltra, sem gerist innan lands og utan.

Lesbók Morgunblaðsins,

er með setinu og fjölbreyttu tilmálinu landsins, — allt þetta fyrir kr. 20.00 á mánuði.

Morgunblaðið

er helmingi útbreiddara en nokkurt annað íslenskt dagblað, og þar af leiðandi lang öflugasta auglýsingarækið, sem vól er á.

SKIDDI OG REGNFATNAÐUR.

GÓMAGISTIDVÉL.

VINNUFATNAÐUR, alla koma.

VINNUVETTILINGAR, alla koma.

MÁLNINGARFÖRUR, alla koma.

CARBYRKJUFERKARI.

TRJAKLIFFUR.

★ Saman þegar þóttkrödu.

VERÐANDI, reiðaríðarættir

Stær: 1780 og 1985. Hótelstær.

Verið stundað um að efla innviðs þróun.

Kaupid HREINS:

Sépur, Skólabúð, Gólfabúð,

Þvottadúft og Fagilög.

H.F. HREINN er elsti og stærsti hreinlætisvektandi
Hreins og HREINS VÖRUR, stærst, alla smíðar.

H.F. HREINN

Barónsstíg 2, Sími 1444 og 4725.



ÞVOTTAVÉLAR

Éf þér viljið eignast

Bestu og Traustustu Heimilistækin,
sem vilið er á þér á búið, þá koma þú BTH-heimilistæki. Hagkvæmir greiðsluskilmálar. Varahlutur stuð fyrirliggjandi. Leiðarvísir á önnurka fylgt hverri vél.

BTH-STRAUVÉL,


sem er selt í samband við þoturvélin, er tilvalin fyrir í henni sem eignar átti að hafa BTH þvottavél. — Ásmundellin hefur 1220 y. rúmmál, sjálfvirkum hringdri og 36 sm. þrúgum vél.

Árðæturðstíðingur á önnurka þvottavél

The British Thomson-Houston Export Co. Ltd.

RAFTÆKJASALAN

Vesurþvottavél
Skr. 1526





Bextu
og fallegustu
vinnuföt fyrir
hvern komur útistörf
framleiðir

VINNREKATAGURD ÍSLANDS 74
REKJALVÍÐ



SÆLGÆTTISGERÐIN

VÍKINGUR

Fannafly 41

REYKJAVÍK

Þóthólf 216.

Símar:

4928-84440000

4414-311000 skrifstofa og vefsíða

Framleiðir hinar viðurkennda

VÍKINGSÖÐUR:

Kauka: Föðjum og þóttum.

SVANAÖÐUR: Svana.

Árskráðir: Þóttum, Svana, Svana.

þóttum, Svana, Svana.

þóttum, Svana.

Þóttum, Svana, Svana.